


# ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS  
2008-2009



## Kærð félagar!

Hér er komið enn eitt ársrit Ísalp, hið nítjánda í röðinni. Glöggi lesendur hafa ugglauast veitt því eftirtekt að rit þetta er tileinkað árunum 2008 og 2009 en ársrit 2007 kom út í fyrra haust. Ekki ber að skilja það sem svo að ritid fjalli um tvö ár samfleyst. Núverandi ritnefnd hefur einfaldlega viðurkennt það fyrir sjálfrí sér að haustið er eini tíminn sem kemur til greina til ritstarfa. Ógerningur reyndist að fá menn til að setjast að störfum á veturna þegar fossarnir frusu og snjórinn þakti hlíðar. Enn síður nenntu menn að sitja innvið á björtum sumarkvöldum og hvað þá á vorin þegar klettarnir þornuðu loksins. Nei, haustið með sinni rigningu, roki og tilheyrandi skammdegi er eini vitraði tíminn.

Rit þetta spannar því frá miðju ári 2008 og fram á haust 2009. Fari svo að ritnefnd gyrdi sig brók að ári og komi þá út ársriti á haustmánuðum má gera ráð fyrir því að það verði ársrit 2010. Spyrum að leikslokum.

Hvað sem því líður er ánægjulegt að segja frá því að ársritið sem þú heldur á, lesandi góður, er það veglegasta sem Ísalp hefur gefið út hingað til. Ljóst er að margur áhugasamur penninn leynist í röðum klúbbsfélaga, sem og fjöldi liðtækra ljósmyndara. Greinum og myndum hefur hreinlega rígt yfir ritnefnd í haust sem er einkar ánægjuleg þróun. En það er ekki eingöngu innsett efni sem prýðir síður ársritsins í ár heldur er þar einnig að finna efni sem ritnefnd hefur lagt til. Má þar nefna leiðarvísa að Valshamri og Eilifsdal sem óhætt er að fullyrða að beðið hefur verið eftir árum saman.

Við í ritnefnd óskum fjallmönnum og –konum velfarnaðar og góðrar skemmtunar á komandi vetri og hvetjum fólk jafnframtil til að hafa ársritið hugfast þegar ævintýrin gerast.

Fh. Ritnefndar  
Skarphéðinn Halldórsson

## RITNEFND

Skarphéðinn Halldórsson, ábmm skabbi@gmail.com	864-5834
Sigurður Tómas Þórisson hraundrangi@gmail.com	860-7467
Björgvin Hilmarsson bjorgvin@retro.is	899-8240
Ágúst Þór Gunnlaugsson agustth@gmail.com	695-3310
Guðmundur Freyr Jónsson Ásbjörn Pétursson	
Ritnefnd áskilur sér rétt til að breyta og stytta greinar sem sendar eru til bítingar í ársriti Ísalp.	

Umbrot  
- Símnir H Einarsson  
- Karl Emil Guðmundsson

Prentun  
- Prentmet

Forsíðumynd  
Stjórnubjart kvöld í grunnbúðum Shivling.  
- Berglind Adalsteinsdóttir

## STJÓRN ÍSALP 2009

Freyr Ingi Björnsson freyr_ingi@hotmail.com	Formaður 868-8203
Skarphéðinn Halldórsson skabbi@gmail.com	Ritari 864-5834
Björk Hauksdóttir bjorkh@gmail.com	Gjaldkeri 822-8913
Björgvin Hilmarsson bjorgvin@retro.is	899-8240
Bragi Freyr Gunnarsson bragifreyr@gmail.com	896-7979
Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir sveinborg@hotmail.com	695-7581
Valgeir Ægir Ingólfsson valgeiri@gmail.com	865-2490

Útgefandi:  
Íslenski alþaklúbburinn  
Súðarvogi 1G, 104 Reykjavík  
(Þósthólf 1054, 121 Reykjavík)

## Efnisyfirlit

Starfsemi Ísalp 2008-2009	4
- Starfsemi klúbbins í máli og myndum	
Íslenskur leiðangur á Shivling	8
- Arnar Emils segir frá	
Klassískar ísklifurleiðir	18
- Tíu leiðir sem skara framur	
Háfjallaveiki	26
- Hvernig er best að undirbúa ferð í þynnra loft?	
Vestfjarðavíkingurinn	30
- Af Ísfestivali klúbbins 2009 í Arnarfirði	
Ósköp venjuleg sumarhelgi	34
- Þrjár hnáttur klæðalitlar á skíðum í júní	
Endurgerð Tindfjallaskála	36
- Kristján Guðni fjallar um framkvæmdina	
Lake District	42
- Halli Guðmunds fjallar um öldrykkju og klifur	
Svarti turninn	48
- Sissi fjallar um tilurð spútníkleiðar 2009	
Litblindi plastklifrarinn	50
- Það er ekki heiglum hent að ramma á réttan turn	
Mixklifur í Tívoluragili	52
- Andri segir frá endurfaðingu mix-klifursins	
Trailer trash	55
- Listin að búa í húsbil á Íslandi	
Frosnar flúðir og fallandi fossar	58
- Hvenær er rétti timinn?	
Kyajo Ri	60
- Berglind segir frá leiðangri í alpastíl	
Ópið WI6	66
- Prekvíki frá síðasta vetrí tiundað	
Skiðafelagið Mjálmur	70
- Af unaðslegum brekkum Tröllaskaga	
Danger de Mort	72
- Franska 101 fyrir ísklifrara	
Eilifsdalur	78
- Leiðarvisir um ísklifur í Eilifsdal í Esju	
Kerlingareldur	82
- Leiðarvisir um klifur í Kerlingu í Svarfaðardal	
Hraundrangi	86
- Leiðarvisir um frægustu spiru landsins	
Valshamar	88
- Leiðarvisir um klettaklifur í Eilifsdal	
Annáll	92
- Merkustu viðburðir í íslenskri fjallmennsku á líðnu ári.	



GARMIN DAKINE PACIFIC OUTDOOR SCARPA JETBOIL SMITH Teva Black Diamond

Kiddi Klikk að þrykkjunegla Möskarðshnjuka

SÍMI: 517 8088 | [WWW.CINTAMANI.IS](http://WWW.CINTAMANI.IS)



Guðmundur Tómasson

Starfsemi klúbbsins hefur verið fjölbreytt síðastliðið ár eins og árin á undan. Margvíslegir viðburðir hafa verið á dagskrá og jafnan vel söttir. Margt af því sem ber á góma þegar farið er yfir starfsemi Ísalp síðastliðið ár eru fastir liðir sem verið hafa árlegir viðburðir í áratug eða lengur. Aðrir viðburðir eru nyir af nálinni og eiga vonandi eftir að festa sig í sessi.

Við hefjum yfirferðina þar sem frá var horfið í síðasta ársriti, vorið 2008. **Helgina 19.-20. júlí var efnt til Hnappavallamaráþons** í samstarfi við Klifurfélag Reykjavíkur. Stórum hópi klifrara var stefnt á Hnappavelli með það að markmiði að klifra allar boltaðar leiðir á svæðinu á einni helgi. Að lokum fór svo að 91 af 93 skráðum leiðum voru klifraðar í brakandi sól og bliðu um helgina.

Vetradskráin 2008-2009 var formlega sett með kynningarkvöldi á klúbbnum um miðjan september. Þar var og glænýtt ársrit reifað. Mæting var þokkaleg, gamlir félagar á höttunum eftir ársritinu í bland við unga og áhugasama um starfsemi klúbbsins.

Í lok september var haldinn búnaðarbasar í samstarfi við FBSR. Töluverður fjöldi Ísalpara og flubba mætti á svæðið til þess að koma gömlum græjum í verð eða til að gera reyfarakaup. Þegar allir höfðu verslað nægju sína var sett upp myndasýning þar sem Atli Pálsson og Águst Þór Gunnlaugsson sýndu myndir úr ferð þeirra í frónsku alpana þá um sumarið.

Hátt í 20 manns börðu úr sér mesta íshrollinn í ísklifurferð í Sólheimajökul sem farin var um miðjan október.

Í byrjun nóvember var auglýst ferð á vegum Ísalp á fjöllin Skyrtunnu og Hest á Snæfellsnesi. Sjö manns svoruðu kallinu en beygðu af leið á síðustu stundu og skundiðu upp á Heiðarhorn á Skarðsheiði í staðinn.

Fyrsta preppkvöld Utanbrautarbandalagssins var haldið fyrsta miðvikudag nóvembermánaðar. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi slegið í gegn, húsfullir var í Skitnuvognum og voru óteljandi skilfi og bretti strokin, brýnd, þrafn og vörnuð undir handleiðslu Kidda Magg og Sveinborgar. Vonandi er þetta visir af árvissum viðbundi.



Friður hópur klár í slaginn. Aðventuklifur klúbbsins, desember 2008.

© Freyr Ingi Björnsson

Eftir snarpar rimmur á vef Ísalp var blásið til umræðufundar um tíu klassískar ísklifurleiðir þann 3. desember. Á annan tug gamalreyndra ísklifrara mætti á fundinn til að ræða þetta brýna málefni ofaní kjölinn. Afrakstur þeirrar vinnu má sjá aftar í blaðinu.

Sú hefð hefur skapast undanfarin ár að halda jólaklifur og -skiðun á aðventunni. Þann 14. desember fóru þessir viðburðir fram og var fylgt eftir með hressilegu jólaglöggi um kvöldið. Ríflega 10 manns fylltu hvorn hóp. Héldu klifrarar í Múlafjall en skiðarar í Skarðsheiði. Var það mál manna að aðstæður til hvors tveggja hafi verið prýðilegar.

Aðalfundur Ísalp var haldinn 5. febrúar eins og lög gera ráð fyrir. Gagnstætt átakafundi árið áður var fundurinn afar fámennur. Farið var yfir starfsemi klúbbsins, fjárhaginn og verkefnin framundan. Í lok fundar gengu þeir Atli Jósefsson og Smári Stefánsson úr stjórn. Þeirra sæti tóku þeir Björgvin Hilmarsson og Valgeir Ægir Ingólfsson.

Ísklifurfestival var haldinn á Bíldudal í Arnarfirði helgina 13.-15. febrúar. Rúmlega 30 klifrarar

mættu á svæðið og settu upp fjölmargar nýjar leiðir, sumar hverjar einkar glæsilegar. Nánar er fjallað um ísklifurfestivalið í grein aftar í blaðinu.

Miðvikudaginn 11. mars var haldinn umræðufundur um slys á fjöllum. Húsþyllir var í Skútuvoginum þegar þetta mikilvæga málefni var rætt. Fjölmargir stigu á stokk og lýstu eigin reynslu af slysum og snjóflóðum. Í kjölfar fundarins var ákvæðið að gera átak í skráningu slysa og óhappa til fjalla.

Telemarkfestival var að vanda haldið í hlíðum Hlíðarfjalls helgina 13.-15. mars. Fjölmargir áhugamenn um Þelamerkur sveifluna mættu á svæðið, tóku þátt í keppnisgreinum og slettu úr klafunum. Þó að telemarkarar séu orðnir sjaldséðari í brekkum skiðasvæðanna hefur ekkert dregið úr vinsældum telemarkfestivalssins.

Banff fjallamyndahátiðin var flutt til landsins 19.- 20. maí, þrátt fyrir kreppuna. Í sparnaðarskyni var sýningin flutt úr Háskólabíói í sal FÍ. Létu sýningargestir sér það vel líka. Íslensk skiðamýnd var sýnd samhlíða erlendu myndunum og vinningshafar í ljósmyndakeppni Ísalp voru



Digitized by srujanika@gmail.com

Tilly's stemwilling i Årets Skifestival i Kungsbyn, mars 2008.

Europa und die anderen Teile der Welt führen eine ähnliche Entwicklung. In Europa ist die Entwicklung der sozialen Sicherungssysteme im Laufe des 20. Jahrhunderts erheblich fortgeschritten. Die sozialen Sicherungssysteme haben sich von den ursprünglichen Arbeiterschutzmaßnahmen zu umfassenden Systemen ausgebaut, die nicht nur die Arbeitnehmer, sondern auch andere Bevölkerungsgruppen abdecken. Die sozialen Sicherungssysteme sind dabei eng mit dem sozialen Wohnungsbau, der Bildung und dem Gesundheitswesen verknüpft. Die sozialen Sicherungssysteme sind dabei eng mit dem sozialen Wohnungsbau, der Bildung und dem Gesundheitswesen verknüpft. Die sozialen Sicherungssysteme sind dabei eng mit dem sozialen Wohnungsbau, der Bildung und dem Gesundheitswesen verknüpft.

at such fees seem Ellis' Incomes of Upperclass Society  
is quite unusual.

Иудаистки пътешествия съзаприети са на  
път мъжесъщини и скръстногини били  
16. И ние Абат е съзидан пътят върху бъдещ  
гигиенесън вълните на труда. Скремът е във  
пътът към съзидане на здрави и съществуващи  
пътища за всички нации върху бъдещо об  
единствене на земята от съзидане на земята  
пътища, съзидане на земята от съзидане на земята  
и пътища на земята от съзидане на земята.

Dagbui effie, pauu I. J. ini ai dat Statdts-dagbuiu  
pashiuu pashigebur. Hatt i tii manus itin aig i  
Statdts pashu luiti leiguidas vebergi. Enda tol  
sao da pashiuu oquandast illohtegs effit da tontong  
johlets go kagt meuu i t. Iti amphiabuun leayt jittu set i  
pashiuu statdtskili.



# UTANBRAUTARBANDALAGIÐ

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir

Stór hópur fólks, bæði innan og utan ÍSALP, stundar þá íþrótt að renna sér utan hefðbundinna skíðaleiða, hvort sem er á skíðum eða snjóbretti. Margir leggja á sig langa göngu og klifur til að finna hina fullkomnu, ósnortnu skíðabrekku.

Það hefur ekki farið mikið fyrir þessum hópi á vettvangi Ísalp. Það var því á haustdögum 2008 sem þrír óþreyjufullir skíðamenn hittust í húsakynnum Alpaklúbbsins með einn tilgang í huga: að blása lífi í hugmynd sem fæðst hafði veturinn áður. Hugmynd sem búið var velta fram og aftur á langkeyrslum í leit að þúðri, í stórlalyftuspjalli og á leið upp ísaðar en óskiðaðar brekkur. Hugmyndin var sú að stofna bandalag innan Ísalp, Utanbrautarbandalag.

Margt var skeggrætt á þessum fyrsta fundi Utanbrautarbandalagsins. Margar spurningar komu upp sem sumum hverjum hefur enn ekki verið svarað. Hvað á Utanbrautarbandalag að gera? Því er enn ekki svarað en ljóst er að preppkvöld er komið á dagskrá annað árið í röð og hlýtur því að teljast hefð. Á preppkvöld mætir fólk með rennslisgræjurnar sínar og gerir þær tilbúnar fyrir harðan skíðavetur. Kantar eru brýndir, fyllt er upp í göt og botnar vaxaðir.

Sumir nýta tækifærið og skera til skinn og enn aðrir mæta til að kynna sér græjurnar sem nauðsynlegar eru til þess að iðka sportið. Annar dagskráriður sem hefur skapað sér fastan sess er jólaskíðun sem fram fer samhliða jólaklifrinu á aðventunni.


Hugmyndir að eftirvinnuskíðun, vorfjalla-skíðahelgi, merki bandalagsins, skráningu skíðaleiða og sérhaefðu snjóflóðanámskeiði hafa komið fram en hafa ekki verið fastsettar.

Utanbrautarbandalagið er í mótu og nauðsynlegt að sem flestir komi að því. Umfram allt er Utanbrautarbandalaginu ætlað að auðvelda fjallaskíðafólk i að deila reynslu sinni með öðrum, finna sér nýja skíðafélaga og auka veg fjallaskíðamennsku innan sem utan Ísalp. Ekki er líklegt að í bráð þurfi að berjast um þúðurlínurnar á Íslandi og því er að sjálfsögðu tekið fagnandi að fleiri bætist í sportið.

# Boot Camp

KOMDU ÞÉR Í BESTA FORM LÍFS ÞÍNS!

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á  
[WWW.BOOTCAMP.IS](http://WWW.BOOTCAMP.IS)



# ÍSLENSKUR LEIÐANGUR Á SHIVLING

Arnar Þór Emilsson

Berglind Aðalsteinsdóttir

I október 2008 fóru þau Arnar Þór Emilsson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Kári Erlingsson, Eiríkur Geir og Gunnar Sverrir Ragnars til Indlands til að freista þess að klifa fjallið Shivling (6543m). Hópurinn fækki leiðangursstyrk ÍSALP og Cintamani.

## Shivling

Það má segja að hugmyndin hafi kvíknað þegar við Berglind fórum í leiðangur til Indlands vorið 2007 og klifruðum 5700m hátt fjall í Sikkim. Raja, indverskur vinur okkar sagði okkur að Alpaklúbburinn í Kolkata væri að stefna á að klifra Shivling komandi sumar. Það vakti strax athygli okkar því í okkar huga var Shivling einungis á færi ofurklifrara. Eftir að hafa kynnt okkur fjallið og aðstæður betur vorum við sannfærð um að við ættum fullt erindi á fjallið og fórum fljótlega að smala saman góðum hópi til að takast á við verkefnið.

Shivling var fyrst klifið árið 1974 af indverskum leiðangri eftir vesturhrygg fjallsins. Það er sú leið sem við völdum og oftast hefur verið klifin. Eftir að fjallið var fyrst klifið hafa að minnsta kosti tíu aðrar leiðir verið farnar á fjallið. Þær teljast allar mjög erfiðar og hefur hver þeirra aðeins verið farin einu sinni eða tvívar. Doug Scott var fyrstur til að fara austurhrygg Shivling árið 1981, Sir Chris

Bonington fór fyrstur á vesturtind fjallsins árið 1983. Reinhold Messner fór vesturhrygginn árið 1994. Árið 2000 fóru hetjurnar Thomas Huber og Iwan Wolf beint upp norðurhlíð Shivling og fengu fyrir vikið aðstu verðlaun fjallamanna, gullnu ísexina, Piolet d'Or. Já, Shivling hefur dregið að sér margar stjörnurnar og nú var komið að okkur!

Við tók langt ferli pappírsvinnu til að fá tilskilin leyfi. Raja var okkur ómetanleg hjálp í þeim efnum. Allt hafðist þetta á endanum og fyrr en varði stigum við út af flugvellinum í Delhi og Eiríkur var búinn að tapa 20 dollarum í töskuburðarmenn!

**Við fylgdumst með af aðráun þegar þessir ofurmenn skelltu 40-50kg á bakið og þrómuðu af stað í sandölunum sínum**

Næstu tveir dagar fóru í að ganga frá pappírum og fara á fund hjá IMF, Indian Mountaineering Foundation. Þessi fundur var lífsreynsla út af fyrir sig. Forstjóri IMF tók á móti okkur með langan spurningalista. Hann fullvissaði sig um að við værum ekki með GPS-tæki, talstöðvar eða gervihnattasíma. Þessi sjálfsagði öryggisbúnaður er einhverra hluta vegna á bannlista hjá þeim. Við settum upp sakleysissvip og neituðum öllu saman en vorum að sjálfsögðu með þetta allt saman. Þarna

hittum við líka eftirlitsmanninn, Mr. Kumar, sem átti að fylgja okkur allan tímann. Hans hlutverk var að fylgjast með leiðangrinum, ganga úr skugga um að við færum á fjallið sem við borguðum fyrir og færum rétta leið á fjallið. Hann átti líka að greiða leið okkar inn í þjóðgarðinn. Reynsla okkar varð reyndar sú að hann flækti aðallega málin.

### Haldið til fjalla

Við vorum fegin að komast loks af stað til fjalla. Við tók þriggja daga akstur til þorpsins Gangotri þaðan sem gangan skyldi hefjast. Fyrstu klukkutímana sáum við stjörf og fylgdumst með bílstjóranum okkar hamast á flautunni og smeygja sér á milli bíla, trukka, gangandi fólks og búfenaðar. Þetta vandist á endanum og við fórum smátt og smátt að slaka á. Við skemmtum okkur við að fylgjast með Mr. Kumar sem léti mikið fyrir sér fara á leiðinni, en þegar hann sagðist ætla með okkur á toppinn var okkur ekki skemmt! Hann hafði ekki minnstu fjallareynslu en var sannfærður um að við gætum kennt honum eitt og annað svo hann gæti komið með. Okkur félust hendur. Kári ætlaði að gera


honum grein fyrir því að hann hefði ekkert upp í hlíðar Shivling að gera. Við náðum að róa Kára og var ákveðið að biða með að tala við Mr. Kumar í von um að hann myndi sjálfur ná áttum.

Þegar við vorum komin til hins heilaga þorps Gangotri í 3000m hæð voru allir orðnir spenntir fyrir því að hefja gönguna. Það var gott að vera komin í ferskt og svalt fjallaloftslag og vera laus við umferðina og mannmergðina. Raja sá um að ráða burðarmenn til að bera dótið okkar upp í grunnbúðir og versla það sem uppá vantaði af mat. Ekki fengust eins margir burðarmenn og við höfðum reiknað með en það þyddi bara meira að bera fyrir hina, sem voru sáttir við að þéna meira. Við fylgdumst með af aðdáun þegar þessir ofurmenn skelltu 40-50kg á bakið og þrómuðu af stað í sandölunum sínum.

Við gengum eftir pílagrímaslóðum inn hinn fallega Gangotri dal, meðfram heilögum ánni Ganges. Við gistum næstu nött í 3800m hæð við upptök árinnar. Þegar hér var komið sögu vorum við öll farin að finna fyrir hæðinni - sum okkar með vægan höfuðverk enda búin að hækka okkur mikið á skömmum tíma. Við sváfum þó vel og

Snjóflöð fellur fram af ísveggnum þar sem við stöndum á öruggum stað í fyrstu búðum.

© Kári Erlingsson





Berglind og Gunnar vaða djúpan snjó á leið upp í aðrar búðir.

vorum við góða heilsu næsta morgun. Vitandi að við myndum sjá fjallið okkar í fyrsta skipti þennan dag voru allir ólmir í að komast af stað. Eftir klukkutíma göngu birtist Shivling. Við störðum á fjallið í góða stund - tignarlegra fjall höfðum við aldrei séð! Um miðjan dag komum við upp á Tapovan sléttuna þar sem við reistum grunnbúðir í 4400m hæð. Þetta var fullkominn staður fyrir grunnbúðir, í grónu umhverfi þar sem fjöllin gnæfðu yfir okkur.

Parna kvöldum við burðarmennina og þeir héldu sína leið. Eftir voru tveir aðstoðarsherpar,

Mr. Kumar, kokkurinn og við fimmmenningarnir sem ætluðum á toppinn ásamt Raja og tveimur klifursherþum. Fyrsta kvöldið í grunnbúðum fór að snjóa og við tókum því rólega í tjöldunum okkar, lásum bækur og tókum í spil. Næstu dagar fóru í hvíld og að ferja dót upp í fyrstu búðir. Það kom okkur á óvart hvað leiðin upp í fyrstu búðir var opin fyrir snjóflóðum og gengum við yfir gömul flóð oftar en einu sinni. Á leiðinni upp í fyrstu búðir sáum við í fyrsta skipti ísvegginn sem er í 6100m hæð og er erfiðasti hluti leiðarinnar. Það var erfitt að átta sig á honum úr þessari fjarlægð en ísveggurinn er í raun jökull sem skríður fram og breytist ár frá ári. Það fór eins og okkur grunaði, Mr. Kumar leist ekkert á framhaldið og sneri við eftir tveggja daga hvíld í gunnrbúðum. Við söknuðum hans á vissan hátt en nú þurftum við ekki lengur að laumast til að tala í gervihnattasímann.

### Klifrið

Eftir nokkra aðlögun sögðum við skilið við þægindi grunnnbúða og komum okkur fyrir í fyrstu búðum á vesturhrygg Shivling í 5100m hæð. Þegar þangað var komið sáum við að refur hafði komist í matinn okkar og var búinn að borða megnið af núðlunum. Af þeim sökum var heldur einhæft mataráði



Snemma morguns í öðrum búðum.



© Arnar Þór Emilsson

Berglind á leið upp í þriðju búðir. Glittir í aðrar búðir fyrir langt fyrir neðan á hryggnum.

næstu daga en uppistaðan í því voru hrísgrjón. Það var mikill snjór á fjallinu og tafði það vinnu sherpanna við að opna leið og fixa línur upp í aðrar búðir. Við dvöldum two daga í fyrstu búðum og vorum orðin vel hæðaraðlöguð en snjókoma gerði okkur lífið leitt. Við sáum stórt snjóflóð koma fram af ísveggnum og steypast niður NV-hlíð fjallsins. Þetta var tilkomumikil sjón þar sem við stóðum á öruggum stað á hryggnum en fékk mann óneitanlega til að hugsa hvernig framhaldið yrði

komast upp. Við vorum líka með nokkuð þunga bakpoka sem gerðu okkur erfitt fyrir. Þegar við vorum komin upp fyrir haftið hélt veðrið áfram að versna með snjókomu og roki. Það styttist þó í búðirnar og við ákváðum að halda áfram. Framundan var brött snjóbrekka sem leiddi okkur upp á klettahyrgg þar sem ætlunin var að reisa aðrar búðir í 5400m hæð. Þegar við áttum um 100m eftir töku klifursherparnir á móti okkur. Þeir töku hluta af dótinu okkar og léttu verulega á okkur. Þegar við komum á staðinn fórum við strax að vinna í að koma tjöldunum fyrir en plássið var ekki mikið. Mikið var gott að skriða inn í tjald og fá sér heita súpu eftir daginn!

Næsti dagur var hvíldardagur hjá okkur en Raja og klifursherparnir fóru upp í þriðju búðir og kláruðu að fixa línur þangað. Leiðin upp í þriðju búðir er nokkuð brött og liggur yfir mörg klettahaft á leiðinni. Daginn eftir héldu Eiki, Kári og Gunni af stað upp í þriðju búðir en við Berglind ákváðum að bíða þar sem ég var slæmur í maganum og ekki í toppformi. Gunni þurfti svo fljótegla að snúa við þar sem gömul hnémeiðsli töku sig upp og hann gat ekki beitt sér í brattanum. Við fylgdumst með Eika og Kára klífa hrygginn en þeim miðaði hægt með þunga poka á bakinu. Veðrið var orðið gott og við vorum bjartsýn á að aðstæður væru að

## Við fylgdumst með Eika og Kára klífa hrygginn en þeim miðaði hægt með þunga poka á bakinu

þegar við værum komin upp ísvegginn.

Oftast vöknudum við í sól en svo byrjaði að snjóa upp úr hádegi. Þannig var það líka daginn sem við pökkuðum dótinu okkar saman og héldum af stað upp í aðrar búðir. Þetta var fallegur morgunn en við fórum hægt yfir í djúpum snjónum. Þegar við nálguðumst fyrsta klettahaftið var farið að blása og þykna upp. Þetta klettahaft leit ekki út fyrir að vera merkilegt, hvorki hátt né lóðrétt. Mót vindurinn og hæðin gerðu það hinsvegar að verkum að við þurftum að hafa okkur öll við til að

Arnar í bröttu klettahafti  
á leið í þriðju búðir



snúast okkur í hag. Á þriðja degi vöknudum við Berglind snemma og klifruðum upp í þriðju búðir á góðum tíma. Þetta var skemmtilegt en nokkuð krefjandi klifur í hrikalegu umhverfi enda veðrið gott og útsýnið frábært. Sherparnir höfðu fixað linur nánast samfellt milli annarra og þriðju búða. Á bröttstu köflunum voru klifurlínur en þess á milli einhvers konar Ellingsson nælonkaðall. Það var líka nokkuð um eldri linur frá fyrri leiðöngrum á fjallinu og eins gott að velja þá réttu til að klippa í. Við júmmuðum okkur upp bröttstu kletthöftin enda sum þeirra lóðrétt og tæknilega erfíð. Þegar við vorum hálfnuð féll snjóflóð sunnan megin við hrygginn.

Þegar við komum upp í þriðju búðir vorum við ennþá staðráðin í að ná toppnum daginn eftir. Fljótlega kom þó í ljós að ýmislegt var farið að snúast okkur í óhag. Sherpunum hafði enn ekki tekist að klifra ísvegginn þratt fyrir að hafa unnið í honum undanfarna two daga. Yfirsherpinn okkar, Thendup, hafði klifið Shivling tvisvar áður en aldrei séð vegginn svona brattann enda var hann yfirhangandi á köflum. Þetta voru mikil vonbrigði og greinilegt að veggurinn var búinn að breyta sér mikið frá því árinu áður. Kári og Eiki höfðu verið að kanna aðstæður undir ísvegnum á meðan við vorum á leið upp í þriðju búðir. Þegar þeir



© Arnar Þór Emilsson

Eiríkur og Kári á niðurleid

komu til baka fréttum við að það hefði hrunið úr veggnum daginn áður og sýndu þeir okkur ísstykkí 20m frá töldunum. Að auki höfðu þeir orðið varir við snjóflóð fram af ísvegnum bæði daginn sem þeir voru á leið upp í þriðju búðir og nöttina á eftir.


Við héldum fund í 6030m hæð. Veður hafði verið óhagstætt og snjóalög voru vafasöm. Snjóflóð höfðu ítrekað fallið fram af ísvegnum og við ekki einu sinni búin að klifra vegginn. Niðurstaða okkar var því sú að ekki væri öruggt að halda áfram. Ekki hjálpaði til að matarbirgðir voru orðnar litlar, við hugsuðum Himalaya-refnum þegjandi þörfina.

Þriðju búðir eru á snjóhrygg og mjög opnar



© Kari Erlingsson

Eiríkur að nálgast ísvegginn, þriðju búðir fyrir neðan



Arnar fyrir utan tjaldið í þriðju búðum

fyrir veðri og vindum. Við höfðum ákveðið að sofa öll fjögur í North Face VE-25 tjaldi strákanna til þess að léttu pokana Tjaldið stóð á miðjum hryggnum og snarbrattar hliðar beggja vegna. Um nöttina gerði brjálað veður og sváfum við ekkert fyrir látum í vindinum. Engum datt í hug að fara út úr tjaldinu til að kasta af sér vatni og var fortjaldið notað til þess. Veðrið lamdi á okkur fram undir hádegi. Það var greinilegt að okkur var ekki ætlað að klifra Shivling í þessari ferð.

Um leið og vindinn lægði byrjuðum við að pakka saman og gera okkur klár til að fara niður. Sherparnir pökkuðu líka saman og við fikruðum okkur niður á leið. Fljótlega eftir að við vorum lögð af stað niður byrjaði að þykkna upp á ný. Nú varð að hafa hraðar hendur því ekki vildum við vera utan í hryggnum ef það færi aftur að hvessa. Við drifum okkur eins og við gátum en þurftum að

vanda hvert skref, sérstaklega á meðan við vorum að færa okkur á milli lína og fara yfir hnúta eða línuflækjur. Það byrjaði að snjóa eina ferðina enn og skyggnið var lélegt en sem betur fer hvessti ekki eins og nöttina áður. Við gistum í öðrum búðum og héldum áfram daginn eftir niður í grunnbúðir þar sem tekið var vel á móti okkur.

Ekkert okkar hafði áður eytt eins miklum tíma og orku í eitt fjall. Bara það að dvelja svona lengi á einu fjalli krefst ákveðinnar einbeitingar og þolinmæði. Vonbrigðin voru náttúrulega mjög mikil þegar ljóst var að við þyrftum að snúa við. Við reyndum að telja okkur trú um að það væri ferðalagið en ekki áfangastaðurinn sem skipti máli! Eitthvað er nú samt til í því þar sem þessi ferð verður ógleymanleg og við eיגum eftir að búa lengi að reynslunni.

Shivling bíður ennþá eftir því að Íslendingur standi á toppnum.

*Við viljum þakka Cintamani og ÍSALP fyrir það frábæra framtak að veita styrk til fjallaferða og reyndist Cintamani fatnaðurinn vel við þessar aðstæður. Einnig þökkum við Björgunarsveitinni Sílum fyrir góðan stuðning, bæði fjárhagslegan og með láni á útbúnaði. Við þökkum Póstinum, Intrum og Vifilfelli fyrir veitta styrki. Útlif og Lyfjaver veittu líka afslátt af vörum.*

— ■ —



Hopurinn í grunnbúðum. Fra vinstri: Thendup og Tashee klifursherpar, Kári Gunnar, Peniba aðstoðarsherpa, Raja, Indra okkur, Kirán aðstoðarsherpa, Eirikur, Arnar og Berglind.



ISLENSK HÖNNUN



**37°**

**BJÖRG**

EINSTAKLEGA LÉTTUR 3 JA LAGA DÖMUJAKKI MEÐ  
VATNSHELDUM RENNILÁSUM. EFNID ER JAPÖNSK  
ICEGUARD® SKEL SEM HEFUR 20.000 MM.  
VATNSHELDNI OG 18.000 GR/M<sup>2</sup>/24HRS. ÖNDUN.  
STERKUR JAKKI SEM AUÐVELT ER AÐ HREYFA SIG  
Í, FYRIR ALLAR TEGUNDIR ÚTIVISTAR OG VIÐ ÖLL  
VEÐURSKILYRÐI.

VERÐ: 39.990 KR.  
STÆRDÍR: XS-3XL.  
LITIR: RAUÐUR, ORANGE, SVARTUR.




SPJARAÐU ÞIG

[WWW.CINTAMANI.IS](http://WWW.CINTAMANI.IS)

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3  
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLAN 2. HÆÐ  
103 REYKJAVIK, S. 533 3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11  
101 REYKJAVIK, S. 517 8088



1. Skarphéðinn H. reynir inngöngu í Ölympiska félögð (M7) í Tvíburagili  
2. Mariáne van der Steen í Túristaleiðinni (WI4) í Austurárdal  
3. Róbert mixar Himinn og haf (M8) í Tvíburagili

4. Róbert Halldórsson í Fjandafælu (WI5) í Hvestudal í Arnarfirði  
5. Róbert fjarkar sig upp Himin og haf (M8) í Tvíburagili  
6. Óðinn Jónsson í Helvitíss fokkings fokk (M4) í Tvíburagili  
7. Davíð Jón Ogmundsson í Tvíburagili

# KLASSÍSKAR ÍSKLIFURLEIÐIR

Ritnefnd, Páll Sveinsson og Ívar Finnbogason

Grafarfoss í nokkrum litbrigðum. Orginallinn lengst til hægri. Direktinn vinstra megin við miðja mynd og nokkur léttari afbrigði lengra til vinstrí

© Páll Sveinsson

Haustið 2008 spannst upp mikil umræða um klassískar ísklifurleiðir á vef Ísalp. Voru eins og gefur að skilja skiptar skoðanir á hvað það væri sem gerði leið „klassísk“. Meðal eiginleika sem slik leið átti að uppfylla var að vera vinsæl, vera hluti af sögu íslenskrar fjallamennsku, vera leið sem þykir merkilegt að fara, vera formfögur, o.fl.

Fjölda leiða bar á góma í þeiri rökræðu og var því ákvæðið að efna til fundar um málid, ræða það mál ofan í kjölinn og komast að samkomulagi um tíu ísleiðir, sem sátt væri um að kalla „klassískar“. Eftir heitar og á köflum tilfinningarárkar umræður náðist viðkvæm sátt um þær tíu ísklifurleiðir sem kalla má klassískar í íslenskri klifursögu. Eins og gefur að skilja reyndist ógerningur að finna tíu leiðir sem uppfylla öll skilyrðin hér að ofan. Allar hafa þessar leiðir þó eithvað til síns ágætis umfram flestar aðrar leiðir á landinu. Upplýsingar um þessar leiðir eru tíundaðar hér að neðan.

## Bilið í Eilífsdal - WI5

Überklassík. Líklega frægasta ísklifurleið landsins og fengið lof hjá ekki ómerkari mönnum en Guy Lacalle. Leiðin var fyrst farin í febrúar 1991 af Páli Sveinssyni og Guðmundi H Christensen og án efa

sú WI5 leið á landinu, sem fær flestar heimsóknir. Þilið er leið sem allir málsmetandi ísklifarar verða að fara!

Leiðin er venjulega farin í þremur spönnum. Fyrsta spönn er um 40m, yfirleitt WI4, upp nokkuð bratt haft í byrjun og endar á stóru snjóslabbi þar sem stans er gerður undir aðal haftinu. Það er upp og ofan hvar farið er upp fyrstu spönnina og veltur það einkum á aðstæðum í efri hlutanum - ýmist hægra eða vinstra megin, miðjan er oft í bunu frá aðal haftinu.

Önnur spönnin er oftast um 30m og yfirleitt WI4-5 eftir aðstæðum og er gjarnan gerður stans í stórum helli („testofunni“) öðru hvoru megin



við aðal haftið. Þar inni er gott skjól frá veðri og vindum og einnig frá ishruni þess sem leiðir þriðju spönnina.

Sú þriðja er einnig um 30m, oftast WI5, frekar pumpandi enda aðal haftið langt og bratt áður en það slabbar yfir í bratta snjóbrekku. Þegar líður á veturnn verður þessi snjóbrekka æ brattari og lengri og endar oft í iturvaxinni hengju. Getur verið lag að fara út í annan hvorn jaðar fossins í blálokin frekar en beint upp hengjuna miðja, því hún getur verið varasöm og jafnvel ókleif.

Sterklega er mælt með 1-2 snjótryggingum því snjóklifrið getur verið mjög krefjandi og tryggingar með ísskrúfum oft útilokaðar síðustu 10-20m. Farið því að öllu með gát.


Nánar er fyllað um ísklifrið í Eilífsdal í leiðarvísí aftar í blaðinu.

### Grafarfoss í Kistufelli í Esju - WI4

Heimafoss höfuðborgarbúans er líklega Grafarfoss enda einn mest klifaraði ísfoss landsins. Færri vita að upphaflega var fossinn kallaður Migandi en sú nafngift hefur alveg vikið fyrir Grafarfoss-nafninu í daglegu tali. Í gegnum árin hefur Grafarfoss alltaf verið vinsæll, sennilega fyrst og fremst vegna þess hversu stutt er að fara þangað í klifur en aðeins tekur um 20 mínútur að keyra og aðrar 20 mínútur að ganga upp að honum. Fossinn var fyrst klifinn af Einari Steingrímssyni og Birni Vilhjálmsyni þann 20. desember 1980.

Til að komast að Grafarfossi er keyrt áleiðis Vesturlandsvegginn út úr Mosfellsbæ og þaðan inn Esjumel inn á iðnaðarsvæðið hjá Leirvogstungu. Keyrt er þann veg inn í botn að félagsheimilinu Gröf, lagt á planinu, gengið upp og eilítid til austurs inn í augljóst gil í Kistufellinu, þar sem Grafarfoss og litli bróðirinn Granni (WI3) eru geymdir.

Sjaldan heyrist að leiðir aðrar en Orginallinn séu farnar í Grafarfossi. Er það mikil synd því það er hægt að finna frábært klifur í fossinum af ýmsum erfiðleika og karakter. Leiðin lengst til hægri er Orginallinn og fylgir hún klettaveggnum. Sú leið er einna léttust og oftast farin en er stundum tortryggð, sérstaklega ef skafið hefur mikið yfir. Nokkur slys hafa hlóist af þessum sökum í leiðinni og er því vissara að fara að öllu með gát. Skemmtilegra er og meiri áskorun að fara fyrir miðjum fossi og fara þá til hægri eða vinstrí við stóran klett sem oft sést ofarlega. Gengur afbrigðið upp til hægri þá undir nafninu Grafarfoss Direkt. Nokkur fleiri afbrigði hafa verið farin eins og meðfylgjandi mynd sýnir.



Bilið í Eilífsdal

Guðmundur Tómasson

Leiðin er yfirleitt farin í tveimur 20-40m spönnum, samtals um 65m.

Aðeins ofar í Kistufellinu er drjólaleiðin Kókostréð (WI5) og er tilvalið að byrja í Grafarfossinum og skrölta svo áfram upp gilið (um 200m hækkan) þar til besefinn blasir við. Kókostréð er því miður sjaldan í aðstæðum.

### Ýringur í Brynjadal - WI5

Utarlega í Brynjadal sunnanverðum, í næsta gili austan Flugugils er ísfossinn Ýringur, um 100m hárr. Ýringur var fyrst farinn 30. janúar 1983 af Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmundssyni og þykir án vafa ein af hinum klassísku leiðum sem hér um ræðir.

Ýringur er auðfundinn og aðkoman er stutt. Keyrt er sem leiðliggur inn Hvalfjörðinn langleiðina inn í botn og inn Brynjadal þegar að honum er komið. Eftir um 500m akstur inn Brynjadal blasir fossinn við sunnanmegin í dalnum og er um 10 míni gangur að leiðinni frá veginum.


Leiðin er í skemmtilegu umhverfi - lengi vel er klifrað inni í þróngu gljúfri sem opnast þegar ofar



Ýringur í Brynjudal með sitt fræga lokahaft.

Sigurður Tómas Þórísson

Efst til hægri glittir í „aukahaftið”



Órion í öllu sínu veldi

Guðlaugur Ingj Guðlaugsson

dregur. Leiðin liggur fyrst upp nokkur miserfið höft uns komið er að efsta haftinu sem er 25m hátt og erfiðasti kafli leiðarinnar. Haftið er stíft og löðrétt nánast alla leið (stundum yfirhangandi á köflum) og þó nokkur manndómsraun enda margir lotið í lægra haldi fyrir þessu krúnudjásni leiðarinnar. Hægt er að komast út úr leiðinni til beggja átta ef haftið er ekki í aðstæðum eða hausinn ekki á réttum stað. Oft er neðri partur leiðarinnar í góðum aðstæðum þó efsta haftið sé það ekki, stundum kertað, blautt og/eða íslitið.

Flestir láta sér nægja að klára þetta lokahaft en þó er hægt að lengja leiðina með því að klifra annað haft sem er í gili beint upp af Ýringi. Auðvelt er að komast niður úr leiðinni - aðeins að ganga niður hlíðina í átt að veginum.

Ýringur er virkilega falleg og skemmtileg leið og ætti að vera á tikklista allra klifrara. Fjallað er um Ýring í leiðarvísí um Hvalfjörð í ársriti Ísalp 1990 og í sérgrein um leiðina í ársriti Ísalp 1996.

### Órion í Brynjudal - WI5

Órion verður að teljast með formfegurri ísfossum á SV-horni landsins - hár, brattur og tignarlegur Hann er staðsettur í svokölluðu Flugugili, yst í Brynjudal sunnanverðum. Leiðin var fyrst klifruð af þeim Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen í janúar 1988. Þótti það heilmikið afrek á sínum tíma eins og lesa má í ársriti Ísalp 1988.

Flugugilið er ansi þróngt og kræklótt og gerir það aðkomuna þeim mun áhugaverðari. Þrátt fyrir stærð sína (80m) getur Órion verið vandfundinn við fyrstu tilraun. Hann liggur í bröttu hliðargili til austurs, innarlega í hinu eiginlega Flugugili og er nær fullkomlega í hvarfi þangað til staðið er undir fossinum. Hægt er að fara upp þriðju grádu íshaft neðan við Órion sjálfan eða halda innar í gilið og fara þar upp bratta mosabrekku, um þróngan söðul þangað til maður stendur nánast beint undir leiðinni.

Algengast er að klifra fossinn í tveimur spönum, vinstra megin, hægra megin eða upp fossinn miðjan. Miðja vegu upp fossinn er myndarleg sylla

sem býður upp á huggulegan stans. Fyrri spönnin er þægilegri uppferðar í venjulegu árferði, WI4 eða svo. Seinni spönnin er tilfinnanlega brattari og strembnari eftir því, WI5.

Þegar líður á veturinn myndast iðulega staðileg hengja fyrir ofan leiðina. Af þeim sökum er Órion oft þægilegastur til uppferðar snemma á veturna eða tiltölulega seint.

### Stekkjastaur í Kaldakinn - WI5/5+

Stekkjastaur er um 100m löng leið í Ógöngufjalli í Kaldakinn við Skjalfandaflóa. Leiðin var fyrst farin 25. desember 1996 af Karli Ingólfssyni og Tómasi G Júlíussyni. Allnokkrir hafa endurtekið hana síðan enda afar glæsileg íslína sem hefur þött manndómsraun frá fyrstu ferð. Aðkoman að leiðinni er um 2km eftir jeppaslopum frá Björgum í Út-kinn og tekur um 10 mín að ganga upp brekkuna.

Fyrsta spönnin er sú vandasamasta og er hún afar breytileg eftir árferði, einkum fyrstu 10-15m því þar kemur fossinn fram af slútti. Getur byrjunin verið allt frá því að vera íslaust slúttandi haft sem endar í ístjaldi, yfir í að vera kerti sem vex út úr slüttinu og snertir tjaldið. Getur jafnvel orðið spikfeitt kerti sem nær alveg niður á jörð. Erfiðleikarnir eru því eins og gefur að skilja afar mismunandi, frá WI5 upp í erfitt mixklifur. Eftir slúttið tekur léttara klifur við (WI4).

Önnur spönnin er þægilegri, WI4 eða svo, upp slabbandi fossinn og upp undir lokahaftið, sem er umtalsvert erfíðara.


Þriðja spönnin er einnig erfíð, WI5 í það minnsta enda brött og vandasöm. Eitthvað er breytilegt hvaða leið hentar best þar upp en algengt er að brött renna myndist vinstra megin við miðju fossins en einnig gæti hentað að fylgja öðrum hvorum jaðrinum upp á topp. Ýmist er hægt að síga niður á efstu klakabunkunum eða toppa leiðina (varasamt mosaklifur) og ganga um 2km suður hlíðina að dalverpi ofan við Björg.

Sýnið ítrrustu varuð því efri parturinn er oft þunnur og holor því vatnsrennsli er töluvert bakvið ísfossinn.

Ítarlega er fjallað um ísklifursvæðið í Kaldakinn í ársriti Ísalp 2007.

### Einfarinn í Eilífsdal - WI3

Eflaust þekktasta þriðja gráða landsins – ein með öllu og ekki fyrir viðkvæmar sálar! Leiðin var fyrst farin af Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni



Stekkjastaur í Kaldakinn

Guðmundur Freyr Jónsson

bann 22. nóvember 1984 og var lengi vel eina leiðin í stóra Eilífsdals þilinu.


Einfarinn er stórmerkileg leið. Hún er í aðstæðum meira og minna allan veturinn, frá október/nóvember fram í maí/júní. Hægt er að fara erfíð og létt afbrigði af henni, aðkoman er löng, leiðin er löng (um 150m) og svo endar hún á fjallstoppi. Yfir það heila - mikið ævintýri!

Fjallað er um Einfarann í leiðarvísí að Eilífsdal aftar í blaðinu auk þess sem fjallað var um leiðina í Ísleiðir fyrir byrjendur í ársriti Ísalp 2007 og í sérgrein um leiðina í ársriti Ísalp 1996.

### Stígandi í Múlafjalli - WI4+


Í Múlafjalli í Hvalfjarðarbotni eru tvíburaleiðirnar Rísandi (WI4) og Stígandi (WI4+). Þær eru báðar vinsælar en Stígandi hefur það framyfir að hún er oftar í aðstæðum. Leiðin var fyrst farin af Jóni Geirssyni, Kristni Rúnarssyni og Snævarri Guðmundssyni þann 6. desember 1986.

Aðkoman er eftir gamla Hvalfjarðarveginum og er lagt annað hvort á stóru bílastæði undir miðju Múlafjalli eða úti í kanti beint undir Stíganda,



Stígandi í Múlafjalli

© Freyr Ingi Björnsson



Íste í Múlafjalli

© Sigurður Þómas Þórisson

Rísanda og Leikfangalandi. Þaðan er um 10 mín labb upp brekkuna en um 15 mín frá bílastæðinu.

Leiðin byrjar á nokkrum stuttum þriðju gráðu höftum með flótum ísstöllum á milli og eru þau yfirleitt tekin sem hluti af fyrstu spönninni. Eftir 30-40m er svo komið að fyrsta alvöru haftinu en það er um 10m WI4 og getur verið snúið. Hægt er að taka litlu höftin og þetta haft i einni langri spönn og endar þá spönnin á stórri syllu undir lykilhaftinu. Þar er stór steinn sem hægt er að tryggja í.

Önnur spönnin er lykilspönnin og felst í um 15m löngu WI4+ hafti (WI5 í erfiðum aðstæðum) og er hentugt að gera stans undir næsta litla hafti, sem er um 5m WI3. Þar er ágætis skjól fyrir skæðadrífunni frá fyrsta manni upp lokakflann, sem er farinn ýmist sem 30m létt renna til hægri eftir litla haftið eða beint upp 6-8m WI3-4 lokahaft. Í báðum tilfellum endar spönnin á melnum uppi á brún Múlafalls.

Stígandi er prýðileg leið og sivinsæl, jafnt hjá reynsluboltum sem nýgraðingum í sportinu. Hún er ein af fyrstu leiðunum til að detta í aðstæður á haustin og býður upp á spennandi klifur í

skemmtilegu umhverfi.

Fjallað er um Stíganda í leiðarvísi um Hvalfjörð í ársriti Ísalp 1990.

### Íste í Múlafjalli - WI5

Önnur klassísk leið í Múlafjalli er Íste, 35m löng. Hún er fræg fyrir þunnt kerti sem tengir stundum aðal fossinn við jörd. Kertið lafir fram af nokkuð voldugu slútti og nær kertið ekki að snerta jörd nema eftir langa frostakafla. Lengd og erfiðleiki kertisins er mjög breytilegur eftir aðstæðum og snjóalogum, allt frá því að vera einungis 2-3m feitt lóðrétt kerti upp úr stórum snjóskafli yfir í að vera 5-6m þunnildi sem sleikir urðina fyrir neðan (og allt þar á milli að sjálfsögðu).

Ýmis afbrigði er hægt að fara af leiðinni ef kertið nær ekki niður og verður þá úr spennandi nokkura metra mixklifur upp slúttið. Hægt er að fara beint upp, hliðra frá vinstri eftir klettasprungu, eða upp klettinn fyrir aftan kertið og beint upp svo eitthvað sé nefnt.

Eftir kertið/slúttið tekur við 5-10m lóðréttur ís og síðustu 10-15m eru ca. WI4 og enda stundum í snjóhengju eða áhugaverðu grjóti eftir árferði.



Paradísarheimit undir Eyjafjöllum. Órginallinn liggur  
við vinstra megin við miðju fossins, Skoran til hægri

© Robert Halldórsson

Leiðin var fyrst farin upp úr 1990 en eins og með flestar leiðir í Múlafjalli voru frumferðirnar illa eða alls ekki skráðar því nokkrar kynslóðir ísklifrara gerðu ráð fyrir að kynslóðin á undan hefði farið allt sem farandi var á svæðinu. Upplýsingar um svæðið eru því afar tætingslegar og tímabært að kortleggja Múlafjall frá A til Ö enda stórkemmtilegt svæði.

### Paradísarheimt undir Eyjafjöllum - WI4

Paradísarheimt var fyrst farin 6. febrúar 1988 af Kristni Rúnarssyni, Þorsteini Guðjónssyni og Snævarri Guðmundssyni. Leiðin er í stóra ísbilinu yfir félagsheimilinu Heimalandi undir Eyjafjöllum og er óhætt að gera ráð fyrir 10 til 15 mínútna göngu frá bílastæðinu.

Bókin Paradísarheimt eftir nóbéllskálðið fjallar um leit mannsins að einhverju meiru, um leitina að Paradís á jörðu. Liklega var það ekki þessi bók Laxness sem þríeykið var að hugsa um á leiðinni heim þegar þá vantaði nafn á þessa glæsilegu leið. Liklega var það sagan af forboðinni ást þeirra Hjalta Magnússonar vinnumanns og Önnu, dóttur Vigfúsar Erlendssonar á Hlíðarenda, lögmanns og hirðstjóra á 16. öld, sem var þeim félögum

ofar í huga. Hjalti þessi varð um árabil að flýja ofsóknir Vigfúsar og hafðist meðal annars við í hellinum sem er rétt austan við Paradísarheimt og er kallaður Paradísarhellir. Nafnið fékk hellirinn af því að Hjalta þótti vistin þar svo góð. Liklega hafa viðmið manna verið önnur í þá daga en nú, í öllu falli er líklegt að hellirinn sé bæði rakur og kaldur, auk þess sem gólfid í honum hallar út að hellismunnanum sem er í um fimm metra hæð.

Hér er liklega komin tenging frumfarendanna við hellinn, því fossinn er bæði rakur og kaldur, eða öllu heldur, maður veður rakur og kaldur við að klifra hann – og samt er það líkt og að vera í Paradís! Eða kannski voru þeir að hugsa um Laxness og það hvernig klifrarar eru uppteknir af því að vera alltaf að leita síns sannleika einhversstaðar annarsstaðar.

Hvað sem þessum pælingum líður hafa þeir án efa átt góðan dag á fjöllum og tekið þátt í að skapa enn eina goðsögnina í íslensku ísklifri. Leiðin er engri annarri lík. Vatnsrennslað sem skapar leiðina hefur ekki náð að grafa sér farveg inn í mjúkan móbergsklettinn heldur liggr utan á honum, ekkert gil eða fjall byrgir sýn og maður er eins og fluga á vegg.



Veggurinn snýr mótt hásuðri og þegar sólin skín lýsist umhverfið upp á þann hátt sem íslenskur ísklifrari er ekki vanur í svartasta skammdeginu. Þessi staðreynd er ekki allskostar gallalaus. Vegna hennar – og landfæðilegrar staðsetningar – er fossinn afar sjaldan í aðstæðum. Til að hann sé klifranlegur þarf grimmargadd í nokkra daga, sól má ekki vera hátt á lofti og helst ætti að vera skýjað – reyndar fara öll þessi attríði sjaldan saman. Fossinn er því oftast klifinn í lok desember eða janúar. Liklega kemst hann eitthvað í aðstæður fyrir og eftir það, en það er sjaldgæft.

Nokkrar leiðir eru í Paradísarheimtinni. Orginallinn liggur nánast þvert yfir fossinn frá vestri til austurs. Skoran er eina leiðin önnur sem ber eitthvað nafn og liggur hún hægra megin í fossinum. Önnur minna þekkt afbrigði hafa einnig verið farin. Oftast er leiðin farin í 3-4 spönum, samtals um 120m, og er oftast endað uppi á brún og gengið vestur fyrir pípandi aðalfossinn vestan við Paradísarheimt.

ATH! Hrunhætta er mjög mikil í Paradísarheimt! Ber því að nálgast svæðið af ítrrustu varúð, fylgjast með hitastigi, vatnsrennsli, hruni í kring og sólskininu.

### Glymur í Botnsdal - WI5, 150m


Glymur er hästi foss landsins, 198m háár, og fellur hann úr Hvalvatni ofan í Glymsgil í Botnsdal í Hvalfírði.

Fjórar ísleiðir liggja upp Glym og sprænurnar næst honum: Prymur (150m), Orginallinn (150m), Glymur allur (180-200m) og Glymur beint af augum (180-200m) - allar WI5, farnar í fjórum spönum. Upprunalega leiðin var farin 13. mars 1994 af Magnúsi Gunnarssyni, Páli Sveinssyni og Þorvaldi V Þórssyni og hinar árið eftir af nokkrum klifurteymum.

Aðkomara að leiðunum er upp með gljúfrinu eða að gengið er eftir börmum gljúfursins, upp fyrir sylluna þar sem hægt er að síga niður á hana og niður þrym. Gætið ítrrustu varúðar hvor leiðin sem er farin því gljúfrið er alræmt fyrir grjóthrun og aðkoman að syllunni er einnig mjög varasöm.

Leiðarvisir að Glymsgili er í ársriti Ísalp 1996.

# Þú færð The North Face í Útilíf



HOLTAGÖRDUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

# HÁFJALLAVEIKI

Gunnar Guðmundsson og Tómas Guðbjartsson

Hæðarveiki (*high altitude illness*) er samheiti yfir sjúkdóma sem gera vart við sig í mikilli hæð yfir sjávarmáli, oftast þegar komið er yfir 3000m hæð. Þessir sjúkdómar eru vaxandi vandamál vegna aukinna ferðalaga fólks í fjalllendi erlendis (mynd 1), ekki síst við fjallgöngur og skíðaiðkun. Aðallega er um þrjár gerðir hæðarveiki að ræða, háfjallaveiki (*acute mountain sickness, AMS*) sem er langalgengasta gerðin, háfjallaheilabjúg (*high-altitude cerebral edema, HACE*), háfjallalungnabjúg (*high-altitude pulmonary edema, HAPE*). Orsókin er súrefnisskortur en sjúkdómarnir gera vart við sig vegna margvíslegra viðbragða líkamans við súrefnisskorti. Í þessari grein er fjallað um einkenni og meðferð hæðarveiki með aðaláherslu á háfjallaveiki. Einnig er komið inn á orsakir og fyrirbyggjandi meðferð auk þess sem rakin eru eðlileg viðbrögð líkamans við aukinni hæð yfir sjávarmáli.

## Edlileg viðbrögð við mikilli hæð (hæðaraðlögun)

Með vaxandi hæð lækkar loftþrýstingur í veldisfalli, til dæmis er loftþrýstingur 760 mmHg við sjávarmál en á tindi Everest í 8848m hæð er hann aðeins þriðjungur af því sem hann er við sjávarmál og á tindi Kilimanjaro í 5895m um helmingur (mynd 2). Sama á við um hlutþrýsting innandaðs súrefnis (er 21% andrúmslofts), en við sjávarmál er þrýstingur innandaðs súrefnis til dæmis 149 mmHg við sjávarmál en 94 mmHg í 3500m hæð og hefur þannig lækkað um rúmlega þriðjung frá sjávarmáli. Þetta hefur í för með sér að súrefnismagni í blóði lækkar, enda þótt lækkunin verði ekki jafn hröð og í andrúmslofti vegna viðbragða líkamans. Líkaminn setur þá af stað aðlögunarferli sem kallast hæðaraðlögun (acclimatisation). Um flókið ferli er að ræða og einstaklingsbundið og tekur það nokkrar vikur að koma fram. Ef einstaklingi væri komið fyrir á tindi Everestfjalls án hæðaraðlögunar má gera ráð

fyrir að hann myndi deyja á nokkrum mínútum úr súrefnisskorti. Lengst af var talið lífeðlisfræðilega ómögulegt að ná tindi Everest án þess að anda að sér viðbótarsúrefni. Í maí 1978 tókst hins vegar fjallgöngumönnunum Reinhold Messner og Peter Habeler hið ómögulega en að baki var margra vikna hæðaraðlögun.

Kveikja hæðaraðlögunar er súrefnisskortur sem örvar viðtaka í æðum sem nema lágan súrefnisþrýsting. Öndunartíðni eykst og við það loftunin í lungum sem vegur upp á móti súrefnisskorti í vefjum. Jafnframt eykst þvagmyndun og vökvaskortur getur gert vart við sig.


## Helstu einkenni hæðaraðlögunar

Hröð öndun/mæði við áreynslu. Dofi í fingrum og í kringum munn eru algengar kvartanir á fyrstu klukkustundum og dögum eftir að komið er í mikla hæð og má rekja til osöndunar. Einnig er algengt að finna fyrir óeðlilegri mæði við áreynslu, sérstaklega þegar lítil aðlögun hefur átt sér stað.

Truflanir á nætursvefni og óregluleg öndun. Algengt vandamál á háfjöllum eru tiðar uppvaknanir úr svefn á nóttu og fylgir þeim oft köfnunartilfinning sem léttir við djúpa innöndun. Öndun verður óregluleg í svefn þar sem skiptast á öndunarhlé og tímabil með hræðri öndun. Þetta kallast bilkvæm öndun og stafar af súrefnisskorti.

Breytingar á starfsemi hjarta og lungna. Við súrefnisskort herpast slagðærar í lungum saman og getur þetta ástand valdið hækjun á blóðþrýstingi í lungum og súrefnisskorti. Þetta ásamt aukinni hjartsláttartíðni og kröftugri samdrætti hjarta vegur upp á móti minnkuðu súrefnismagni í vefjum.

Breytingar á starfsemi annarra líffæra. Hæðaraðlögun á sér stað í nánast öllum líffærum á fyrstu vikunum eftir að komið er í mikla hæð. Í blóði verður fjölgun á rauðum blóðkornum og nær fjölgunin hámarki eftir 2-3 vikur. Rannsóknir



Mynd 1. Helstu háfjallasvæði heims. Birt með leyfi bæði höfunda og útgefanda.

(Heimild: Pollard AJ, Murdoch DR. The High altitude medicine handbook. Oxford: Radcliff Medicine Press)

á heila með segulómskoðun hafa sýnt sjúklegar breytingar eftir fjallgöngur í mikilli hæð auk þess sem taugasálfræðileg próf geta verið afbrigðileg eftir háfjallagöngur. Breytingar í augnbotnum eru algengar ef farið er yfir 6000m hæð. Þessar breytingar ganga til baka og valda mjög sjaldan viðvarandi sjónskerðingu.

### Bráð háfjallaveiki

Í bráðri háfjallaveiki er höfuðverkur lykilatriði en önnur ósérteik einkenni eru einnig til staðar (tafla I). Samkvæmt svokallaðri Lake Louis skilgreiningu, sem er alþjóðlega viðurkennd skilgreining á bráðri háfjallaveiki, er um að ræða höfuðverk hjá einstaklingi sem ekki er aðlagður að hæð og er nýkominn í meira en 2500m hæð yfir sjávarmáli. Að auki er til staðar eitt eða fleiri af eftirtöldum einkennum: óþægindi frá meltingarvegi (lystarleysi, ógleði eða uppköst), svefnleysi, sundl (svimatilfinning), þrekleysi og þreyta. Einkenni hefjast að jafnaði 6-10 klukkustundum eftir komu í mikla hæð en geta byrjað allt að einni klukkustund eftir komu eða komið 1-2 dögum síðar. Án frekari hækunar ganga einkenni oftast til baka á einum til þremur dögum.

Rannsóknir frá Klettafjöllum Bandaríkjanna

hafa sýnt að tíðni bráðrar háfjallaveiki hjá ferðamönnum var 22% í 2500 til 2900m hæð og 42% þegar komið var yfir 3000m hæð. Svipaðar niðurstöður fengust hjá göngufolki í Ölpunum og Nepal, eða 10-40% einstaklinga sem náðu 3000m hæð og 40-60% hjá þeim sem komust upp í 4000-5000m yfir sjávarmáli.

### Háfjallaheilabjúgur

Háfjallaheilabjúg má lita á sem lífshættulegt form bráðrar háfjallaveiki, og hafa þá einkenni hennar eins og höfuðverkur gert vart við sig áður. Einkenni háfjallaheilabjúgs eru jafnvægisleysi, slingur (að riða til eins og drukkin manneskja), og skert meðvitund sem í alvarlegum tilfellum getur leitt til meðvitundarleysis og dauða.

### Háfjallalungnabjúgur


Háfjallalungnabjúgur er líkt og háfjallaheilabjúgur lífshættulegt ástand sem hæglega getur dregið fólk til dauða. Hann greinist oftast á fyrstu tveimur til fjórum dögum eftir að komið er í mikla hæð en er sjaldgæfur neðar en í 3500m hæð. Einkennin eru skert áreynslugeta, mikil mæði, þurr hósti og andnauð. Háfjallalungnabjúgur er eins og háfjallaheilabjúgur mun sjaldgæfari

en bráð háfjallaveiki og sést hjá innan við 2,5 % einstaklinga sem komnir eru meira en 4000m yfir sjávarmál.

	Einkenni
Bráð háfjallaveiki Væg	Höfuðverkur, lystarleysi, ógleði, svefntruflanir
Bráð háfjallaveiki Meðal	Höfuðverkur (svarar verkjalyfjum), lystarleysi, ógleði, svefntruflanir, sundl
Bráð háfjallaveiki Alvarleg	Höfuðverkur (svarar illa verkjalyfjum), mikil ógleði, uppköst og mikil þreyta
Háfjallaheilabjúgar	Höfuðverkur (svarar illa verkjalyfjum), uppköst, sundl, sljóleiki, syfja
Háfjallalungnabjúgar	Skert hreyfigeta, þurr hósti, mæði í hvild, blóð i hráka, andnauð

Tafla 1. Einkenni helstu gerða hæðarveiki, þar með talin háfjallaveiki.

**Orsakir háfjallaveiki, áhættuhópar og áhrif líkamþjálfunar**  
 Meingerð háfjallaveiki er flókið fyrirbæri sem rekja má til viðbragða líkamans við súrefnisskorti. Í heila er talið að súrefnisskortur valdi auknu blóðflæði vegna æðavíkkunar sem rekja má til lækkunar koldíoxíðs í blóði sem kemur til vegna oföndunar. Í alvarlegum tilfellum er talið að einnig verði leki í örfínun háraðum sem getur valdið bjúg í heilanum. Þessi bjúgur er talinn geta skýrt svæsin höfuðverk. Bjúgurinn getur síðan valdið ógleði, uppkóstum og þrekleysi. Í lungum er talið að súrefnisskortur valdi staðbundnum lungnaháþrýstingi, sem getur valdið auknu blóðflæði til annarra sveða lungans, háræðaleka og lungnabjúg hjá nænum einstaklingum. Einstaklingar sem búa á láglendi eru í aukinni hættu á að fá háfjallaveiki samanborið við þá sem að staðaldri búa yfir 900m. Fyrri saga um



Mynd 2. Mynd sem sýnir hvernig loftþrýstingur lækkar með aukinni hæð. (Úr sömu heimild og mynd 1)

hæðarveiki er einnig þekktur áhættuþáttur, sérstaklega ef um háfjallalungnabjúg var að ræða. Konur eru í heldur minni hættu á að fá háfjallalungnabjúg og sama á við um einstaklinga á milli 50 og 70 ára aldurs, eftir það eykst áhættan aftur. Ofáreynsla og sýkingar, sérstaklega í öndunarfærum, eru þekktir áhættuþættir fyrir háfjallalungnabjúg. Mjög góð líkamleg þjálfun og mikið áreynsluþol eru ekki verndandi fyrir háfjallaveiki, og margt bendir til að keppnismenn í þolgreibnum íþróttu, eins og í maraþonhlæpi og sundi, séu ekki síður útsettir en aðrir. Þar að auki hafa rannsóknir á nokkrum af fremstu háfjallagörpum sögunnar, meðal annars Reinhold Messner, sýnt að þessir einstaklingar eru ekki með betra áreynsluþol en afreksmenn í ýmsum öðrum þolgreibnum íþróttu.

### Fyrirbyggjandi ráðstafanir

Til að forðast háfjallaveiki gildir enn gullna reglan í fjallamennsku, að gefa sér nægan tíma og aðlagast hæðinni. Því miður virðist þessi gamla regla oft gleymast í annriki nútímans. Varast skal að halda beint frá sjávarmáli og upp í meiri hæð en 2700 - 3000m. Best er að dvelja yfir nót í meðalhæð, t.d. 2500 - 2800m, aður en lengra er haldið upp á við. Eftir það er mælt með því að hækka sig ekki meira en 600m á dag milli svefnstaða og taka hvíldardag fyrir hverja 1200m hækkun. Gott er að ganga rólega og reyna ekki á sig um of. Mikilvægt er fyrir þá sem áður hafa fengið hæðarveiki að gefa sér góðan tíma til aðlögunar. Þeim sem ætla að ferðast frá sjávarmáli í meira en 3000m hæð til næturgingistar án aðlögunar er ráðlagt að ihuga að taka inn lyf sem draga úr líkum á háfjallaveiki. Þetta á sérstaklega við um þá sem fengið hafa háfjallaveiki áður. Algengast er að nota asetasólamið. Byrja skal sólarhring fyrir hæðaraukningu og hætta

þegar aftur er komið niður fyrir 2500m hæð eða ef staldrað hefur verið við í mikilli hæð í meira en 4-5 solarhringa. Að jafnaði gilda sömu leiðbeiningar fyrir háfjallalungnabjúg og fyrir bráða háfjallaveiki. Þó er sérstaklega mælt með því að forðast of mikla áreynslu, sérstaklega ef viðkomandi er kvefaður eða með aðrar sýkingar. Þeir sem áður hafa fengið háfjallalungnabjúg ættu að hækka sig varlega og hugsanlega að nota fyrirbyggjandi lyfjameðferð.

### Meðferð

Við bráða háfjallaveiki er mikilvægast er að lækka sig sem fyrst og skal það alltaf reynt ef aðstæður leyfa. Halda má kyrru fyrir ef einkenni eru væg. Oft dugar lækkun um 500-1000m til að draga verulega úr einkennum. Eftir hvild og aðlögun má reyna uppgöngu aftur ef einkenni hafa ekki verið alvarleg. Þá leggja reyndir fjallgöngumenn oftast áherslu á að drekka ríkulega og forðast vökvatap til að draga úr einkennum hjáfjallaveiki. Lyf má nota ein og sér ef um er að ræða væg einkenni eða ef aðstæður leyfa ekki lækkun í minni hæð, til dæmis vegna veðurs. Nota má verkjalyf við vægum einkennum, sérstaklega höfuðverk. Sérstakir þrýstipokar með fót- eða handdrifnum dælum sem viðkomandi er komið fyrir í, geta komið sér vel og samsvara hæðarlækkun um 1500-2000m. Svefntruflanir lagast oft með asetasólamíði. Þeir sem finna fyrir

svefntruflunum þrátt fyrir asetasólamíð geta tekið svefnlyf eins og zolpidem.

Við háfjallalungnabjúg er mjög áríðandi að lækka sig í hæð en þrýstingspoki getur komið að góðum notum þegar flutningi niður verður ekki komið við. Súrefnisgjöf getur sömuleiðis verið áhrifarík en oft er súrefni ekki í boði. Einnig er hægt að gefa lyf. Við háfjallaheilabjúg eiga lækkun, súrefnisgjöf og þrýstingspoki sömuleiðis við. Einnig er oft notast við lyfagjöf.

### Lokaord

Íslendingar sækja í vaxandi mæli í aspreyingu á háfjöllum svo sem í skíðaferðir, fjallgöngur og fjallaklifur. Áður en haldið er í háfjallaleiðangra er skynsamlegt að leita ráða hjá læknum með sérþekkingu á hæðarveiki, ekki síst fyrir þá sem áður hafa fengið alvarlega hæðarveiki eða eru með hjarta- og lungnasjúkdóma.

### Ítarefni

Gunnar Guðmundsson og Tómas Guðbjartsson. Hæðarveiki-yfirlitsgrein.

Læknablaðið 2009; 95:441-447



### Fyrirbyggjandi meðferð

Sjúkdómsgerð	Meðferð
Bráð háfjallaveiki	Hæðaraðlögun, lyf: asetasólamíð, dexamethason
Háfjallalungnabjúgur	Hæðaraðlögun, lyf: asetasólamíð, dexamethason
Háfjallalungnabjúgur	Hæðaraðlögun, forðast ofáreynslu, lyf: nifedipin

### Meðferð sjúkdómseinkenna

Sjúkdómsmynd	Meðferð
Bráð háfjallaveiki	Hvild, lækka sig í hæð, lyf, verkjalyf, þrýstingspoki, súrefni
Háfjallalungnabjúgur	Lækka sig í hæð, lyf, verkjalyf, þrýstingspoki, súrefni
Háfjallalungnabjúgur	Lækka sig í hæð, lyf, þrýstingspoki, súrefni

Tafla 2. Aðferðir til að fyrirbyggja og meðhöndla hæðarveiki, þar með talda háfjallaveiki.

# VESTFJARÐA- VÍKINGURINN ÍSKLIFURFESTIVAL 2009

Águst Þór Gunnlaugsson



**Vestfirðir! Svo nærri en samt svo langt í burtu. Þjóðsögur um háa, bratta ísilagða hamra hafa verið á kreiki lengi. Um árabil höfðu klifrarar barið ísinn í nágrenni Ísafjarðar en stór hluti Vestfjarðakjálkans var ennþá óskrifð blað, þangað til í febrúar 2009.**

Ísklifurfestival Alpaklúbbsins hefur í mörg ár verið einn af föstum viðburðum sem klúbburinn hefur staðið fyrir og að jafnaði verið vel sótt. Markmiðið hefur yfirleitt verið að kanna áður lítt þekkt svæði með ísklifur í huga þó að stundum sé haldið á gamalreynnd mið. Stundum hafa erlendir klifrarar mætt til leiks og sett upp flottar leiðir. Margir hafa notað tilefnið og tekið frí frá vinnu eða skóla á föstudagi til að lengja helgina. Tvisvar áður hafði ísklifurfestival verið haldið á Vestfjörðum en þá í nágrenni Ísafjarðar. Það var því kominn tími til að kanna sunnanverðan kjálkann.

### Vestfjarðavíkingurinn

Á ísklifurfestivalinu 2009 sem fór fram dagana 12.-15. febrúar voru klifraðar leiðir í Arnarfirði allt frá Bíldudal til Selárdals. Fyrir helgina hafði Bíldælingurinn Jón Þórðarson veitt mikla aðstoð við að útvega gistingu í „blokkinni“ og öðrum húsum í Bíldudal. Húsakosturinn gaf veiðihúsini við Breiðdalsá frá festivalinu 2008 ekkert eftir, stórar og vel búnar íbúðir með nuddsturtum og hvaðeina. Einnig hafði Jón sent myndir af aðstæðum til klúbbsins stuttu fyrir festivalið og urðu þær til þess að auka enn á spennuna sem var þó nokkur fyrir þessu nýja og framandi klifursvæði.

Nokkrir bílar fóru vestur á fimmtudegi og gekk ferðin stóráfallalaust fyrir sig. Veðurspá fyrir helgina var hin þokkalegasta, þó svo hitatölnar mættu vera lægri. Greinarhöfundur brunaði vestur með Arnari Emils, Berglindi, Daða Snæ og Heiðu Jóns í Hilux á ofurblöðrum. Skutlan frá HSSR var í samfoti með okkur en Fjallateymið fór vestur fyrr um daginn.

### Arnarfjörður


Frá Reykjavík til Bíldudals eru ekki nema um 380km en malarveginir á Barðaströndinni geta verið seinfarnir að vetri til; sem sagt tóm hamingja. Dynjandisheiði er ófær svo að segja allan veturninn og verður því að keyra í gegnum Patreksfjörð og Tálknafjörð til að komast á Bíldudal. Fyrir þá sem hryllir við þeirri vegalengd má benda á að Barðaströndin hefur enn sem komið er séð lítið af kliffrum og ekki þarf að fara yfir neina stórkostlega fjallvegi nema þá Bröttubrekku til að komast þangað. Breiðafjarðarferjan Baldur heldur uppi siglingum yfir veturninn og er óneitanlega þægilegra að hvíla sig í bátnum en að hossast

Barðaströndina. Vel stæðir klifrarar geta hoppað upp í næstu flugvél þar sem flugfélagið Ernir heldur uppi áætlunarflugi milli Reykjavíkur og Bíldudals allan ársins hrung.

### Að fá himininn í hausinn

Föstudagurinn 13. febrúar rann upp, ekki beint bjartur en veður var milt og stillt. Hópar dreifðu sér út Arnarfjörð og fljótlega kom ísinn í ljós. Æg fór ásamt Daða, Arnari, Berglindi og Heiðu í Innrihvílt við Hringssdal. Eftir klukkutíma göngu vorum við komin að leiðunum. Innrihvílt býður upp á fjöldann allan af leiðum af öllum stærðum og gerðum. Við Daði fórum í íspíl fyrir miðjum dal sem bauð upp á margar leiðir meðan restin af hópnum stefndi á langa leið á öðrum stað í hvilftinni. Dagurinn leið og við Daði klifruðum tvær leiðir. Sú fyrri fékk nafnið *Musculus* af gráðunni WI4+ og sú seinni *Skotfélagid* WI4-, báðar 40m. Í miðri leiðslu á Skotfélagini fékk ég væna snjógusu yfir mig. Tókum við þá eftir því að snjóflóð voru farin að falla nokkuð viða um hvilftina, eiginlega allstaðar. Hitinn var vel yfir frostmarki og þótti okkur nú ráð að hraða okkur niður úr hlíðinni og í skjól.

Ég hef aldrei fyrri séð snjóflóð verða til úr nánast engu. Smávegis af snjó byrjaði að renna af stað efst í klettunum sem síðan ruddi meira og meira á undan sér uns töluvvert magn af snjó kom niður að íslejðunum. Hljóðið sem verður til þegar snjörinn skellur í hlíðina eftir að hafa steypst fram af brúninni fær hárin til að rís og gleymist seit. Arnar, Berglind og Heiða voru ennþá uppi í sinni leið og flóðin héldu áfram að falla úti um allt. Þau ákváðu að segja það gott og koma sér niður. Til þess að komast niður þurftu þau að síga niður rennu sem þau höfðu klifrað upp fyrr um daginn. Þegar að þau voru að gera sig klár í sigið kom stórt flóð niður klettabeltið og sópaðist niður rennuna. Nú voru góð ráð dýr. Þessi 120m longa renna var eina leiðin fyrir hópinn úr klettunum og því urðu þau að síga niður í tveimur sigum. Við Daði sáum fyrir neðan hlíðina og gátum ekkert gert og leið hreint ömurlega. Niður komst hópurinn loks, frelsinu feginn og ekki vorum við Daði síður fegnir að heimta vini okkar úr helju. Skemmst er frá því að segja að leiðin upp rennuna fékk nafnið *Ragnarök* WI3, 120m.



Sigurður Þómas Þórísson

Austurhamrar Hvestudals. Leðirnar  
Fjandafæla (WI5) og Rigor Mortis  
(WI5+) eru heiðu íslinurnar vinstra  
megin á myndinni

## Flugferðir

Aðrir hópar fóru ekki varhluta af snjóflóðahættunni þennan sama dag. Danni G, Ási og Smári Sig klifruðu leið í Svarthömrum. Þegar þeir voru að síga niður leiðina, Ási hafði losað sig úr línumni í miðri leið og var að setja inn stans kom snjóflóð niður leiðina og hreif hann frá vegnum. Snjörinn bar hann niður nokkra metra uns hann stöðvaðist tæplega two metra frá brúninni á næsta hafti fyrir neðan. Slapp hann að mestu ómeiddur frá þessari flugferð en leiðin fékk nafnið *Skotlínan*, WI5.

Fleiri hópar voru á ferð þennan daginn. Róbört og Siggi T klifruðu tvær über leiðir í Hvestudal, *Fjandafæla*, WI5, og *Rigor Mortis*, WI5+, báðar 140m. Fjallateymið klifraði þróngu og blauma leið ofan við Bildudal sem þeir nefndu *Glyðruna*, WI4.

Um kvöldið fóru fleiri hópar að tíast til Bildudals eftir mismunandi leiðum. Sumir blésu á varúðarráðstafanir, lögðu á Dynjandisheiðina og skiluðu sér til byggða við illan leik á meðan aðrir stigu ödguna í Baldri á Breiðafirðinum. Flestir keyrðu frá höfuðborgarsvæðinu þó að nokkrir kæmu styttri veg frá Ísafirði. Seint á föstudagskvöldi höfðu allir þáttakendur skilað sér í hús nema þrír Englingingar sem boðað höfðu komu sína daginn eftir. Þeir voru á leið til landsins í tju daga ísklifurferð og höfðu haft spurnir af þessum stórmerkilega viðburði.

**„Á ég ekki bara að lána ykkur byssuna mína.“**

Laugardagsmorguninn var veðrið prýtilegt og konur og menn áfjáð í að komast í klifur eftir langa keyrslu vestur. Eftir hremmingar föstudagsins var stemningin í okkar hóp þó þannig að við vildum halda okkur frá bröttstu leiðunum og hafa það huggulegt. Þess í stað brugðum við okkur í könnunarleiðangur suður yfir heiðina í Tálknafjörð og Patreksfjörð í leit að ís. Það kom okkur á óvart hversu lítið af fossum hafði frosið og afskaplega lítið var klifranlegt. Eftir árángurslítinn bíltúr héldum við til baka og keyrðum alla leið út í Selárdal. Eftir menningarreisu um „listasafn“ Samúels Jónssonar og hádegismat var komið að klifrinu. Í klettum rétt ofan við veginn hjá Grænuhlíð klifruðum við tvær leiðir, *Lítil hjörtu* og *Feelgood*, báðar WI3. Eitthvað virtist einum vegfaranda ekki lítast á blikuna við að sjá athafnir okkar í fossinum. Berglind þurfti að skreppa í bílinn að ná í búnað þegar maðurinn stöðvar bíl sinn og sprýr „Á ég ekki bara að lána ykkur byssuna mína?“!!!

## Af ofurleiðum

En ekki voru allir jafn rólegir og við. Menn voru iðnir við klifrið og Svarthamrar voru sjóðheitir þennan daginn. Robbi og Siggi héldu uppteknum hætti og klifruðu tvær massa leiðir. Þær voru *Vatnsberinn* WI6, 130m, sem innihélt 20m lóðrétt



kerti í þynnri kantinum og *Firring WI5*, 130m. Freyr formaður, Andri og Tryggvi klifruðu einnig í Svarthömrum leiðina 12" mottó sem fékk hina vigalegu gráðu WI4+, M4, 130m. Dúllarinn sá um að mynda allt í bak og fyrir. Gulli granít og Skabbi mættu bísperrir og klifruðu leiðina *Bíldudals grænar baunir* WI4+ og Sissi og Björggi fóru *Kertasmíðjuna* WI5. Danni G og Smári fóru leið tóluvert vestar en hinar leiðirnar og nefndu hana *Pirraði fyllinn* WI4+ til heiðurs einum íbúa þessa sjávarhamars. Við veginn var sett upp lína í ófamvað í léttan ísfoss fyrir byrjendur sem skemmtu sér konunglega.


Í Hvestudal létu Ísfirðingarnir til sín taka. Þar fóru þeir tvær leiðir sem fengu nöfnin *Skepnan dýr* og *Hrafnninn flýgur*. Piltarnir í Fjallateyminu léttu hryllingssögur föstudagsins ekki hafa áhrif á sig og héldu borubrattir upp í Innrihvilst. Þar klifruðu þeir leiðina *Bergmál*, WI5, 200m. Þrír Árselingar, þeir Dóri, Geiri og Siggi brugðu sér í Selárdal og klifruðu leið í Selárdalsfjalli sem fékk nafnið *Ælan* vegna heilsufars eins í hópnum.

Englendingarnir þrír birtust í Bíldudal um kaffileysið, rasssárir eftir langt ferðalag. Þeir höfðu lent í Keflavík kvöldið áður og lagt af stað vestur eidsnemma um morguninn. Þeir afrekuðu að klifra fyrstu spönnina í *Bíldudals grænum baunum* áður en myrkur skall á. Þetta reyndist vera eina ísklifrið sem þeir komu í verk á meðan á veru þeirra stóð enda gerði asahláku daginn eftir sem stóð í rúma viku.

### Gleðskapur

Eftir klifrið nýttu margir sér náttúrulega laug við Tálknafjörð. Það var virkilega þægilegt að skella sér í laugina þó sumum hafi þótt hún heldur heit.

Það er orðin hefð að klúbburinn bjóði upp á kjötsúpu á laugardagskvöldinu og var hún borin fram í gamla kaupfélagsþúsínu sem tittnefndur Jón útvegaði undir gleðina. Mætti hann og ávarpaði gleðskapinn og sagði eina þjóðsögu úr firðinum í kaupbæti. Veðurspáin fyrir sunnudaginn gaf ekki fóður fyrirheit um klifur þannig að flestir sáu sér þann kost vænstan að sletta örliðið úr klaufunum. Miklar og misgáfulegar umræður spunnust í betri stofnum um klifur dagsins, jafnrétti kynjanna og staðsetningu Afriku! Þegar heim í blokkina var komið skellti Ási upp kvíkmyndasýningu af klifri helgarinnar en hann var duglegur að munda videóvélina.



Kjötsúpuveisla á laugardagskvöld

Þ. Björgvin Hilmarsson

Sunnudagurinn var tíðindalitill. Veðrið var ekki spennandi til klifurs, hlýtt og rigning, og eftirstöðvar gleðinnar kvöldið áður drógu enn úr klifuráhuganum. Því var ekkert klifrað og flestir brunuðu til höfuðborgarinnar nema Eiríkur Ísfirðingur og Björk sem skeltru sér í bátsferð yfir Arnarfjörð og gengu yfir Hrafneyrarheiði til Þingeyrar.

Arnarfjörður býður upp á mikla möguleika fyrir ísklifrara. Á festivalinu 2009 var aðeins klifrað brot af mögulegum leiðum. Strandlengjan frá Bíldudal að Selárdal er um 20km og þar er af nógum að taka. Yfir vetrartímann er ófært innar í Arnarfjörð en fyrir ævintýragjarna er hægt að fá einhvern sjóarann til að skutla mónum á bát yfir fjörðinn. Barðaströnd, Patreksfjörður og Tálknafjörður eru ennþá tiltölulega ókönnuð svæði hvað ísklifur varðar fyrir utan könnunarferð sem farin var á laugardeginum. Dýrafjörður og svæðið í kringum Þingeyri hefur heldur ekki verið heimsótt af ísklifrurum. Það er því af nógum að taka fyrir vestan og menn og konur eiga ekki að láta vegalengdir aftra sér frá því að skunda vestur í leit að hrikalegum, ósnortnum ísfossum á áður ókönnuðum slóðum.

Áhugasönum um klifur í Arnarfirði er bent á að hafa samband við ferðamálafrömuðinn Jón Þórðarson hjá [www.eaglefjord.is](http://www.eaglefjord.is). Hann getur gefið upplýsingar um veður, færð og ísaðstæður auk þess sem hann leigir út vistarverur fyrir stærri og smærri hópa allan ársins hrинг. Kann Ísalp honum bestu þakkar fyrir aðstoð við undirbúning festivalsins á Bíldudal.



# ÓSKÖP VENJULEG MIÐSUMARSHELGI

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir

Síðasta helgin í júní rennur upp. Skíðaveturinn hefur verið góður en samt höfum við ekki fengið nóg. Þrjár stelpur ákveða að láta ekki bliðviðrisspánnna norðan heiða stöðva sig og pakka skíðagræjum og stuttbuxum í bíla.

Tjaldstæðið á Grenivík er furðulegur staður í þoku. Því ríkari ástæða til að rífa sig upp snemma á laugardagsmorgni. Vegurinn upp hlíðar Kaldbaks sparar okkur drjúgan spöl í mosa og grjóti, sem við hefðum þó líklegast hvort sem er rölt. Underlegt að horfa ofan á þokuna yfir Eyjafirði á sama tíma og fótum er fækkað enda blíðan ótrúleg til fjalla. Svo ótrúleg að stuttbuxnaleggir grillast yfir daginn.

**Hálf-draumkennd niðurleið  
í sumarfæri svíkur engann**

Kaldbakur er þægilegt og sígilt fjall til að rölt a með rennslisgræjurnar. Á svona degi er engin ástæða til að spretta úr spori. Ef einhvern tímann á að taka nestisstopp uppi á toppi þá er það núna. Hálf-draumkennd niðurleið í sumarfæri svíkur engann.

Á sunnudeginum höfum við fengið að láni forlátá jeppa sem við vonumst til að keyra á inn að Gili í Hvalvatnsfirði. Vorum við þess nokkuð vissar að sól síðustu daga hefði brætt alla skafla á heiðinni.



Elin Marta veður 5.2 Hvalvatnsfirði með skíðum 2. klasa

Svo er víst ekki, eftir spól í krápa og ógeði ákveðum við að láta staðar numið uppi á háheiðinni. Það er ekki eins og það sé bara eitt fjall í þessum dal. Nei, þau eru fjölmög og öll enn snævi þakin.

Við rjúkum að því næstbesta, austan megin í dalnum, nokkrar girnilegar skálar sjáanlegar. Ætti að metta helsta rennslishungrið í okkur.

Við röltum niður í dalinn og komum að farartálma, á sem við þurfum að vaða til að komast í brekkuna okkar. Að sjálfsögðu látum við ekki slíkt smáatriði stoppa okkur. Það er frekar spaugilegt að horfa á skíðamanneskjú strippa, axla bakpokann með skíðum sínum og vaða svo drjúga á. Spaugilegt, en eykur líka von og væntingar til þess sem í vændum er!

Við tökumst á við brekkuna. Er við komum að fyrirheitnu skálinni sjáum við að það er meira til. Löng og girnileg brekka bíður enn ofar. Toppur þessa ónefnda fjalls felur sig aftur og aftur. Við finnum hann svo í um 1000m hæð. Það væri marklaust að reyna að lýsa útsýninu af fjallinu, það er vitt og breitt.

Rennslið niður þessa löngu brekku er unaðslegt. Nokkuð kaldara er þennan daginn og færíð því



Greinarhöfundur ásamt Elínu Mörtu og Björk

passlega hart. Brekkan virðist endalaus en tekur samt enda allt of fljótt.

Stuttu síðar bíður okkar annað fótabað dagsins og er það líklega meira hressandi í þetta skiptið. Af kortum má sjá að þetta ónefnda fjall okkar tilheyrir líklegast Lambárskálum og er klárlega hægt að mæla með þeim tindi.

Fyrsta heimsókn í Hvalvatnsfjörð var góð og kallar hreinlega á aðra enda vitum við af skála, brú og fleiri fjöllum sem bíða okkar norðar í dalnum.

— ■ —

# FJALLAMENNSKA OG ÞJÁLFUN


KYNNTU ÞÉR ALMENNNU FJALLAMENNSKUNÁMSKEIÐIN  
OKKAR OG VOTTAÐA, ALPJÓÐLEGA ÞJÁLFUNARKERFIÐ  
FYRIR JÖKLALEIÐSÖGUMENN

Íslenskir fjallaleiðsögumenn, S: 587 9999  
mountainguides@mountainguides.is

**FJALLALEIÐSÖGUMENN.IS**



# TINDFJALLASKÁLI ENDURGERÐ 2008-2009



Úr bókinni Fjallamenn eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.

Við erum stödd á aðalfundi ÍSALP 2008 og til stendur að kjósa um tillögu um sölu á Tindfjallaskála til Ferðafélags Íslands. Fjölmenni er mikið miðað við síðustu aðalfundi klúbbsins og það er greinilegt að skálinn skiptir máli eða er það eitthvað annað sem dregur menn á fundinn? Er skálinn táknað vetrarfjallamennsku sem nú skyldi selja FÍ eða er hann fjárhalslegur baggi á klúbbnum, vannýttur og illa farinn, sem nauðsynlegt er að losna við? Er ekki alveg nóg fyrir klúbbinn að eiga netsíðu á vefþjóni? Stjórn Ísalp vildi fá botn í málið og boðaði til atkvæðagreiðslu.

Málið átti sér nokkurn aðdraganda. Á hitafundi um framtíð skálans í lok ársins 2007 var málið fyrst viðrað en ekki fékkst niðurstaða þá. Skiptar skoðanir voru uppi um hvað gera skyldi við skálann en fyrir aðalfundinn virtist allt stefna í að skálinn yrði afhentur FÍ með einum eða öðrum hætti. Tveimur dögum fyrir aðalfundinn myndaðist hópur áhugamanna um viðhald skálans innan klúbbsins. Hópurinn glímdi reyndar við eitt vandamál, hann var staddur á knæpu í Kyrgyzstan að hvíla lúin bein eftir brun dagsins. Nei, það var óparfi að skála aftur, nú áttu allir að hringja út fulltrúa sinn á aðalfund Ísalp, hvað sem það kostaði. Gestir á aðalfundinum voru tvístígandi, voru þessir „Vinir Tindfjallaskála“, eins og þeir

**Kristján Guðni Bjarnason**

vildu láta kalla sig, eithvað líklegrir til að standa við stóru orðin? Það fór svo að lokum að atkvæði félú með skíðamönnunum, þeim skyldi gefið tækifæri eftir allt saman.

Það er ekki hægt að fjalla um endurgerð skálans án þess að víkja stuttlega að sögu hans og umhverfi. Skálinn er staðsettur vestan við Tindfjallajökul,





í 850m hæð yfir sjávarmáli og efsti skálinn í röð þriggja skála sem þar eru. Hann gengur undir nafninu Tindfjallaskáli, næsti skáli fyrir neðan nefnist Miðdalur og er í einkaeigu. Neðsti skálinn nefnist Selið og er í eigu Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík. Sá skáli er að hruni kominn en Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík, Flugbjörgunarsveitin á Hellu, Björgunarsveitin í Landeyjum og Björgunarsveitin Dagrenning hafa sameinast um byggingu nýs skála, aðeins neðar. Þegar þetta er ritað telst sá skáli vera rúmlega fokheldur.

Tindfjallaskáli var byggður árið 1941 af hópi sem nefndi sig Fjallamenn. Fyrir hópnum fór Guðmundur Einarsson, frá Miðdal, mikill brautryðjandi í fjallamennsku á Íslandi. Tveimur árum áður hafði hópurinn smiðað skála á Fimmvörðuhálsi en Guðmund dreymdi um að reisa fjölda skála um hálandi Íslands, sem hægt væri að ganga á milli og hýst gætu samtals um 1000 manns. Þar skyldi halda sex vikna námskeið í fjallamennsku ár hvert auk þess sem skálarnir væru starfræktir allt árið. Tindfjallaskála teiknaði Guðmundur sjálfur en Karl Sæmundsson hannaði burðarvirkið. Yfirsmiður var Þorsteinn Þorsteinsson og hjó hann burðargrindina úr harðfuru sem rak á Skógarfjöru. Starfsemi Fjallamanna lognaðist út af eftir andlát Guðmundar árið 1963 og hefur skálinn verið í vörslu Ísalp frá 1979.

Víkjum aftur að endurgerð skálans. Nokkuð fjölgæði í Vinum Tindfjallaskála þegar skíðahópurinn kom heim og vorið 2008 hófst undibúningur af krafti við endurgerðina. Fljótlega var sú stefna tekin að athuga hvort ekki mætti flytja skálann til Reykjavíkur og vinna að endurbótum við bestu aðstæður. Ljóst var að margar vinnustundir voru framundan og erfitt yrði að manna margar langar og dýrar ferðir upp í Tindfjöll. Þegar Hlynur Skagfjörð hjá Hjálparsveit

Skáta í Reykjavík frétti af þessari flutningsáskorun var ekki aftur snúið. Farin var vettvangsferð og í kjölfarið unnin verk- og kostnaðaráætlun eins og vera ber. Aðra helgina í ágúst fór hópur upp í Tindfjöll vopnaður þriggja hásinga krókheysisibíl HSSR, kranabil frá Björgunarfélagi Árborgar, rústabjörgunarkerru HSG, beltagröfu Lystigarða og tilhlökken. Það tók ekki langan tíma að losa skálann af undirstöðunum og undirbúa fyrir flutning. Ferðin í bæinn gekk vel og var hópurinn kominn til byggða sólarhring síðar. Eigendur Miðdals tóku vel á móti hópnum og veittu honum næturskjól en þá var búið að tæma Tindfjallaskála og stifa allan í bak og fyrir. Í ferðinni var tekin prýðileg ákvörðun, skálanum skyldi skilað að ári.

Eftir nokkra óvissu um endanlegan vinnustað hófst vinna við skálann í lok september, á Kirkjusandi, gamla athafnasvæði Strætisvagna Reykjavíkur. Þar fékk hópurinn inni með verkfæri og rafmagn fyrir verkfæri en skálinn stóð úti í sæmilegu skjóli fyrir veðri og fingralöngum einstaklingum. Fyrir hópnum fór einn reyndasti fjallaskálasmiður landsins, Ísalpari og flugbjörgunarsveitarmaður, Guttormur Þórarinsson, sem haldið hafði skálanum við á árum áður. Ákveðið var að fára skálann í upprunalegt horf, þ.e. fjarlægja skyldi útigeymslurnar beggja megin við forstofuna. Við ástandsskoðun kom í ljós að lítið sem ekkert var hægt að nýta af skálanum. Endurnýja þurfti



Magnus Hallgrímsson,  
Hilf Ólafsdóttir og  
Guttormur Þórarinsson



Göður er kaffisopinn

© Magnea Magnúsdóttir

alla gólfbita, fótstykki, veggjastoðir, vegg- og þakklæðningu, allar sperrur, forstofuna í heild sinni, gólfs og gólfefni á svefnlofti. Helst var hægt að nýta austurgaflinn að einhverju ráði. Veturinn fram að jólum var nokkuð vel nýttur, unnið var flesta þriðju- og fimmtudaga eftir klukkan fimm og oft einn dag um helgar. Þann 21. desember var tjörupappi yfir klæðningu kominn á sinn stað og þá um kvöldið var haldið fjölmennt og vel heppnað jólaglögg í skálunum. Var það mál manna að þetta hafi verið eitt af betri og fjölmennari partyjum sem haldin hafa verið í skálunum síðustu ár.

Vinir Tindfjallaskála tóku gott hlé eftir jól og hófu aftur störf þegar daginn fór að lengja í byrjun mars. Þá hófst vinna við að klæða skálann með bárujárn. Reyndar hafði þá komið í ljós að styrkumsókn til Húsafríðunarnefndar skilaði engu en hópurinn hafði gert sér nokkrar vonir um myndarlegan styrk frá henni. Umsóknum til annarra styrktarsjóða hafði líkað verið hafnað og sárafá fyrirtæki höfðu styrkt okkur með fjárfamlögum. Efnahagskreppan í kjölfar bankahrunsins í október hafði sín áhrif á verkefnið. Aðföng reyndust dýrarí en áætlað var og fé lá ekki á lausu. Verkefnið var komið í hálfgert uppnám. Í upphafi höfðum við áætlað að heildarkostnaður væri um 2,3 milljónir en á þessum tímapunkti hafði bara komið 200-300 þúsund í kassann. Ísalp hafði lofað fjárhagslegum stuðningi en aldrei svona miklu. Framundan voru kaup á meira bárujárn, einangrun, gluggum, gleri, hurðum, klæðningu að innan, kamínu og reykröri, undirstöðu og innanstokksmunum. Á vormánuðum var blásið miklum krafti í fjárlun og sem betur fer tókst að raka saman tærpi einni og hálfri milljón og halda heildarkostnaði lægri en áætlað var. Vinnan tók aftur mikinn kipp í lok apríl og í maí unnu Guttormur og Árni Þór Lárusson, HSSR-maður og smiður, stanslaust við frágang á járni og aðrar smiðar. Skálinn var



Kamarsmiði

© Magnea Magnúsdóttir

einangraður í bak og fyrir, klæddur panel og nýjum gluggum og hurðum komið fyrir. Gömlu kojurnar voru pússaðar og settar upp á nýjan leik og þá var eins og gamli skálinn birtist að nýju. Í lok júní var farin vinnu- og fjölskylduferð í Tindfjöll þar sem unnið var við grunn skálans. Svæðið var slétt, mikið grjót flutt að til seinni nota og akkeri smíðuð. Í bænum var tveimur stálbitum stillt upp undir skálunum, bitarnir voru styttir og festir við grind hússins. Við hvorn bitaenda var svo soðin grind úr járni sem festa átti akkeri við. Þetta var allt að smella saman. Fyrst átti eftir að ljúka einu stóru hitamáli. Hvernig skyldi kynda upp skálann? Með olíu eða við? Óformleg tilboð í smiði reykrörs virtist hleypa kostnaðinum rækilega upp og jafnvel tímaáætlun um flutning í hættu. Þá bárust hópnum þrí notaðir finnskir UPO ofnar með innbyggðum olíutanki. Úr varð að hópurinn gerði upp einn þeirra, hannaði reykrör sem passaði og bjargaði smiði á því fyrir lítið.

Í vikunni fyrir flutning var blásið til samkomu á Kirkjusandi til að sýna skálann, rifja upp gamla tíma eða láta sig dreyma um ævintýraferðir í Tindfjöll á komandi vetri. Mæting var framar vonum og er greinilegt að eldri Ísalparar bera sterkar taugar til skálans. Á samkomunni myndaðist áhugi á að nýta timburafganga í smiði náðhúss og á svipstundu var mynduð sérsveit kamarsmiða fyrir komandi helgi. Á fimmtudegi, viku á eftir upprunalegri áætlun, var svo lagt af stað með skálann austur á Hvolsvöll. Átján manna hópur fór svo austur á föstudeginum til að koma skálunum fyrir, byggja náðhús og ganga frá umhverfinu. Smiði náðhússins þótti merkileg fyrir þær sakir að í hópnum var fjölmenni af langskóla-gengnum handlöngurum sem létt ekkert afskiptalaust. Fyrir vikið fékk náðhúsið hið virðulega nafn Akademían. Eftir veisluhöld á laugardagskvöldinu var farin fjölmenn vígsluferð á Akademíuna sem þótti takast ákaflega vel. — ■ —



Skálin kominn á sinn stað

© Sigurður Skarphéðinsson

Tindfjallaskáli er tilbúinn til notkunar og bókanir streyma inn. Hægt er að nálgast upplýsingar um skálann, sjá hvaða dagar eru lausir og bóka á heimasíðu Ísalp, [www.isalp.is](http://www.isalp.is).

Vonandi munu sem flestir meðlimir Ísalp eiga ánægjustundir í skálanum á komandi árum.

Öll vinna við endurgerð skálans var unnin í sjálfboðavinnu. Fjölmargir aðilar styrktu endurgerð skálans með einhverjum hætti en þeir eru:



#### Arctic Rafting

Bílaleiga Akureyrar

Björgunarfélag Ákraness

Björgunarfélag Árborgar

Björgunarsveit Hafnarfjarðar

Björgunarsveit Suðurnesja

Björgunarsveitin Kyndill Mosfellsbæ

Eykt

Everest ferða- og útvistarverslun

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar

Glertækni

Hjálparsveit skáta í Garðabæ

Hjálparsveit skáta í Kópavogi

Hjálparsveit skáta Reykjavík

Húsasmíðjan

Íslenskir aðalverktakar

Íslenskir fjallaleiðsögumenn

Landsbjörg

Lystigarðar






Miðdalseigendur


Orkuveita Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

Sveinn Friðrik Eydal Sveinsson

Útilif





# LAKE DISTRICT

## LISTIN AÐ LÆRA FYRIR PRÓF

Haraldur Guðmundsson

Skoskur vinur minn, Davy Virdee frá Edinborg, sló á þráðinn til mín rétt undir Jónsmessu og spurði hvort ég væri til í að hjálpa honum að læra fyrir próf. Fyrst varð ég nokkuð hissa og gat ekki með neinu móti komið þeiri akademísku- eða iðngrein fyrir mig sem ég gæti hjálpað honum í, sér í lagi þar sem hann hafði notað doktorsnám í jarðeðlisfraeði sem afsökun til að klifra nokkrum árum áður og ég verð seint talinn handlaginn. Davy svaraði að bragði, nokkuð „sposkur á róminn“, að það væri verklegi þátturinn sem hann þyrfti hjálparhönd við. Ég bað hann hið snarasta að mæla í óbundnu máli en ekki krossgátum! Davy hló og sagði að hann hefði bókað sig síðar um haustið í prófi „Fjölpanna klettaklifri“.

### Pungapróf á fjöllum

Hér í Bretlandi eru ýmsar reglur sem segja til um hvaða prófskírteini þurfa að vera innrömmuð upp á vegg til að geta rukkað fólk aur fyrir að vera úti í náttúrunni á þínum vegum. Davy var þá þegar kominn með „Mountain Leader Award“ og byrjaður að taka kúrsa fyrir „Mountain Instructor Award“, sem inniheldur meðal annars hinn fyrرنefnda „Fjölpanna klettaklifur“ kúrs. Ég hygg að menn þurfi að hafa farið tilteknar 200 fjölpanna klettaleiðir, „Very Severe“ eða erfiðari,

innan ákveðins tímabils.

### Norður Wales eða Lake District

Ég sló til og sagðist vera „geim“ þó að ég hefði aðeins klifrað einn dag þetta sumarið og mest lítið hreyft mig sökum almanns sekksháttar og pintu-mennsku. Við ákváðum að láta veðrið ráða hvort við færum til norður-Wales eða Lake District. Á Bretlandseyjum er suð-vestanáttin sú fyrirferðarmesta, iðulega með vætu. Flest klifursvæði liggja vestan megin við miðju sem er sínu verra með tilliti til þessarar vindáttar! Veðurspáin gaf til kynna að Lake District væri betri kostur.

### Lake District

Þjóðgarðurinn „Lake District“ er í Cumbria sýslu í norðvestur Englandi, skammt frá skosku landamærunum. Nafnið dregur hann af stöðuvötnunum sem liggja í jökulskornum dölum. Í raun eru þetta andstæður sem bregða fyrir, há fjöll úr fyrirtaks bergi hentugu til klifurs og svo iðjagrænir dalir með djúpum dimmum stöðuvötnum. Hæsta fjall Englands, Scafell Pike 978m, er þar að finna.

Ólíkt mörgum öðrum þjóðgörðum á hnöttinum þá er talsverð byggð í Lake District, landbúnaður í

míklum blóma, bæir og þorp ekki langt í millum. Viða má sjá minjar um fyrri tið þegar iðnbyltingin skók Bretlandseyjar með námugreftri eftir kolum eða öðrum hrávörum. Gríðarlega mikill ferðamannastraumur er yfir sumartímann og má sjá sumstaðar að landið ber vart meir, minnir stundum á Landmannalaugar um miðjan júlí. Merkilegt er þó að þrátta fyrir þetta telja margir að Lake District sé einhver friðsælasti og jafnframt segursti staður í gjörvöllu Englandi.

Þjóðgarðurinn er vinsæll meðal göngufólks, fjallamarathonista, fjallhjólfólks, kæjakræðara sem og auðvitað klifrara.

### Staðhættir og bergflóra

Áhugafólk um form- eða landafræði áttar sig fljótt á að miðsvæði Lake District má í raun líkja við gjörð fyrir hjól, þar sem út frá öxlinum ganga dalirnir sem vötnin liggja í. Scafell fjallahnappurinn skapar ákveðna þungamiðju, en svo má telja upp helstu dali á þá lund réttsælis: Langdale, Doddon Valley, Eskdale, Wasdale, Ennerdale, Buttermere, Borrowdale og Thirlmere. Hinn póllinn yrði þá að vera Helvellyn fjallahnappurinn með sína undirdali: Patterdale, Grizedale, Deepdale og Dovedale.

Hver þessara fyrnefndu dala hefur á að skipa fjölda af góðum hömrum til að reyna sig við, þó hver með sín sérkenni og andrúmsloft. Það kemur mör gum klifraranum á óvart hversu fjölbreytt bergflóran er. Hægt er að velja á milli kalksteins, sandsteins, „sleits“ (e. slate), graníts, gabbrós, ýmiss konar andesíts og flykrubergs.



Klassísk sjálfsmynd af greinarhöfundi áður en það gerði úrhelli í leiðinni Fool's Paradise, VS-, 113m

### Kort

Bresku Landmælingarnar (e. Ordnance Survey) eru í sérflokki hvað góð staðfræðikort varðar. Fyrir Lake District er gott að skoða „Explorer Series“ blöð númer 4, 5, 6 og 7 sem ná yfir allt svæðið, skalinn er 1:25.000 sem er mjög nákvæmur og oft má nánast sjá útlínur klettaleiðanna á kortinu einu saman. Í 1:50.000 kvarðanum þá er „Landranger Series“ kort númer 89, 90, 91, 96 og 97 það sem þarf. Liklega er þó númer 90 það nyttsamlegasta þar sem það nær yfir miðsvæði. Breska hnitakerfið er náskylt UTM, þó er vert að kynna sér betur áður hvernig það virkar. Misvisun er á bilinu 3-4°, þegar þetta er skrifað, en er þó að sjálfsögðu breytileg.

### Gistimöguleikar og staðhættir

Frá sjónarhlí klifrara eru það í raun bara tveir bæir sem skipta máli: Ambleside til suðurs og Keswick til norðurs. Sá fyrnefndi



Black Crag í öllu sínu veldi

er við Langdale og sá síðarnefndi er við mynni Borrowdale. Þetta eru tveir vinsælustu dalirnir til klifurs. Þjóðvegurinn A591 tengir þá saman. Aragrúi af „rúmi og árbít“ (e. bed & breakfast), farfuglaheimilum, krám, veitingastöðum, „fisk og frönskum“, nýlenduvöruverslunum og síðast en ekki síst útvistarþúðum er að finna þar um slóðir. Tjaldsvæði eru á hverju strái og tvímælalaust sá gistogramíti sem mælt er með, þó það sé vert að reikna með að þurfa að flýja inn ef það gerir úrhelli. Einhversstaðar var því fleygt að það rigni hvergi meira í Englandi en í Borrowdale.

Það er ekki leyfilegt að tjalda úti í náttúrunni utan tjaldstæða. Ekki er mælt með að drekka vatn úr lækjarsprænum því þarna er griðarlega mikil umferð göngufólks og landbúnaðaráburður er notaður í miklu magni þannig að best er að bera allt vatn með sér fyrir daginn. Kranavatn er fint til drykkju og þarf ekki að sjóða hér frekar en annars staðar á Bretlandi. Ef klórbragð er þyrnir í augum má fjárfesta í kolafilter í næsta stórmarkaði, t.d. í Keswick, sem kostar ekki meira en 5-6 pund í stað þess að kaupa firnin öll af átöppuðu vatni.

## Borrowdale

Við ákváðum að koma okkur fyrir til nokkurra daga á tjaldsvæðinu hjá Stonethwaite bónabænum sem er líklega 20 mín akstur frá Keswick. Planið var að taka fjóra klifurdaga ef veðrið leyfði. Spán hljóðaði upp á two góða daga og two sem gátu brugðið til beggja vona.


Borrowdale dalur er líklega sá vinsælasti til klifurs, sökum þægilegs aðgengis. Klettahamrarnir liggja margir hverjir nokkuð lágt og þorna nokkuð fljótt eftir rigningu. Bilastæði með stöðumælum er að finna viða um dalinn og mælt er með að nota þau fremur en að leggja í vegkantinn því löggreglan er dugleg að safna „sértekjum embættis“ með því að skrifa upp bíla sem eru á við og dreif.

Morgunninn heilsaði með örþáum regndropum en léttksýjuðu, þannig að við tókum þessu bara rólega. Ég belgdi mig út af hafragraut og tei. Davy lagði til að við kíktum á Gowder Crag til að byrja með þar sem ein af leiðunum á listanum góða var.

## Gowder Crag

Gowder Crag er brattur hamar sem gægist milli tveggja trjálunda á eystri bakka Lodore fossa, bakvið samnefnt hótél.

Það var enn smá úði en við lögðum engu að síður af stað frá bilastæðinu við Kettlewell þar sem



Davy á ferð upp samsuðuna Troutdale Pinnacle Superdirect HVS og Raindrop E1. Turninn efst fyrir miðri mynd er síðasta spönnin.

klifurhandbókin sagði að bergið þornaði fljótt eftir vætu. Leiðin heitir „Fool’s Paradise“ og er 113m af VS-gráðu. Hún læðist líkt og slang um góðan part af veggnum með áhugaverðri hliðrunarspönn.

Davy fékk fyrstu spönn og klifraði í Gore-tex jakkanum því það var smá úði. Ég elti hann upp og þegar ég var kominn um miðja spönn þá gjörsamlega opnuðust himnarnir og rigningin sturtaðist niður. Við tókum þá skynsamlegu ákvörðun í stansinum að síga niður og fá okkur te á testofunni rétt hjá og sjá hvað veðrið myndi gera.

## Shepherd’s Crag

Shepherd’s Crag er u.p.b. 5km frá Keswick, milli sveitahótelanna Lodore og Borrowdale. Þetta er líklega aðgengilegasta svæðið í Borrowdale enda eitt það vinsælasta og oft aragrúi af hópum á klettaklifursnámskeiðum. Vinsældirnar má líka rekja til þess hversu fljótt kletturinn þornar. Svæðið skiptist í þrjá parta: Brown Crag, North Buttress og Chamonix Area.

Það hafði stytt upp og sólin var um það bil að skína í heiði. Við höfðum setið á testofunni, teft eina skák, lesið klifurhandbókina spjaldanna á milli meðan við biðum þess að himnarnir hefðu lokið sér af við að vökva flóru Borrowdale. Davy steig út, horfði til himins með lófann upp og lýsti því yfir að það yrði klifurhæft við Shepherd’s Crag eftir rúmlegan hálftíma. Okkur var ekkert að vanbúnaði, greiddum það sem keisarans var og

gengum af stað í makindum upp í móti. Ég velti því fyrir mér hver einkenni of neyslu tes gætu verið - við höfðum sötrað liklega liter hvor á tveimur tínum.

Chamonix Area varð fyrir valinu. Klifrið var fint, smá raki á stöku stað en ekkert til að kvarta yfir, völdum auðveldar leiðir til að byrja með. Jackdaw Ridge 76m, D þrjár spannir og svo hina sigildu Little Chamonix 71m, VD fjórar spannir. Þetta eru leiðir sem voru fyrst klifraðar rétt eftir seinna strið. Framfarir í breskri fjallamennsku staðu í stað yfir báðar heimstyrjaldir, skiljanlega því flestir færir menn voru staddir í Frakklandi í öðrum erindagjörðum en hástemmdu klifri. Eftir striðslok reið svo bylgja nýrra leiða yfir svæðið.

EKKI var ský á himni og nú var kliffrum farið að fjalga og líka stórum hópum sem voru um það bil að fá sína fyrstu leiðsögn í klettaklifri. Við ákváðum að leita á önnur mið þar sem væri minna af folki.


### Black Crag

Black Crag hamarinn trónir yfir Troutedale dalverpinu og er auðséður frá veginum rétt eftir að ekið hefur verið hjá Shephard's Crag og Borrowdale hotelinu. Hentugasta bílastæðið er að finna rétt eftir að ekið er framhjá Derwent hotelinu. Haldið er fótgangandi meðfram læk eftir stíg sem síðan síkk-sakkur upp brekkuna að hamrinum.

Klettaveggnum má í raun skipta til helminga um gróna rás rétt vinstra megin við þar sem stíglurinn endar. Bestu leiðirnar er að finna sitt hvoru megin við þessa rás.

Við höfðum átt góðan dag fram að þessu, ekki gefist upp þó að það vöknæði aðeins. Davy hafði talad fíalglega um leiðina Troutdale Pinnacle (105m Severe) á Black Crag, ég yrði að klifra hana því hún væri jafn óaðskiljanlegur partur af klifurheimsókn í Lake District og Ósk Norðfjörð væri hluti af Islandsheimsókn, vel minnugur hversu tæpt stóð í sundlaug Dalvíkinga páskana 2006 er óskin sú reyndi að klófesta Skotann í vef sinn - okkur Helgu Björtu gestgjafa til mikillar skemmtunar!

Ég var til því ekki vildi ég missa af áþekkri upplifun á Troutedale Pinnacle og í sundlaug Dalvíkinga. Davy, upppfullur af listanum góða stakk upp á að taka ofur-beina afbrigðið af leiðinni (Troutedale Pinnacle Superdirect 95m, Hard Very Severe). Það hljómaði ekki verr því það leit mun form-fegurra út en upphaflega leiðin. Ég áttarði mig reyndar að ég hafði gleymt sportklifurtúttunum í



Síðustu tvær spannirnar eftir upp samsuðuna af Troutdale Pinnacle Superdirect og Raindrop

bílnum og hafði einungis „hybrid“ göngu-túturnar til brúks. Ekki skyldi það stöðva okkur.

Eftir tvær spannir beygðum við óvart of fljótt út á sjálf fésið og vorum þá komnir á allt aðrar slóðir, þunnir listar en skemmtilegt klifur. Síðasti stansinn fyrir sjálfan loka turninn er mjög flottur, þar sem setið er klofvega á 50cm breiðum hrygg líkt og í söðli á stóðhesti með þverhnípi til beggja hliða. Lokahnykkurinn er upp útstæðan turn með svera eik sem topptryggingu. Útsýnið var stórkostlegt yfir Derwent vatnið og iðjagrænar grundir. Eftir að hafa ráðfært okkur við klifurhandbókina kom í ljós að við höfðum tengt saman leiðirnar Troutdale Pinnacle Superdirect HVS og Raindrop E1.

Eftir þessa frægðarför lá leið okkar á ölstofu áður en við fórum heim á tjaldstæðið. Líkt og oft áður stóðum við okkur að því að segja sögur af lengri úthlaupum og stærri yfirhangandi köflum en þeir voru í raun og veru. Hver hefur ekki staðið sjálfan sig að svona „laxveiði“ sagnfræði?

### Buttermere

Upprifnir af frammistöðu dagsins áður ákváðum við að eyða degi í Buttermere – það var komin stóru-leiða stemning í okkur piltana. Davy hafði ákvæðið að sjá um matarinnkaup fyrir ferðina en hafði tilfinnanlega gleymt að ég verð sjaldan talinn matgrannur, eða grannur yfir höfuð ef út í það er farið, sérstaklega þegar um árbít er að ræða. Davy hafið torgað sínum morgunmat, sem samanstóð



Hvítar sandstrendur Buttermere séð ofan frá stígnum upp að Eagle og Grey Crag

af síðasta weetabixinu plús tvö epli og skilið eitt epli handa mér. Þegar þetta var orðið ljóst ákvað ég að við myndum stoppa á leiðinni og torga „full English.“ Eftir þessa yfirlýsingu lá leið okkar frá Borrowdale um Hoinster skarð niður í Buttermere.

Buttermere er fallegur dalur sem liggar í NV-hluta Lake District, um 15km suður frá Cockermouth bænum. Hann fellur í skuggann, að ósekju, af öðrum döllum líkt og Borrowdale og Langdale.

Við höfðum sett stefnuna á Eagle Crag sem skartar stórum leiðum, þar af nokkrar á listanum tittnefnda. Er við komum yfir Hoinster skarð blasti við okkur rigningarský sem lúrði yfir Eagle Crag og sturtaði úr sér af og til. Merkilega vildi til að Grey Crag sem er ekki svo langt í burtu, giska 5km leit þurr út neðan frá vegi. Davy er bjartsýnismaður að upplagi, meðan að ég er frekar raunsýnn. Hann vildi að við skoðuðum Eagle Crag, meðan ég lagði Grey Crag til sem líklegra viðfangsefni, sökum sólskins. Við sættumst á að þramma af stað frá Gatesgarth og meta þróun mála eftir því sem við hækkuðum okkur. Þegar við vorum komnir hálfu leið upp að Eagle Crag var orðið augljóst að dökkir taumar runnu niður klettana sem gat ekki verið neitt annað en bleyta milli rigningaskúra. Nú var valið augljóst því Grey Crag leit út fyrir að vera í príma aðstæðum.

### Grey Crag

Grey Crag samanstandur af hamra kvartett, sem liggja í þremur lögum hvert ofan á öðru. Engar vatnsrásir liggja niður klettana og þar sem hann lýtur á móti suðaustri þá er ekki hægt að finna hamar sem þornar mikið hraðar en Grey Crag.

Við ákváðum að tengja saman leiðir til klifra frá botni alla leið upp á topp. Fyrst varð leiðin Spider Wall, VS-, 40m. fyrir valinu en hún liggur upp Harrow hamarin. Ég fékk fyrstu leiðslu og tengdi fyrstu og aðra spönn saman í eina. Klifrið var fint með virkilega flottri „brúun“ (e. bridging) í gegnum erfiðasta kaflann. Davy fylgdi og skaust af stað í síðustu spönn sem var upp útstætt klettanef. Við röltum yfir að Chockstone hamri og ég gat ekki staðist mátið og spurði Davy hversu vel kliffrunum hlyti að líða sem hefðu þrjóskast við og strunsað beinustu leið á Eagle Crag og sætu nú á klettasyllu og norpuðu í úrhellinu.

Næsta leið var Slabs Ordinary, Vdiff, 60m og lá um hægri vangann á Chockstone hamri og fórum við hana í þremur þægilegum spönnum. Nú vorum við komnir í djúpar heimspekilegar umræður um rættlaeti þess að Lake District, eitt og sér, hefði á að skipa líklega jafnmiklu „góðu“ klifri og öll skosku Hálöndin til samans. Nú var okkur ekkert að vanbúnaði og fórum í hægindum okkar upp að Oxford & Cambridge hamri. Leist okkur best á að klára upp á brún með því að leggja

fyrir okkur Oxford and Cambridge Direct, Severe, 40m. „Oxbridge“ fylgdi klettahorninu (arete) fyrir miðjan hamarinn. Klifrið var nokkuð opíð og ekki hægt að segja annað en að maður fyndi aðeins fyrir því að vera kominn talsvert upp fyrir jafnsléttu. Bergið var óaðfinnanlegt og hafði tekið í sig smá yl frá sólglætunni sem skein á Grey Crag.

Tekið var að halla degi og ráð að koma sér niður á næstu ölstofu til að mæla nú mjög vísindalega hvernig laxveiði-sagnfræðin fær með okkur þennan daginn.

### Thirlmere

Veðurspáin hafði snúist á þriðja degi, útlit var fyrir að eftir nónbil fær að rigna. Í kjölfarið gaf veðurstofa Bretlands út viðvörun um yfirvofandi flóðahættu í Cumbria-sýslu. Þótti okkur nokkuð ljóst að sjálfst syndaflóðið gæti verið á næstu grósum og því um að gera að hafa hraðar hendur.

Eftir árbít töldum við að líklegast væru næstu 3-4 klukkutímar þeir síðustu sem við gætum kreist út úr þessari heimsókn. Davy lagði til að stoppa við Castle Crag í Thirlmere, sem væri stutt frá veginum.


Um Thirlmere liggur ein helsta samgönguæð milli norður og suður parts þjóðgarðsins, vegurinn A591. Það er líklega vegna þess að flestir fara í gegnum dalinn á leið eitthvert annað, frekar en að njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða. Í klifurhandbókinni segir að þar sé eitt besta „rödsæd“ klifur í öllum þjóðgarðinum.

### Castle Rock of Triermain (Castle Crag)

Castle Rock er sem varðturn sem gætir norðurnýnnis Thirlmere, austan við stöðuvatnið. Kletturinn skiptist í two hamra, norður og suður. Sá nyrðri er brattur og heilsteyptur, giska 75m hár, meðan sá syðri er skiptist upp í nokkra sjálfstæða parta og fangar sólargeislana betur en sá fyrرنefndi.

Þar sem tíminn var knappur og með þá veiku von að velja það sem vísar á móti sólu, þá veðjuðum við á þann syðri.

Leiðin Kleine Rinne, VS, 36m hlaut náð fyrir okkar augum. Davy lagði af stað og klifraði nokkuð örugglega en hafði nokkuð hátt um hvað kletturinn væri orðinn rakur. Ég horfi til skiptis á Davy og himinninn sem hafði þykkað mikil og skartaði nú svörtum skyjum sem á stóð: Rigning eftir 10 mínútur! Ég elti Davy og það stóð heima og byrjaði að hellirigna, svo mikil að þegar ég spólaði upp í stansinn voru komnir lækjartauðar niður



Teymi á „Oxbridge“ hamri, síðasta partinum á Grey Crag „linking“. Við klifruðum mest áberandi hornið

klettinn. Ekki bætti úr skák að þrumur og eldingar ákváðu að staldra við í nágrenni kastalans. Nú fór að fara um greinarhöfund og ljóst að við myndum þurfa að síga niður því það var ekki spennandi verkefni að lúðra sér upp á brún beint í fangið á þrumuguðinum Pór og höfrunum hans.

Ekki var mikil mál að komast niður þó hvergi væri þurr þráður á okkur kumpánunum.

Nokkuð ljóst var að veðrið var aðeins á undan spánni og nú myndi vart stytta upp í viku. Ekki væri til mikils að reyna að sprayna á móti, heldur gáfulegra að grípa eina pintu og þakka fyrir sig og halda áleiðis til Carlisle þaðan sem Jómfrúar-lestin myndi flytja mig aftur suður á bóginn til Wiltshire í Suður-Englandi.

Lake District stóð tvímælalaust undir væntingum og eftir að hafa eytt þar nokkrum dögum er ekki hægt að segja annað en að maður skilji hvers vegna skáld Viktoriu-tímans bjuggu til nýrði til að fanga hughrifin sem ferðamenn verða fyrir í einu orði – Awesome!

Klifrið hei!

— ■ —

#### Heimild:

Reid S. J. H (ritstýrði): Lake District Rock – Selected Rock Climbs in the English Lake District. FRCC (2003)



# SVARTI TURNINN Í BÚAHÖMRUM

Sveinn Friðrik Sveinsson

Sveinn Fr. Sveinsson

Þegar Bjarnason kveður menn til starfa þýðir lítið að skorast undan. „Sizmeister, sérðu fyrir þér okkur félagana á sólríkum degi í sumar að klifra fjöлspannaleið í Búahömrum, kletturinn er heitur og hreyfingarnar unaðslegar.“ Gott og vel, ég hlusta. Stuttu seinna hangi ég í gömlum spotta í lóðréttum vegg í slyddu og skítakulda með kúbein í annarri og borvél í hinni.

## Góð hugmynd frá Íslandi

Hugmyndin var sumsé að bolta tveggja spanna leið í myndarlegan vegg austast í Búahömrum sem Andri hafði rekið augun í. Eftir skoðunarferðir um svæðið komumst við að þeirri niðurstöðu að þetta væri líklega ekki svo galið plan. Þarna er nokkuð gróið undir sem þýðir vonandi að þetta hangi eilitið betur saman en elsku Esjan okkar gerir alla jafna.

**Eftirvæntingarglottið leyndi sér ekki er við keyrðum upp á Kjalarne**

Vinnuferðirnar urðu fleiri og fleiri, einnig tebollarnir, tonnin af grjóti sem leituðu sér að nýrri búsetu fjarri heimahögum að ótöldum bröndurum, sögum og eftirherum í boði undirritaðs. Ekki má gleyma geðveikishlátrinum í Frey Inga, hæstvirtum keisara Ísalp, þegar hann gerði það sem honum finnst skemmtilegast.

## Leiðin lengist

Allt gekk þetta prýðilega upp en var náttúrulega kleppsvinna. Fljótlega voru þessar tvær spannir vel á veg komnar en við komumst ekki hjá því að sjá turn einn ógurlegan sem reis ansi tígulega fram úr klettabeltinu uppi við brún. Ekki varð hjá því komist að skoða þetta aðeins betur og leiddi sú skoðun í ljós fallega sprungu upp 8m haft upp á brún. Eftir að hafa þreifað aðeins á henni kom í ljós að ekki yrði umflúið að leiðin lengdist um tvær spannir til viðbótar. Við glöddumst ógurlega yfir því að planið okkar var að ganga upp, löng, falleg og fjölbreytileg fjöлspannaleið í léttari kantinum við bæjardyr Reykvíkinga. Ekki amarlegt. Leiðin var nokkurn veginn tilbúin í byrjun maí og aðeins eftir að reka smiðshöggjið á hana. Andri tók þá upp á því að eignast barn og við Freysi vorum á einhverjum ferðalögum þarna um vorið svo frumferð var sett á pásu um tíma.

## Loksins loksins

Eftirvæntingarglottið leyndi sér ekki er við keyrðum upp á Kjalarne í byrjun júlí. Veðrið snilldarlegt og merkilegt nokk var þetta allt í samræmi við lýsingar Herra Bjarnasonar 4 mánuðum áður. Þegar hann spólaði í fyrstu spönnina heyrðust torkennileg hljóð. „Vá, þetta er svo geðveik hreyfing Sissi.“ „Freysi, manstu eftir takinu hérna? Þetta er ekkert smá gott tak. Ohhh, unaðslegt.“ Og þar frameftir götunum.

Vöð vorum sumsé mjög ánægðir með þetta. Bratta og jafna 30m spönnin neðst var yndisleg. Önnur spönn með sína 15m utan á berggangi og síðan inn í litinn stromp var ótrúlega hressandi. Bröltið upp hrygginn í þriðju spönn að fjórðu og síðustu spönn með sitt flotta útsýni og alpafiling skemmtileg tilbreyting og offwidth sprungan með tvöföldu hnefataki í svarta turninum sjálfum algjör snilld. Ég brosti allan hringinn þegar ég klifraði yfir brunina til Andra og tók létt gleðiðskur. Gerðum við þessa leið í alvörunni?

Það var eithvað mjög gefandi við að bolta langa leið sem flestir geta klifrað, á stað sem mætti sjálfsagt kalla eina af vöggum klifurs á Íslandi. Vitandi að margir eiga eftir að eiga góðan dag á fjöllum í leiðinni okkar, djóka eithvað i stönsunum og vera helsáttir við lífið og tilveruna skemmir heldur ekki fyrir. Og ekki minnkar virðingin fyrir þeim sem hafa lagt gríðarlega vinnu í klifursvæðin okkar. En fyrst og fremst er þetta bara svo fáránleg skemmtilegt.

— ■ —

Andri klifrar og varpar fram línum um unaðsteika fyrstu spönnar. Fjölhæfur drengur.



## Svarti turninn - 5.8

### Staðsetning:

Búahamrar í Esju, um 100m vestan við Rauða turninn.

F.F.: 6/7/09 - Andri Bjarnason, Freyr Ingi Björnsson, Sveinn Friðrik Sveinsson (Sissi).

1. spönn: 5.7 - 30m
2. spönn: 5.8 - 15m
3. spönn: 5.3 - 50m tengispönn
4. spönn: 5.8 - 10m

### Lýsing leiðar:

Fyrsta spönn er löng og brött á köflum, erfiðust fyrstu 15m. 9 boltar og tveggja bolta megintrygging.

Önnur spönn liggur upp einskonar berggang og endar í viðum strompi og þar er krúxið. 5 boltar og tveggja bolta megintrygging.

Þriðja spönn liggur upp grasbrekku sem leiðir að stuttu og léttu kletthafti með einum bolta. Þar fyrir ofan er stutt brekka upp í eins bolta megintryggingu.

Fjórða spönn liggur upp viða sprungu. Á einum stað þrengist sprungan og verður þar mjög hentug fyrir meðalstóran hnefa. Fjórða boltar og tveggja bolta megintrygging.

### Niðurleið:

Best er að ganga nokkra metra til vesturs og þar niður gil, fylgja svo klettavegnum þar til komið er að þróngu og bröttu gili.

### Búnaður:

60m lína + 11 tvistar.

ATH!! Búið er að hreinsa leiðina nokkuð vel en þó geta leynt staðir þar sem bergið er laust. Því er nauðsynlegt að nota hjálm. Varast skal að klifra út úr leið í fyrstu spönn.



# LITBLINDI PLASTKLIFRARINN

Águst Kristján Steinarrsson

„Belay slave wanted!!!“ stóð á heimasiðu Ísalp. Himmi (Gimp) var á landinu, spenntur fyrir Búahömrum og Svarti turninn heillaði. Einum og hálum tíma síðar var ég búinn að ditsa vinnuna, hætta við Q-tæm með fjölskyldunni og sestur upp í bíl með Himma á leið í turninn svarta.

Loksins var plastklifrarinn ég að fara í fjöлspannakkifur, eftir fimm ára „farsælan“ feril sem plastklifrari í K-húsínu og sem óreglulegur gestur á sportklifursvæðum landsins og átti að taka stóra skrefið - fjöлspannakkifur. Þó fannst mér þetta ekkert alltof merkilegt enda auðveldar gráður og því glimrandi tækifæri til þess að byrja létt.

Við lögðum heillangt í burtu og löbbuðum dágóðan spotta í brakandi bliðu og steikjandi hita. Þegar við nálguðumst klettana kom í ljós að ég hafði gleymt leiðarvísinum. Himmi hrindgi því í félaga sinn sem hafði klifið turninn nokkrum dögum áður. „Já, ég er við Rauða turninn... þennan með rauðu klessunni... Fer ég þá 100 metra til hægri frá honum?.. Ok.“ Heyrði ég Himma segja og við örkuðum að leiðinni. Himmi rifjaði þá upp að hann hafði á síðstu öld farið upp fyrstu spönn á Rauða turninum og mælti með að ég smakkaði hann líka.

„Djö er kallinn lengi að þessu“ hugsaði ég


þegar Himmi læddist upp fyrstu spönn, rólega en örugglega. „5.7 gráða og hann á þessum hraða... gamli orðinn aldraður?“ spurði ég sjálfan mig og hlakkaði til að hlaupa upp vegginn.

Dágóðum tíma síðar var gamli kominn upp í fyrsta stans og ég gíraður upp. Fyrst gráðan var svona lág og ég klifraði í ofanvaði bauðst ég til þess að hafa tvö pör af gönguskóm í bakpokanum mínum, sem var í staðri kantinum. Svo skellti ég á mig brettahjálminum sem var finast í staðgengill klifurhjálmsins sem tyndist fyrir nokkru, þó ég yrði seint kenndur við svalheit af fjallamönnum heimsins. Hvítur á lófum og fullur af klifuregói hristi ég hendurnar aðeins áður en ég lagði í fjörið - nú verður klifrað!

...  
Shit shit fokk! Uppþornaður út af andskotans hitanum og göngunni frá bílnum. Útpumpaður og í engu jafnvægi út af helvítis bakpokanum. Ráðalaus um hvernig næsta hreyfing verður eftir að hafa losað vænan stein úr klettinum. Og já... bara búinn með sjö metra og meira en tuttugu eftir...

... Smá bið þar sem ég geri ekki neitt nema hanga utan í klettinum með vænan kjánahroll um allan líkamann, já það og massífa þreytu í framhandleggjunum.

...Enn meiri bið...



Gamlí klickkar ekki og áður en ég veit af er ég laus við bakpokann og er „bara“ útpumpaður og upphórnadur. Heillöngu síðar læðist ég upp í stansinn. Mér líður eins og hálfum hálfvita eftir að hafa erfiðað svona mikri við léttustu spönnina, gráðuð 5.7, takk fyrir.

Ég treysti mér ómögulega til þess að halda áfram og sendi því Himma aftur af stað í leiðslu. Á meðan sá gamli læddist upp braut ég heilann yfir því hvernig ég gæti klúðrað þessu svona og ákvað að kenna helvítis bakpokanum um og þreytunni sem fylgdi. Það hlaut að vera ástæðan enda var ég ekki beinlínis vanur að klifra með eithvað flíkki á bakinu. Klifuregóið var eins lítið og það gat mögulega verið og vangaveltur um hvernig framhaldið yrði voru ógnandi, enda „erfið“ spönn framundan – 5.8.

Já, næsta spönn. Himmi sagði að ég yrði að hafa bakpokann með mér þar sem það yrði svo erfitt að hifa hann upp... Ok, hikandi lími ég hann við mig eins og ég get með alls konar strekkingum og læt vaða. Prátt fyrir alls konar vandræði og útpumpanir þá tókst mér einhvern vegin að klifra leiðina og klifuregóið óx um mikron. „Skrítið hugsaði ég...„, þessi átti að vera erfiðari“.

Two down, two to go... Samkvæmt leiðarvísinum minnti mig að þriðja spönn væri tengispönn í þá fjórðu, heilar 5.3 gráður. Ég bauðst til þess að leiða þá erfiðu spönn en ótrúlegt en satt þá tókst mér það ekki einu sinni...

Ég fann ekki næsta stans! Ég fór út úm allt en gat ómögulega fundið leiðina. Með egóið aftur í mälli fór ég til baka og var viss um að sá gamli fyndi leiðina en allt var fyrir ekki, engin leið sjáanleg!

Svekktr yfir því að klifra bara hálfan Svarta turninn neyddumst við til þess að halda til baka blótandi því að hafa ekki með okkur leiðarvísinn. Okkur tókst í það minnsta að finna leiðina niður og örkuðum svo niður í bíl.

Það voru blendnar tilfinningar þegar ég kvaddi Himmi þar sem ég var viss um að hann myndi varla nenna að draga mig með sér í næsta klifur. Plastklifrara sem ræður varla við Svarta turninn,

ef maður ræður ekki við það þá er lítið eftir til að leika sér á.

Daginn eftir var ég ennþá ansi fúll yfir þessu öllu saman en ég ákvað þó að kikja á netið og skoða aftur leiðarvísinn. Annað hvort var hann mjög ónákvæmur eða við klifruðum einhverja allt aðra leið.

Þá blasti það við mér – við fórum ekki þann Svarta heldur þann RAUÐA, sem er tvær spannir, 5.9 og 5.8. Á einni mínútu flaug gremjuskýið í burtu og ég komst að því að ég er a.m.k. ekki glataður klifrari, heldur litblindur sportklifrari sem getur hlunkast upp Rauða turninn með pumpur í handleggjum, ofspurk og bakpokann á bakinu. Sá gamli var aftur á móti klárlega gamall þar sem hann hafði klifrað þann rauða áður en mundi ekki einu sinni eftir því - aldraður.

Stuttu seinna fór ég Svarta turninn og þar með var aumingjadraugurinn farinn úr mér, enda skitlétt klifur. Það besta er, Rauði turninn var miklu skemmtilegri... og klárlega með undirgráðaða fyrstu spönn.

— ■ —

Vængbrotinn greinarhöfundur sem brosir bara af því að þetta er búið.



© Hilmer Ingimundarson



Björgvin Hilmarsson

# MIXKLIFUR Í TVÍBURAGILI

Andri Bjarnason

Petta blessaða gil í Búahömrum. Greinarhöfundur hafði vitað af mixklifurmöguleikum Tvíburagils í tæpan áratug, alveg síðan ágætur maður atti honum þar út í yfirhangandi klettaklifur með isaxir í höndum og brodda á fótum. Til allrar hamingju lá klifurlínan að ofan þann daginn, þótt óharðnaður unglungurinn hafi klórað sig upp á brún fyrir rest. Í ungæði sínu fullyrti hann eitthvað um að koma fljótt aftur og klifra leiðina í alvöru stil. Síðan liðu árin og ekkert spurðist af frekara mixklifir í Tvíburagili.

Ef þú gerir það ekki,  
þá gerir það einhver annar.

Í desember árið 2008 bárust íslenska klifurheiminum merk tilindi. Ívar „góður dagur á fjöllum“ Finnbogason og Haukur Flubbi, ásamt Viðari og Gumma Spánverja, höfðu þá af eljusemi sett upp mixklifurleið í Tvíburagili.

Greinarhöfundur játar fúslega að hafa fengið hland fyrir hjartað við þessar fréttir, enda gamla draumaleiðin akkúrat í þessum sama gilskorningi í Búahömrum. Í ljós kom að þeir kappar höfðu klifrað aðra linu, engu minna glæsilega, og fékk hún nafnið Síamstvíburinn.


Sækjum fram, piltar!

Greinarhöfundur sá að nú mátti engan tíma missa og hélt rakleiðis upp í Tvíburagil með fríðum flokki manna. Þar fóru fremstir Freyr, formaður vor, Ágúst Þór og Haukur Grönli. Voru þeir allir vopnaðir öxum, vel brýndum og báru um sig litklæði. Við lögðum til atlögu við klettinn og afrakstur dagsins var sá að gamla draumaleiðin var klifin og fékk nafnið Ólympíská félagið. Þetta var stórskemmtilegt klifur upp yfirhangandi klett, upp á myndarlega syllu og þaðan út á fríhangandi ískerti. Alveg eins og í útlensku klifurblöðunum.

Annan dag jóla fóru greinarhöfundur og Sveinn Friðrik Sveinsson í gilið góða og frumfóru leiðina Helvítis fokking fokk. Sveinn fórnaði afar mikilvægu jálaboði fyrir þessa leið og var útskúfaður af fjölskyldu sinni fyrir vikið. Hann tók því með stillingu, enda veit hann að persónulegir hagsmunir mega aldrei standa í vegi fyrir framþróun klifursins.

Sannlega segi ég yður:  
**Boltið og þér munuð klifra.**

Síamstvíburinn og Ólympíská félagið voru frumfarnar með fyrirfram innsettum dóttatryggingum. Það er almenn regla í klifri að ef unnt er að tryggja leið með dóti þá er sú leið ekki boltuð. Það er svo



Guðmundur Freyr Jónsson

- 1 Tvburafoss efri
- 2 Himinn og haf
- 3 Olympiska félagið
- 4 Síamstvíburinn

- WI4
- M8
- M7
- M7+

- 5 Tvburafoss neðri
- 6 Hagsmunagæslan
- 7 Helvítis fokking fokk
- 8 Verkalýðsfélagið

- WI4
- M5
- M4
- M8

mat þess sem fyrstur fer leiðina hvort hún krefst dótatrygginga eða hvort rétt sé að bolta. Hefð á klifursvæðinu skiptir líka miklu máli.

Það var augljóst að skortur á tryggingamöguleikum Ólympíská félagsins kallaði á boltun en síður svo með Síamstvíburann, þótt tryggingarnar þar væru mjög vandasamar. Um þetta mál varð kröftug og gagnleg netumræða á veg Alpklúbbins. Að endingu varð sátt um að bolta leiðirnar. Þá kom að þætti Mixboltasjóðsins. Sjóðurinn skaffaði það sem til boltunar þurfti og án hans hefði leiðauppsetning verið töluvert smínari. Framlög einstaklinga og ISALP hjálpuðu þannig til við uppbyggingu svæðisins. Munið að greiða í sjóðinn!

Nú komst hreyfing á hlutina. Greinarhöfundur og Freysi byrjuðu á að bolta Ólympíská félagið og Helvítis fokking fokk. Þetta var svokölluð „söfferboltun“; leiðirnar rennandi blautar, lofthiti undir frostmarki og tilfinnanlega hressandi vindkæling. Gore-Tex átti ekkert svar við þessum adstæðum. Með síðarnefndu leiðinni var komin fyrirtaks byrjendaleið í gilið. Freysi klífraði svo erfiðara afbrigði af þeiri leið sem nefnist Hagsmunagæslan.


Menn ætluðu ekki að leyfa okkur að sitja einum að hlaðborðinu og skömmu síðar bjó Robbi til flotta

leið sem hlaut nafnið Himinn og haf. Ívar boltaði Síamstvíburann og var leiðin margklifin eftir það og þótti skemmtileg mjög. Greinarhöfundur setti svo upp leiðina Verkalýðsfélagið.



Greinarhöfundur sýnir samtöðu í Verkalýðsfélaginu

Guðmundur Freyr Jónsson



Björgvin Hilmarsson



Guðmundur Freyr Jónsson

Arnar virðir fyrir sér hölvad  
andskotans frambaldid í  
Helvítis fokking fokki

Guðmundur Freyr Jónsson

## Það er allt að verða vitlaust!

Óhætt er að segja að Tvíburagil hafi slegið í gegn. Því til sönnunar má nefna að fljóttlega myndaðist þétttroðinn göngustigur upp í gilið og oft voru þar fjölmargir klifrarar á sama tíma. Það hefur verið fatítt í íslensku vetrarklifri að klifrarar geti spjallað við næsta klifurteymi en í Tvíburagili verður ekki hjá því komist. Þetta kallast sósíalstemning par excellence; tesmökkun, sögustund og keppni í almennum gorgeir.

Krifrarar streymdu í gilið og all algengt var að sjá ljósmyndara sígandi niður helstu leiðir til að mynda atganginn. Ónefndir klifrarar ofmetnuðust nokkuð við þetta og neituðu alfarið að klifra nema tryggt væri að ljósmyndarar væru á svæðinu. Þá bárust fregnir af mönnum sem sváfu í gilinu til að ná leiðunum í óspjölluðum morgunaðstæðum. Að síðustu er vert að segja frá því að greinarhöfundur hefur undir höndum gögn frá Select á Ártúnshöfða sem sýna að sala á Snickers og kókómjólk jökst umtalsvert í janúar og febrúar á liðnum vetri. Ítarleg gagnagreining og marktektarpróf sýndu

að þetta mátti rekja beint til aukinna klifurferða í Tvíburagil. Afleiðing af þessum vinsældum var það dásamlega lúxusvandamál að þurfa að hafa áhyggjur af því að hugsanlega væri einhver í leiðinni sem mann langaði til að klifra þann daginn.

## Mixklifur í framþróun

Tvíburagil er fyrsta og eina mixsvæðið í nágrenni Reykjavíkur með boltuðum leiðum. Það er ekki langssótt að halda því fram að svæðið geti verið lyftistöng fyrir íslenskt vetrarklifur. Nú er hægt að fara í skottúr og klifra brattar og tæknilegar mixleiðir án þess að hafa áhyggjur af vafasamri 10cm skrúfu í lélegum ís, átta metrum fyrir neðan sig. Þannig gefur Tvíburagil kliffrum færí á því að æfa við tiltölulega öruggar aðstæður tækni sem getur nýst við frekari landvinninga í klifrinu.

Mixklifurleiðir gilsins eru nú sex talsins og enn má bæta við fleirum. Leiðunum eru gerð skil í leiðarvísinum á síðunni hér á undan. Það er óskandi að fleiri rauðar línur verði á myndinni þegar næsta ársrit fer í prentun. — ■ —



Þungvopnaðir harðlínunumenn sýna búnað sinn

Björgvin Hilmarsson



Ívar tekst á við Síamstvíbura sinn

Björgvin Hilmarsson

# TRAILER TRASH

Valdimar Björnsson

© Marianne Van Der Steen

Eftir langan og kalandan vetrar var vorið lokins komið og tíminn til að grípa í alvöru íslenskt grjót nálgæðist. Eins og svo oft áður stóð til að slíta allt það skinn sem puttarnir höfðu upp á að bjóða en í þetta sinn ætluðum við Marianne að undirbúa okkur vel og njóta sumarsins til hins ítrasta.

Sumarið áður hafði ég eytt hátt í 80 þúsund krónum í bensín, bara til þess að komast á Hnappavelli. Þar við bættist matarkostnaður. Helst vildi ég hafa Reykjavík á suðaustur-horninu en það er vist ekki að fara að gerast á næstunni. Eina leiðin til þess að klifra á fullu og ferðast sem minnst er þá að flytja sjálfur á þetta frábæra svæði.

Í febrúar keyrðum við Marianne til Hornafjardar, ekki til þess að klifra (komum samt við í Vestrahorni) heldur til þess að finna leiguþúsnaði fyrir sumarið. Megintilgangurinn með því að búa á Höfn er nokkuð augljós fyrir okkur klifrarana, ekki satt? Jú, besta klifur á landinu er á Suðausturlandi. Hugsið ykkur að búa á Höfn, þar sem maður hefur MEGA ævintýra fjöлspannaklifur og bouldersvæði í Vestrahorni og Eystrahorni, Hnappavellir eru innan seilingar og þar á milli eru Steinafjall og Fallastakkanöf.

Við spjölluðum við nokkra húsnæðiseigendur

og skráðum okkur hjá Innu (leigumiðlun á Höfn). Einnig sóttum við um vinnu hjá ýmsum hótelum og gistiheimilum í von um að fá stað til þess að búa á í leiðinni.

Eftir að vinnu í borginni lauk í apríl skelltum við okkur til Siurana í tvær vikur. Þegar við komum heim á klakann tóku við ýmis vandamál. Enga vinnu að fá á Höfn og leigan há. Frábæra planið okkar um að búa á Höfn ætlaði ekki að ganga upp. Eini kosturinn virtist vera að leigja og vinna á höfuðborgarsvæðinu en það tókum við einfaldlega ekki í mál.

## Undirbúningur

Eftir miklar pælingar komumst við að niðurstöðu. Lausn á öllum okkar vandamálum var fundin; húsbill!

Á Spáni höfðum við kynnst fólk sem ferðaðist um Evrópu til að klifra. Þau óku milli staða í uppgerðum, innréttuðum sendiferðabilum sem var heimili þeirra á ferðalaginu. Sá lífsstill er kannski ekki góður til langtíma en vel raunhæfur kostur í nokkra mánuði. Hófst nú leitin að hinum fullkomna sendibíl sem við myndum innrétt og hanna þannig að hægt væri að búa í honum við íslenskar aðstæður. Leitin tók langan tíma en á





Húsbíllinn í andlitslyftingu fyrir sumar á SA-landi  
endanum fundum við drulluskítugan, háþekju  
Ford Transit sem var í góðu ástandi og hræódýr.  
Selt!

Vinnan hófst fljótlega við að gera dýrið upp en ádur en að því kom þurfti hann að fara í smá prufukeyrslu, hringinn í kringum landið. Ferðin var frábær, bíllin stóð sig eins og hetja og sannfærði okkur um að hann væri hæfilegur í smá Innlit/Útlit.

Við þurftum í sjálfu sér ekki að kaupa svo mikið efni heldur fórum bara í Sorpu og grömsuðum þar eftir góðum viði, sem henta myndi sem skápur, geymsla og eldhúskrókur. Það er hreint magnað hvað hægt er að finna eigulega hluti í svona gámi, miklu ódýrara hráefni og nánast af sömu gæðum og í verslunum.

Stærstu kostnaðarliðirnir voru djúphreinsun og mikil þrif að innan jafnt sem utan, svefnsofi úr Ikea, parketdúkur á gólfisíð, áklæðisteppi á loftið og rándýrt kontaktlímlí.

Húsbíllinn okkar var kominn í gott stand í byrjun júní. Við vorum orðin viðpolslaus þannig að bíllinn fékk ekki að standa í meira en hálfan sólarhring ádur en við vorum búin að fylla hann af útvistar- og klifurdóti. Matur fyrir 40 þúsund kall í Bónus, bensín á Selfossi og keyrðum svo beinustu leið á Hnappavelli, án millilendinga. Draumurinn var loksins að rætast!

## Dvalartími og markmið

Frá júní til 10. september nutum við lífsins á Suðausturlandi. Frá árinu 2000 hef ég farið á Hnappavelli óteljandi sinnum en oftast bara yfir helgi, í mesta lagi eina viku. Ég hafði aldrei skoðað umhverfið sem ég hafði svo oft keyrt framhjá, en nú gafst loksins tími til þess að skoða sig um.

Ég hafði það að markmiði fyrir sumarið að klifra allar boltaðar leiðir á Hnappavöllum á innan við 30 dögum. Auk þess langaði mig til þess að

koma upp nýjum leiðum, bæði í grjótglímu og línlifri. Marianne ætlaði að klifra allar 5.10ur á Hnappavöllum, klifra sem flestar 5.11ur, klára Limbó (5.12c) og helst fleiri 5.12ur. Önnur markmiði voru að koma upp nýjum grjótglímu þrautum í Vestrahorni og Steinafjalli, og klifra Saurgat Satans í Vestrahorni.

A Hnappavöllum eru samtals 104 skráðar leiðir og 6 leiðir í vinnslu. Þar af eru tuttugu og sex 5.12ur, sjö 5.13 leiðir auk tveggja 5.13 afbrigða (Draumaland og Limbó direct). Samtals gerir þetta þrjátíu og þrjár leiðir sem eru 5.12a eða erfioðari. Úff!

Pegar ég taldi saman dagana og leiðirnar sem ég klifraði í sumar komst ég að því að marmiðið mitt hafði tekist á 27 dögum. Í raun og veru er það ekki nema 3 til 4 leiðir á dag þannig að auðveldlega mætti gera betur en þetta.

Marianne klifraði allar 5.10ur og léttari, sjö 5.11ur, þar af flassaði hún Gjaldþrot (5.11d). Hún fór Limbó tvísvar, klifraði Sundlaugaparty (5.12a), From brussels with love (5.12c) og Bændaglímú (5.12a).

Samtals klifruðum við 38 daga á Hnappavöllum og fórum nokkuð oft í Vestrahorn. Því miður komumst við ekki í Saurgat Satans þar sem aðstæður voru lélegar til klifurs í öll þau skipti sem við reyndum. Vonandi náum við að skríða þar upp næsta sumar.

Fimm nýjar leiðir voru settar upp á Hnappavöllum í sumar og fórar þeirra voru klifraðar. Einnig var sett upp ein ný 7c, þrjár 7b+, tvær 7b & tvær 7a+ boulder leiðir.


## Hvíldardagar & afþreying

Ekki voru allir dagar góðir til klifurs. Ég komst að því að þolinmæði og hugmyndaflug verður að vera til staðar í töluverðu magni ef maður vill vera á úrkumumesta svæði landsins í 50 daga samfellt og ná samt góðum árangri.



Gunní og Valdi á Mýrdalssandi

© Marianne Van Der Steen



Í húsbílum okkar er ekkert klósett og ekki sturta, því komu kamarinn á Hnappavöllum og Flosalaug á Svínafelli að góðum notum. Það var svo gott að sitja á kamrinum með opna hurð og glápa út í Öræfin og léttá a sér áður en átök dagsins hófust.

Ég hefði aldrei giskað að ég myndi keyra um 100km til þess að komast í sturtu en það gerðist samt þó nokkuð oft eftir að sorpbrennslan, sem er notuð til að hita vatnið í Flosalaug, bilaði. Þá var ferðum okkar beint í austurátt en á Höfn er gegjuð sundlaug með mjög afslappandi heitum potti.

Það urðu fremur fá óhöpp hjá okkur í sumar. Þó má minnast á að hjólalega fór í bílum okkar rétt vestan við Lómagnúp en það mál var leyst léttilega á tveimur sólarhringum með hjálp Gunnars Valdimarssonar á Klaustri. Á þessum 48 tínum löbbuðum við upp með ánni hjá Kálfafellskoti og fundum á leiðinni leynda perlu með flottu grjóti til þess að klifra í.

En ekki fóru allir hvíldar- og rigningadagar okkar í vitleysu og bíltúra. Þetta sumar var góður hópur manna að koma upp aðstöðu í Skaftafelli undir merkjum Glacier-Guides. Þeirra á meðal var vinur okkar Róbert Halldórsson. Við hjálpuðum lítillega við uppbyggingu hússins og í júlí var Marianne kominn í vinnu til þeirra sem leiðsögumaður. Ég er hins vegar ekki mikill reynslubolti í fjallamennsku en ég fékk það verkefni að vera sölumaður dauðans í nokkra daga og seldi ferðir upp á jökul og hjálpaði til í hinu og þessu.

## Heimkoma

Að lokum tóku haustið og skólinn við. Í lok ágúst og í byrjun september voru rigningardagarnir komnir í meirihluta og tími til skólaundirbúnings var hafinn. Eftir langa dvöl í burtu frá Reykjavík var kominn tími til þess að koma okkur aftur fyrir

hér í höfuðborginni.

Það var einstakt að búa á Hnappavöllum og Suðausturlandi í allt summar í þeim tilgangi einum að klifra. Þetta var góður kostur að fara klifurferð hér á Íslandi í stað þess að fara til útlanda, sérstaklega þegar gengi krónunnar er svona slappt. Ég get svo sannarlega ekki kvartað og vona innilega að við fáum svona tækifæri aftur. Það munaði gríðarlega miklu að geta haldið sig inni við þegar fór að kólna á kvöldin, alltaf var hlýtt og kósi í bílum okkar. Þar gátum við endurhlaðið okkur og eldað án þess að vera undir stöðugum barsmiðum veðursins. Fyrir nokkrum árum hefði ég sagt að það væri aumingjaskapur að vera á svona húsbil en skoðanir mínar hafa sannarlega breyst og ég mæli hiklaust með þessum ferðamáta í lengri ferðir. Tjaldið er samt ennþá góður kostur fyrir stuttar ferðir, við erum ekki orðin algjört trailer-trash.

En það er nóg að gera og nóg að undirbúa. Við fórum aftur til Siurana í október og síðan eftir áramót er ætlun okkur að fara í langa ferð til meginlands Evrópu og dvelja þar í hetjuhúsbílum okkar í nokkra mánuði.

Sjáumst á ferðinni félagar!





# FROSNAR FLÚÐIR OG FALLANDI FOSSAR

Jón Heiðar Rúnarsson

Fyrir nokkrum árum síðan var hringt í mig seint að hausti og við Garðar félagi minn beðnir um að róa sem öryggisræðarar á kayak í rafting ferð í Jökulsá Austari í Skagafjörði. Þetta var svo sem ekkert óvenjulegt þar sem við höfðum um tíma verið ihlaupamenn í þessum rafting-ferðum en þetta var samt óvenju seint að hausti.

Við félagarnir vorum búsettir á Akureyri og ætluðum okkur að keyra snemma morguns í Skagafjörðinn þar sem ferðin var áætluð klukkan 10. Daginn fyrir ferðina fór að snjóa á Akureyri og spáð var skítakulda daginn eftir. Við gerðum því ráð fyrir að ferðinni yrði frestað og lögðumst í öldrykkju í stað hvíldar. Morganinn eftir fengum við símhringingu þar sem okkur var tjáð að ferðin yrði farin og við yrðum að drífa okkur á staðinn. Við stukkum út og sáum okkur til skelfingar að kayakarnir okkar voru á kafi í snjóskafli. Við grófum þá upp og drifum okkur af stað. Þegar við keyrðum yfir Öxnadalsheiðina sýndi hitamælirinn í bílnum -5° útihiata og okkur leist nú ekki á blikuna en ákváðum að láta okkur hafa það að róa þessa fjögurra tíma ferð.

Jökulsáin var óvenju tær sökum kuldans og voru bakkarnir og gilin í klakaböndum. Garðar var með hjálm með skyggni og náði hann að safna um það bil 5cm löngu grýlukerti á það. Ferðin gekk vel en við vorum gjörsamlega öragna eftir að veltast um í ískaldri ánni í fjóra tíma. Þegar við komum upp úr ánni beið okkar heitt kaffi sem við notuðum til að hella á og þíða klakann úr smellunum á björgunarvestunum okkar til að komast úr þeim.


**Hann vann sig hratt upp á meðan  
við biðum skíthraðdir og hlustuðum á  
ískertin í „Wish you were here“ hrynda**

Síðastliðinn vetur sá ég auglýsingu frá Jöklí Bergmann um ísklifurnámskeið og ákvað ég að skella mér. Námskeiðið var frábært og ég varð auðvitað heillaður af þessu sporti og fór að klifra eins mikið og ég gat á og í kringum Akureyri. Klifrið gekk vel og prófuðum við félagar míni nokkra staði í kringum Akureyri. Við vorum alltaf að hugsa um að fara í Kaldakinn en það voru

svo margir staðir nær að það frestaðist lengi vel.

Þegar komið var fram á vor sáum við að ef við ætluðum að ná klifri í Kinninni yrðum við að drífa okkur. Við fórum þrír saman í blíðskaparveðri frá Akureyri, með mér voru félagar minir úr björgunarsveitinni Súlum, Maggi Smári og Friðjón. Þegar við komum í Kinnina sáum við að það voru pollar í holunum á málarveginum og áttuðum okkur á að það væri nú svolítid heitt úti. En vitandi að þetta var trúlega síðasti möguleikinn á að klifra í Kinninni þennan veturinn og það að hafa ísilagð klettana fyrir framan okkur bar skynsemina ofurliði. Við ákváðum að skella okkur í Sólhvörf, mitt fyrsta fjöлspannakkifur.

Við ösluðum snjóinn upp að ísnum og gerðum klárt, Maggi tók að sér að leiða og Friðjón sá um að tryggja. Klifrið gekk vel og komst Maggi upp fyrsta íspilið og yfir snjóslabb sem var þar fyrir ofan. Friðjón fór næstur upp og svo ég. Við vorum sammála um að ísskrúfurnar væru nú farnar að losna full mikil þegar við hreinsuðum á leiðinni upp. Við vorum rétt búnir að koma okkur fyrir og vorum að gera Magga kláran í næstu spönn þegar lítið snjóflóð fell u.p.b. two metra hægra megin við okkur. Strax á eftir komu tvær spýjur



Magnús leiðir fyrstu spönnina í allt of linum ís



f 50m hæð í „Sólhvörfum“ með „Wish You Were Here“ í baksýn og snjóflóð farin að falla allt í kring


vinstra megin, ein beint á okkur og að lokum aftur hægra megin. Þegar hér var komið í sögu leist okkur ekkert á blikuna og rákum Magga af stað upp til að klára. Hann vann sig hratt upp á meðan við biðum skíthraðdir og hlustuðum á ískertin í „Wish you were here“ (næsta leið sunnan við) hrynda. Maggi komst upp, eða svona næstum því. Á brúninni mætti honum snjóskafli sem hann komst ekki yfir og varð hann því að gjöra svo vel að klifra aftur niður til okkar. Við boruðum í hvelli Abalakov akkeri, bundum saman línurnar, þræddum þær og hentum niður. Þar sem Maggi hafði erfiðað mest fékk hann að fara fyrstur niður. Hann fór hratt af stað og hvarf fyrir ísbrúnina neðan við snjóskafli. Svo leið og beið langur tími og við Friðjón orðnir í meira lagi undrandi að ekki kom slaki á línurnar. Þó kom að því að línurnar fóru aftur að hreyfast og að endingu kom slakinn sem við biðum eftir. Við drifum okkur niður, pökkuðum saman í hvelli og forðuðum okkur burt frá ísveggnum. Á meðan við vorum að pakka útskýrði Maggi fyrir okkur töfina. Við vorum svo mikil að flýta okkur að við pössuðum ekki línunar þegar við hentum þeim fram af. Þegar Maggi var kominn hálfa leið niður mætti honum risastór flækjuvöndull sem hann varð að leysa úr hangandi í lausu lofti.

Þar sem allt fór vel vorum við auðvitað himinlifandi með þessa ævintýralegu ferð en fengum þínu áfall þegar við sáum að hitamælirinn í bílnum sýndi  $6^{\circ}$  hita.

Nú bíð ég bara eftir vetrinum til að geta haldið áfram að ísklifra en ég hef að ég held lært mína lexíu: Mínus fimm gráður eru fyrir ísklifur og plús sex gráður eru fyrir kayak, ekki snúa þessu við.

# KYAO RI

Berglind Aðalsteinsdóttir



Berglind Aðalsteinsdóttir

Greinarhöfundur ásamt þeim Arnari Þór Emilssyni og Eiríki Geir Ragnars ákvað að láta gamlan draum rætast og fara til Nepal í beinu framhaldi af Indlandsferð haustið 2008. Hugmyndin kvíknaði í undirbúningsferlinu fyrir Shivling (sjá Shivling grein). Ætlunin var að fara í bakpokaferð og bera hæstu tinda heims augum. Ferðin vatt fljótt upp á sig enda ákveðið að skreppa á eitt fjall í leiðinni þar sem við ættum að vera orðin vel hæðaraðlöguð eftir 3 vikna klifur í hlíðum Shivling. Þetta átti samt að vera auðveld og þægileg ferð miðað við Shivlingleiðangurinn.

Arnar fann fyrir tilviljun grein á netinu um fjallið Kyajo Ri (6186m) ásamt grófri leiðarlýsingu. Við höfðum aldrei heyrt um fjallið áður en vorum ekki lengi að hugsa okkur um. Þetta er fallegt og tignarlegt fjall, mátulega hátt og hæsta fjallið á Gokyo hryggnum. Það var fyrst klifið árið 2002 og aðeins nokkrir leiðangrar farið á toppinn eftir það. Klifrið á Kyajo Ri er tæknilegt án þess að vera of erfitt og flokkast undir trekking peak þannig að leyfisgiold eru viðráðanleg. Við ákváðum að klifra fjallið í alpastíl, bæði til að halda kostnaði í lágmarki og svo langaði okkur líka að prófa að klífa fjall í Himalaja án aðstoðar. Það þykir líka fint nú til dags að klifra í alpastíl!

Það er ólíkt minna pappírsfár að fá leyfi til að klifra fjall í Nepal heldur en á Indlandi. Þegar við komum til Kathmandu gengum við beint inn á ferðaskrifstofu sem gekk frá leyfinu fyrir okkur. Við fengum alla pappíra tveimur dögum síðar og héldum þá af stað til Lukla í Twin Otter flugvél. Við skildum klifurbúnaðinn okkar eftir í Lukla en réðum burðarmenn til að hitta okkur 10 dögum síðar með búnaðinn í Mende þaðan sem leiðin lá að Kyajo Ri. Í millitiðinni gengum við stóran hring í kringum fjallið okkar. Leiðin lá frá Khumbudalnum upp til Gokyo, þaðan yfir Renjo La skarðið og niður Thamedalinn til Mende. Þetta er meiriháttar fallegt svæði og skemmtilegt að ferðast um. Við fengum stórfenglegt útsýni í allar áttir og m.a. frábært útsýni yfir Everest fjall frá Gokyo Ri og Renjo La skarði.





Berglind Adalsteinsdóttir

Arnar á röltinu á milli sprungna



Berglind sigur, Kyajo Ri jöklinn fyrir neðan

Arnar fór Emils

Í Mende komumst við að því að þar voru aðeins örfá hús og eitt hótel, þar sem nótin kostaði svipað og á finu hótel í London. Við hittum burðarmennina okkar og þeir komu með þá ágætu hugmynd að fara í munkaklaustrið á hæðinni fyrir ofan og sömdu þar um gistingu fyrir okkur.

Það var langt frá því að vera augljóst hvert leiðin


## “ Mountainhouse í kvöldmat og Mountainhouse í morgunmat! Þess á milli mauluðum við aðallega kex, harðfisk og hnetur

lá eftir það. Eftir að hafa eytt hálfum degi í könnunarleiðangur og ráðferringar við munkana töldum við okkur vita hvert halda skyldi. Einnig tókum við okkur tíma í að fara yfir búnað og skera niður þyngd eins og hægt var. Við lögðum af stað í myrkri snemma morguns með nesti frá munkunum, soðin egg, kartöflur og nýbakað chapati. Það var tölverð hækkan þennan dag, fórum úr 3700m upp og niður yfir two fjallgarða en síðan inn Kyajo Drangka dalinn þar sem við reistum grunnbúðir í 4500m hæð. Þar sögðum við skilið við burðarmennina, nú vorum við ein á ferð og urðum ekki vör við neinar mannaferðir. Við vorum komin inn á afskekkt svæði sem fáir þekkja en er samt ótrúlega stutt frá alfaraleið.

Við skiptum sameiginlegum búnaði og mat bróðurlega á milli okkar. Við vorum búin að búa undir að bera þungar byrgðar en bakpokarnir urðu nálægt 30kg sem var miklu meira en við höfðum reiknað með og léttasta manneskjan í hópnum fékk engan afslátt. Það þurfti sérstaka tækní til að koma pokanum á bakið. Þegar við lögðum af stað frá grunnbúðum morguninn eftir hreyfðumst við hægt upp stórgrýtta skriðuna sem

leiddi okkur aðeins nær fjallinu sem við sáum þó ekki ennþá. Við höfðum ekki fundið leiðarvísí um fjallið eða svæðið og vorum því aðeins með upplýsingarnar sem Arnar fann upphaflega á netinu ásamt nokkrum myndum og reyndum að heimfæra það yfir á landslagið í kringum okkur. Við þurftum reglulega að stoppa, líta í kringum okkur og röltu fram og tilbaka þar til við vorum sannfærð um að við værum á rétttri leið.

Eftir þrjá langa daga yfir gróft og seinfarið landslag komum við að jöklinum og sáum loks tindinn okkar. Við fundum ágætis leið yfir jöklinn sem var á köflum nokkuð sprunginn. Við tjölduðum á jöklinum við rætur Kyajo Ri í um 5300m hæð. Stefnan var að reyna við toppinn næsta dag. Mikill tími fór í að bræða snjó til drykkjar og eldamennskan var einföld þessa dagana, Mountainhouse í kvöldmat og Mountainhouse í morgunmat! Þess á milli mauluðum við aðallega





Eiki og Arnar glaðir með þungar byrðar  
Everest trónir yfir til vinstri

kex, harðfisk og hnetur. Bensínprímusarnir okkar reyndust ekki vel í þessari hæð, það tók langan tíma að sjóða vatn og voru prímusarnir að stiflast til skiptis þrátt fyrir hreinsaða bensínið sem við höfðum mikið fyrir að finna. Að lokum gaf annar prímusinn alveg upp öndina. Þá vorum við vægast sagt fegin að hafa ekki skorið niður um einn prímus eins og komið hafði til tals.

Eiríkur hafði verið slappur og ákvað að reyna ekki við toppinn. Við vorum því tvö sem vöknudum um miðja nótt og skriðum út úr hlýjum svefnþoknum út í kulðann og myrkrið. Eins og fyrri morgna var mikið hrím innan á tjaldinu og þyrlaðist það yfir okkur um leið og við hreyfðum okkur hið minnsta. Það var stillt veður, frostið um 20 gráður og stjörnur á himninum skinu skært í myrkru. Við bræddum snjó fyrir morgunmatinn áður en við lögðum af stað.

Það gekk vel að finna leið niður af jöklinum. Síðan tók við löng stórgrýtt skriða sem var laus í sér og seinfarin en þar fyrir ofan var um það bil 20m klettahaft. Það var meiriháttar fögur sjón að líta tilbaka yfir jökulinn og litla tjaldið okkar langt

fyrir neðan þegar sólin var að koma upp. Það var orðið bjart þegar við komum upp að klettabeltinu en á sama tíma fór vindur að blásu. Úr fjarlægð leit þetta út fyrir að vera hátt og erfitt. Þetta var fyrsti óvissuhátturinn á toppadeginum en þegar við vorum komin alveg undir klettana fundum við leið sem var bara nokkuð þægilegt brölt. Það var viss léttir hvað þessi hluti gekk vel. Í staðinn fórum við að hafa áhyggjur af veðrinu. Fyrir ofan var snjó- og ísbrekka upp í skarð en þaðan tók SA-hryggurinn við upp á topp. Það virtist vera langt síðan það





Komin upp að fjallinu  
og spennit fyrir klifrið

© Arnar Þór Ólafsson

hafði snjóað og hjarnið tók vel við ísskrúfum.

Við náðum að spóla hratt upp næstu 200-300m á hlaupandi tryggingum. Veðrið lék því miður ekki við okkur og hélt jafnt og þétt áfram að bæta í vindinn. Þegar við vorum komin upp í skarðið var varla stætt lengur og litlir ísköggjar farnir að fjúka yfir okkur. Það þurfti ekki mikið að ræða næsta skref. Það var aðeins eitt í stöðunni og það var að fara niður. Við snerum við í um 5800m hæð. Þetta voru gríðarleg vonbrigði því framundan virtist vera skemmtilegt klifur upp annað klettabhaft, síðan ísbrekka sem endaði í nokkuð bröttu hafti upp undir topp.

Niðurleiðin gekk vel, sigum niður brattasta hlutann en veðrið hélt áfram að versna þannig að á endanum vorum við beginn að geta skriðið í skjólið inni í tjaldi. Það var lítið sofið næstu nót vegna veðurhamsins og lægði ekki fyrr en seint næsta morgun en þá brast á með rjómabliðu.


Því miður höfðum við hvorki nægar matarbirgðir né tíma til að gera aðra tilraun við toppinn. Því var ekki annað að gera en pakka saman og halda heim á leið. Við fórum á tveimur dögum niður til

Namche Bazar þar sem við hittum Margréti systur mína. Þaðan var síðan dagsganga niður til Lukla þaðan sem við flugum aftur til Kathmandu.


Þetta var mjög mikil áreynsla í 7 daga án nokkurra hvíldardaga. Við hefðum þó alls ekki viljað sleppa því að kynnast þessu leynda svæði og óhætt að segja að við séum reynslunni ríkari. Það kom nokkrum sinnum upp í hugann af hverju maður væri að standa í þessu! Það er bara eithvað við þetta sem heillar og er erfiðisins virði. Það sem við lærðum helst af þessari ferð var að skera ekki niður matarbyrgðir til að ná niður þyngd. Tvöfaldur pakki af þurmat á dag seðjar ekki hungríð við þessar aðstæður, sérstaklega í ljósí þess að annar matur yfir daginn var ekkert nema kex og hnetur. Við vorum hálf-svöng allan tímann. Allur búnaður þarf að vera sem léttastur ef klifra á svona fjall í alpastíl. Svo þarf meira en nokkra daga til að skreppa á tind yfir 6000m.

### Í stuttu máli:

gefa sér meiri tíma, auka daga og nægan mat!



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson



Róbert Þór Haraldsson



Freyr Ingi Björnsson



Berglind Aðalsteinsdóttir



Berglind Aðalsteinsdóttir



Róbert Þór Haraldsson




Guðmundur Freyr Jónsson



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

1. Björgvin Hilmarsson klifrar „EKKI ER ALLT SEM SÝNIST“ (WI5) í Borgarfjörði  
2. Atli Þór Þorgeirsson klifrar Cosmiques Arete á Agüille Du Midi  
3. Ljós og skuggar á Hrútfallstindum  
4. Arnar Emilsson í meginálfanum í HU2000 f.v.  
5. Arnar Emilsson á Cosmiques hrygnum ofan Chamonix september 2008  
6. Atli Þór á Midi-Plan traversunni ofan við Chamonix  
7. Hópur á leið á þverártindsegg  
8. Kákasusfjöllin í morgunsólinni




# ÓPIÐ WI6

## MED FREDNA FOKKÍNGS PUTTA OG SKÍTKALT Í FRAMAN

Róbert Halldórsson

Ópið (Wi6) í Eilífsdal í allri sinni dýrð...

Sigurður Tómas Þórisson



Ópið eftir Edward Munch

Stormkúfurinn yfir Esjunni var svo ógurlegur pennan morguninn að lítil börn fóru að grenja þegar þau drógu gluggatjöldin frá. Ekki veit ég hver var með í ráðum þegar þetta var ákveðið því að fara á fjöll í einhverri erindisleysu hefur frá fornri tið verið talið óðs manns æði - hvað þá í svona veðri. Einhvern veginn lifðum við í voninni um að þetta myndi allt saman smella og það væri rjómabliða inní Eilífsdal. En hvern er maður að plata? Þegar mann langar rosalega í eitthvað þá hugsar maður ekki alltaf rörkrétt. Þetta var aðeins ein ákvörðun af mörgum pennan daginn sem var kannski ekki sú skynsamlegasta.

Nistingsfrostið sem var pennan dag var okkur

svo sannarlega í hag á leiðinni inn dalinn. Jörðin var gaddfreðin og með smá lagni náðum við að þræða okkur inn nánast allan dalinn á forstjórajeppanum hans Sigga þrátt fyrir mikið myrkur og vandræði við að finna slóðann. Krapapollum, ísuðum árbökkum, mokstri, ýtingi og nokkru spóli síðar vorum við að lokum komnir inn undir „brekkuna“.

Eins og kannski margir vita eru brekkurnar í Eilífsdal alræmdar snjóflóðagildrur sem ber að forðast eins og heitan eldinn. Þetta var enn einn þátturinn þar sem enginn sagði neitt, en allir hugsuðu það sama: „djöfull hefði verið gott að sofa frameftir og hvað í andskotanum erum við að gera hér?“

Þegar brekkan var hálfnuð vorum við farnir að vaða vindpakkaðan þurran snjó upp í hné. Það sem við óttuðumst varð að veruleika, snjóflóðakistan var farin að segja til sín og áður en við vissum af var snjórinn kominn upp í nára. Það var hart barist við að komast upp. Eitt skref upp, tvö niður og eina leiðin til að ná floti var að skrifða á fjórum fótum eða troða marvaða.

Þegar við nálguðumst íspilið varð mér litið upp og þegar ég sa allt spindriftið koma niður leiðina í fjarska þá herti ég ósjálfrátt hálsmálið á jakkanum




Kjellarnir eiturbressir í brekkunni.  
F.v. Robbi, Guðjón og Siggi Tommi

Sigurður Tómas Þórisson



Robbi og Guðjón í stínum  
marvaðatroðningi í lokabrekunni

© Sigurður Tómas Þórisson



Guðjón að massa fyrstu spönnina

© Sigurður Tómas Þórisson

og fékk hroll - ég fann hvernig það ætti eftir að skrifða niður bakið á mér. Ég fékk ekki minni hroll þegar ég virti fyrir mér risastóra fríhangandi göndulinn sem við vorum að fara að berja í og kannski senda alla leið niður að Valshamri.

Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum náðum við að synda upp brekkuna og stóðum að lokum undir leiðinni. Upp hófst gríðarleg mannvirkjagerð og hefur annað eins ekki sést síðan Kárahnjúkastífla var byggð. Snarbrött brekkan kyssti ísinn undir gleiðu horni sem ógerningur var að standa í, en eftir drjúgan mokstur var komið upp ágætis akkeri og stallur til að standa á. Stuttu síðar var Guðjón bundinn og honum sigað á ísinn. Þótt kvikindið væri blóðþyrst, uppfult af greddu og grimmdu virtist fátt gerast. Hann silaðist upp á hraða snigilsins og við Siggi vorum farnir að pumpast í lærunum á öllum hnébeygjunum sem áttu að halda á okkur hita. En það dugði ekki til - hávaðarokið og nistingskuldinn hafði betur. Ég leit upp og hugsaði á meðan ég þurrkaði líters sultardropna framan af nefinu á mér: „Hvað í andskotanum er málið? Pessi spönn er ekki svona erfid.“

Loksins! Allt of mörgum mínútum síðar er línan búin og Guðjón byrjar að taka okkur upp. Við Siggi skrölustum samhliða af stað til að spara tíma en fljótlega áttaði ég mig á að ég yrði að éta allar

mínar ljótú hugsanir um Guðjón ofan í mig aftur. Ég komst að því að þetta nistingsfrost sem hafði verið okkur í hag um morguninn yrði okkar helsti óvinur það sem eftir væri dags. Þetta var langt frá því að vera ís, heldur var fossinn svo harður og stökkur að hann var gleri líkastur. Maður var heppinn ef öxin komst inn í þriðja höggi. Spönnin sem leit út fyrir að vera svo einföld og þægileg hafði uppá að bjóða einu kjánalegustu hlíðrun sem sögur fara af. Læðast þurfti að hætti Gollum undir íspili sem var afar þróngt og alls ekki fyrir two, stíga varlega niður til að brjóta ekki sykurhjúpinn sem huldi þúðursnjóinn og vona svo að helvítis axirnar næðu að halda í tömið. Þetta var sem sagt ekkert spes...

Þarna stóðum við loks allir í brekkunni fyrir neðan lykilklaflann í leiðinni. Horfðum upp, hugsuðum allir það sama... en enginn sagði neitt. Suma hluti er best að ræða sem minnst.

„Þó ég sé búinn að eiga góðan vetur og leiða margar erfiðar spannir þá hafa margar þær erfiðustu lent á herðum Robertino. Ætli ég verði ekki að sýna hvað í mér býr og leiða krúxspönnina í þessari rosalegu línu. Í besta falli kemst ég lifandi upp á topp sem hetja - í versta falli dett ég og kála mér - eitthvað þarna mitt á milli og ég geri mitt besta, beila og kalla kvikindið af varamannabekknum.“

Eitthvað þessu líkt hugsaði Siggi þegar hann lagði af stað út í óvissuna. Hann leysti neðripart leiðarinnar afar fagmannlega. Nettur ballett á milli yfirhangandi regnhlifa þar sem ansi áhugavert var að finna sómasamlega staði fyrir skrúfur. Því næst tók við 6m hliðrun í vel bröttum og rammíslenskum drulluklett sem var enn síður spennandi til trygginga.

„Ófokk! Nú er ég búinn að hanga í örugglega 10 mínútur efst í mixinu með axirnar í frosinni mosadrullu að reyna að jóðla tricam í grútmarkna móbergsholu, kominn leiðinlega marga metra yfir og til hliðar við síðustu skrúfu. Það er ekkert að ganga upp og svo missti ég líka fjandans spektruna þegar ég reyndi að hamra hana ofan í gamalt axargat. Jæja, ég dett ef ég hangi hérna mikið lengur. Verð að gefa þessu go.“

Premur metrum ofar:

„Nú er ég kominn í fósturstellinguna, með aðra öxina í dinglumdanglinu að reyna að sveifla hinni öxinni og löppunum einhvern veginn inn undir slúttið til að takast á við kertið. Hlýtur að veraasnalegasta ísklifurhreyfing sem um getur... Þessu þori ég ekki takk fyrir!!! Ég er farinn niður.“

Siggi bakkaði rólega niður mixhlutann að efstu skrúfunni og settist svo varlega í línuma. Þegar strekkist á tricam nokkrum metrum neðar sprakk hann út eins og við var að búast – hefði verið frekar bagalegt að taka flug og detta í hann...

## Þessu þori ég ekki takk fyrir!!!

### Ég er farinn niður

Það var ekkert annað í stöðunni en að stíga af varamannabekknum og ráðast á þetta. Skróltið upp regnhlifarnar gekk nokkuð vel en maður þurfti samt að vanda sig. Sumar þeirra voru svo stórar og þunnar að þær hefðu brotnað ef maður hefði stigið þungt niður. Á miðri leið í klettakflanum kom ég inn ágætis vini, sem ég hefði samt ekki viljað detta í. Ég brölti svo næstu hreyfingar upp á pínulitla syllu sem engin leið var að standa á því klettarnir fyrir ofan voru svo brattir. Þarna var að duga eða drepast. Eftir smá pepp og rifrildi við sjáfan mig létt ég slag standa. Ég vissi vel að ef ég legði af stað í þetta kerti þá væru aðeins tvær leiðir út: að detta herfilega og lenda einhvers staðar í dauðapendúl á regnhlifunum eða komast upp. Með þessa valmöguleika í nestispokanum var valið ekki erfitt, ég gaf mig allan í þetta. Með því að stíga ótrúlega



Siggi Tommi lagður af stað í slúttið

© Róbert Halldórsson

hátt og halda með hægri öxi í ágætis undirgrip í klettinum, rétt náði ég að klóra í neðsta partinn á kertinu. Kertið var svo þunnt að ég þorði ekki að höggva í það heldur laumaði ég öxinni í loftvasa í ísnum. Ég fann hvernig ég gíraðist allur upp, ég byrjaði hálfpartinn að titra. Ég var á báðum áttum og það tók mig smá tíma að róa mig niður en síðan hugsaði ég „FOKK IT“, slökkti á skynseminni og sprautaði af stað. Ég hífsi mig eins hátt á vinstri hendi og ég gat, með hægri höndina alveg teygða í undirgripið, lappirnar hátt uppi klett og var eins og ég svifi í lausu lofti. Ég freistaðist til að losa hægri öxina og teygði hana upp og hjó eins laust og ég þorði. Gekk vel. Þegar ég setti þunga á hana klofnaði kertið í sundur og allt sprakk. Ég sunkaði niður í vinstri öxina aftur, missti aðra löppina úr klettaslúttinu og munaði engu að ég missti takið á öxinni. Ég gerði aðra tilraun og gekk hún mun betur.

Fet fyrir fet mjakaðist ég upp kertið, einbeitingin var svo mikil að ég heyrði ekki einu sinni í strákunum niðri, allt gerðist löturhægt. Mér fannst ég hafa allan tímann í heiminum, ég var í einskonar „black out“. Ég spaskaði aldrei í kertið, heldur steig á það fjaðurléttum skrefum og þrýsti broddunum inn. Eftir allnokkra metra af ógeðslega bröttu klifri kom ég inn fyrstu tryggingunni eftir

klettapartinn - og andaði léttar. Örlítið ofar fann ég lítinn helli bakvið fossinn sem ég náði rétt svo að troða efribúknum inní og hvíla mig.

Gamanið var rétt að byrja. Í hvildinni fékk ég svo mikið naglakul að ég var gráti næst. Puttarnir á mér voru gaddfreðnir og leiðin var langt frá því að vera búin. Það sem tók við var einhverskonar lóðréttur snjór, en samt ís...semsagt „snís“, í einu hyassasta veðri sem við höfum á æfinni klifrað í. Í hvert skipti sem maður klóraði með öxunum í snísinn fauk það framan í mann og myndaði klakaskel. Hrollurinn sem ég fékk um morguninn var orðinn að veruleika því spindriftinu að ofan ætlaði aldrei að linna og stefndi oftar en ekki inn á mann. Í besta falli fór það framan í mann. Þegar ég átti um 5m eftir upp á brún breyttist snísinn í einskonar lóðrétt púður. Ég hafði ekki komið inn einni tryggingu á leiðinni í þessu ógeði, ekki síðan efst í kertinu langt fyrir neðan. Ég var orðinn mjög þreyttur og kaldur í framan og var meira að segja hættur að sjá almennilega. Ég tók af mér vettling rétt fyrir neðan brúnina og muldi klakann úr andlitinu á mér. Það voru svo þykkir klakabunkar á augnhárunum að ég þurfti að bræða þá af. Ég stappaði í mig stálinu, öskraði eins hátt og ég gat á veðrið og lagði í síðustu metrana. Þegar ég gægðist yfir brúnina var ég næstum fokinn fram af henni. Ég lagðist á magann, með broddana í hjarninu og báðar axirnar. Svona náði ég að skríða á öruggan stað fjarri brúninni. Ég var lengi að setja upp akkeri því aðstæður voru ömurlegar. Akkerið samanstóð af öxunum mínum, tveimur rúmlega hnelfastórum steinum sem voru frosnr í jörðinni og einni spektru... frábært.

Veðrið varð verra með hverri mínu. Mér var orðið illt í augunum, fannst þau vera sandblásin. Mest allan tímann lá ég á hliðinni, dinglandi í akkerinu og óskaði þess til yfirvaldsins að fjúka ekki í burtu. Eins og klukkupendull sveiflaðist ég fram og aftur í rokinu og þordi ekki að vera með andlitið úti í veðrinu heldur faldi ég það ofaní úlpunni. Tíminn leið og loks sást móta fyrir veru í kófinu og var það Guðjón. Hann skreið öragna upp að akkerinu og það eina sem kom upp úr honum var „FOKK“, svo gaf hann mér smell á lófann. Þetta var það eina sem fór okkar á milli. Löngu síðar kemur Siggi upp, öragna eins og við hinir. Hann rekur upp öskur á brúninni og kemur svo skrifandi til okkar. Það litla sem kom upp úr honum var: „Þú ert snargeðveikur!“

„Síðustu hreyfingarnar upp á brún voru steiktar

og fjúkið svo mikið að ég klifraði síðustu fimm hreyfingarnar með lokað augun.“


Við vöðluðum saman dótinu og drulluðum okkur í burtu. Áttum í smá vandræðum með að finna leið niður sökum veðurs en allt hafðist þetta að lokum og við lentum ekki í snjóflóði. Eftir brekkuna var okkur hugsað til jeppamennskunnar um morguninn. Ég get ekki lýst því hvað við vorum ánægðir með að þurfa ekki að ganga út allan dalinn heldur vorum við komnir beint upp í bílinn og á hraðferð í bæinn. Við vorum allir sammála um að þetta væri án efa erfiðasta leið sem nokkur okkar hafði klifrað- bæði líkamlega og andlega. Ég er ekki frá því að veðrið hafi spilað þar eitthvað inni.

Vikuna eftir langaði mig aldrei að ísklifra aftur. Ég var með harðsperrur í nokkra daga, mig dreymdi leiðina, var aumur í andlitinu, dofinn í tveimur fingrum og nöglum á stórutá hægri fótardó.

En hvern er maður að plata, djöfull langar mig að klifra hana aftur. Þetta var... ROSALEG leið!

Hálfu ári síðar fær Siggi ennþá martraðir um mixið og kertið góða.

— ■ —



Robbi í dinglumanglinu

© Sigurður Þómas Þórisson



# SKÍÐAFÉLAGIÐ MJÁLMAR

Guðjón Örn Björnsson

Ferðalangar: Björk Hauksdóttir, Helgi Hall, Helgi Egilsson, Sara Axelsdóttir, Róbert Þór, Guðjón Örn, og Kristín Martha.

Vikuna fyrir páskana 2009 stefndi misfríður hópur skíðafólks í þrælskipulagða ferð í Jökulfirðina. Leiðinleg spá breytti þeirri ferð í algjörlega óskipulagða ferð norður á Tröllaskaga. Eins og John Lennon sagði „Life is what happens when you are busy making other plans!“

Ferðin byrjaði á því að við keyrðum að Möðruvöllum í Svarfaðardal, þar sem við gistum tvær nætur. Á leiðinni þangað stoppuðum við á Dalvík og kíktum niður á höfn þar sem við hittum sjómenn að landa. Þeir buðu okkur upp á ferskan fisk í kvöldmatinn sem við þáðum með þökkum.

Við dvöldum á Möðruvöllum og fórum í dagstúra þaðan. Fyrsta daginn skíðuðum við Arnfinn (854m) við Ólafsfjörð í glimrandi færí og góðu veðri. Mögulegt var að skíða alveg niður í fjöru, sem sagt 850m lóðrétt fall, ekki slæm skíðabrekka það. Seinna sama dag rölti hópurinn upp í Gvendarskál í Múlakollunni og náðum nokkrum hæðarmetrum í viðbót.


Um kvöldið var aftur stoppað á höfninni í Dalvík og glænýr fiskur fenginn í kvöldmatinn. Maturinn var vægast sagt góður þar sem allur

hópurinn hafði búið sig undir tjald- og prímushark í Jökulfjörðunum. Þríréttu kræsingarnar sem voru bornar á bord fóru því langt fram úr öllum væntingum. Á Möðruvöllum gerði kyvnjakötturinn MJÁLMAR sig heimakominn og bauð upp á fjölmörg skemmti- og áhættuatriði.

Næsta dag var keyrt inn að Klængshóli í Skíðadal og stefnan tekin á Hestinn (1335m). Uppgangan gekk vel en þegar leið á daginn og við komin vel áleiðis, versnaði skyggnið. Þar sem markmiðið var að skiða en ekki toppurinn sem slíkur voru skinnin



Róbert Þór skinnar upp Finninn með Ólafsfjörð í baksýn



Þrammað upp á Litlafjall í Karlsárdal,  
Hrafnabjargahnjótur í baksýn.

■ Róbert Þór

rifin undan og brekkunni refsað. Eftir stutt stopp í sundlauginni á Dalvík var haldið í kynningarferð í bruggsmiðju Kalda á Árskógssandi.

Þriðja daginn (Skírdag) var veðurspáin mjög góð og bættust þau Góli, Arnar og Berglind í hópinn. Ákveðið var að fara inn Karlsárdal. Mögulegt var að keyra góðan spotta inn dalinn og sparaði það okkur töluvert þramm á jafnsléttu. Við byrjuðum á að labba upp á Litlafjall sem bauð upp á frábærar brekkur og enn betra færi. Seinna um daginn röltum við á Sauðaneshnjúk (992m). Niðurferðin af hnjknum var sennilega ein sú besta í ferðinni. Við réttu náðum í Kaupfélagið fyrir lokun, keyptum alla hamborgara sem þeir áttu og

grilluðum þá í kvöldmat. Um kvöldið var keyrt yfir á Dalvík þar sem saman var kominn góður hópur norðanmanna í Apres-ski á skiðasvæði Dalvíkinga, Böggvisstaðafjalli. Þar voru lyfturnar opnar og ölf drukkið fram á nótt.

Föstudaginn langa keyrði hópurinn á Rokkhátið Alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, á Ísafirði.

Óhætt er að mæla með svæðinu í kringum Dalvík og Ólafsfjörð fyrir fjallaskíðaunnendur. Með tilkomu Héðinsfjarðarganganna mun einnig opnast þægileg tenging yfir á Siglufjörð. Allir ferðalangarnir voru mjög sáttir með ferðina, og jafnaðist hún klárlega á við skiðafrí erlendis.

— ■ —



Guðjón og Sara taka því rólega í Karlsárdal



Hinn sögufrægi Mjálmar.

# DANGER DE MORT!

## GÖMUL SAGA ÚR ÖLPUNUM



*Hilmar Ingimundarson*

Veturinn 1998-'99 ákváðum við Jón Heiðar Andrésson að dvelja veturlangt í mekka fjallamenntskunnar í Evrópu, Chamonix. Eftir að hafa heimsótt svæðið tvö undanfarin sumur var komið að því að sjá hvað staðurinn hafði uppá að bjóða yfir vetrarmánuðina.

Heldur draugalegt var um að litast þegar við mættum galvaskir á svæðið snemma í október, upfullir af draumum og væntingum um klifurafrek og botnlaust púður. Undanförnum vikum höfðum við eytt á flakki um Frakkland og Sviss með öll okkar jarðnesku auðævi í fjórum bakpokum í leit að ævintýrum. Var okkur því svoltið brugðið að koma að bænum í hálfgerðum dvala, hlerar fyrir flestum gluggum og flestar búðir lokaðar og kláfarnir ekki í gangi. Því var brugðið á það ráð að flýja á vit annarra ævintýra þangað til líf myndi glæðast á ný með komu vetrar. Við pökkuðum því allra nauðsynlegasta í líttinn poka en restin fékk að dusa í skúr á Vagabond, farfuglaheimilinu sem við gistum á. Daginn eftir stóðum við við veginn út úr bænum með skilti sem á stóð „Paris“.

Næstu vikum eyddum við hjá vinum í Paris, London og Reading áður en við fengum aftur nóg af flökkulífinu. Fjallaloftið heillaði og tímabært að koma sér fyrir áður en vetur skylli á með tilheyrandi flóði af skíða- og klifurrónum. Nónember var rólegur og byrjaði snjónum að kyngja niður. Við komum okkur vel fyrir í 20 fermetra stúdíóibúð í ChamSud, rétt handa við hornið á Aguille de Midi kláfstöðinni. Fyrir þá sem hafa áhuga á því að eiga vetrarsetu þarna þá var það, eftirá að hyggja, vel þess virði að mæta snemma á svæðið til að tryggja

fbúð og ná að kynnast viðsum kjarna fólks sem ætlaði að eiga vetrarsetu í Cham þennan veturinn. Pégar nær dregur jólum og strax eftir þau byrjar allt með látum og stendur langt fram á sumar og því ekki hæg heimatökin að koma sér fyrir og



Leiðin Danger de Mort í Argentière-La Rive gauche du Glacier

© Hilmar Ingimundarson

kynnast mannskapnum. Argentiere skíðasvæðið opnaði síðan um miðjan nóvember og átti hvíta mjöllin hug okkar fyrstu vikurnar.

Það var komið fram í miðjan desember og okkur var farið að klæja mikið í axirnar að komast í smá klifur eftir að hafa kannað öll helstu skíðasvæðin undanfarnar vikur. Fyrstu dagarnir fóru í upphitun í La Rive gauche du Glacier. Þar voru ísleiðir í lettari kantinum klifraðar, fyrsta boltaða ísleiðin okkar klifin og þrammað fram og til baka eftir Argentiere jökulinn í leit að Rambo broddunum hans Jóns sem höfðu dottið af pokanum hans. Eftir upphitunina vorum við tilbúnir í að halda ofar í Argentiere dalinn og sjá hvað hann hafði uppá að bjóða. Eftir að hafa tekið lyftuna upp að Lognan í Les Grands Montets frá Argentiere, gengum við upp með „transfer piste-inni“ sem leið lá inn dalinn allt þar til við komum að sigakkeri þar sem við sigum niður að jökulröndinni og gengum sem leið lá að takmarki dagsins; stór og breiður foss sem endaði uppá topp við hliðiná Refuge de Lognan skálanum. Þaðan myndum við svo ná að labba aftur niður í Grand Monet lyftuna og taka

þá hrópar felagi hans sem á ensku:  
„DANGER!! WATERFALLING!!“

hana niður aftur. Þegar við nálguðumst fossinn, traðkandi spor í nýfallinn snjóinn tókum við eftir miklum ís á við og dreif í kringum fossinn. Við reyndum að velta þessu ekki of mikið fyrir okkur og héldum okkar striki. Ég hnýtti mig í línuna og var að gera mig kláran til að leiða fyrstu spönnina þegar við heyrðum einhvern hrópa. Kallið barst úr næsta fossi við hliðina á þeim sem við ætluðum að klifra, frá Frakka sem kallaði til okkar á frönsku. Eftir smá orðaskak á frönsku sem við skildum ekkert í, þá hrópar felagi hans á ensku: „DANGER!! WATERFALLING!!“ Við litum hvor á annan og veltum fyrir okkur hvað hann ætti við með sinni bjöguðu ensku. Hætta, hér? Endurmátum okkar stöðu, innan um fullt af íshróngli sem hafði fallið í nýfallinn snjóinn og tókum til fótanna með axirnar í fanginu, línuna strekkta á milli okkar og pokana í hinni. Þegar við vorum komnir nógu langt í burtu stoppuðum við og lítum á fossin. Ekkert, hann var þarna ennþá, stór og tignarlegur og við sáum ekki hvernig í ósköpunum þetta ferlíki ætti að geta



Jón Heiðar í miðri leiðslu

© Hilmar Ingimundarson

hrunið. Við ákváðum að storka ekki örlögunum þennan daginn og klifruðun nærliggjandi foss, náðum uppá topp seinnipartinn og héldum niður í kláf og þaðan niður á Chambre Neuf. Drifum okkur á Apré Climb fyrir einn kaldan. Eða voru þeir fleiri?

Við gátum ekki hætt að hugsa um það sem hafði gerst fyrr um daginn og leiðina sem okkur langaði svo að klifra. Við ákváðum að skoða málið og fórum í Snell Sport, fjárfestum þar í ísklifur tópó fyrir Argentiere dalinn og sáum þar mynd af þessum fossi. Þetta er eina leiðin í bókinni sem er hvorki með gráðu né nafn en það stendur einhver langur texti á frönsku og orðin „DANGER DE MORT; EDF“. Þar sem franskan okkar var ekki uppá marga fiska skildum við ekkert í þessu og skildum enn síður að menn væru hræddir um að ísinn gæti hrunið. Því var því ákvæðið að halda sem leið lá aftur daginn eftir og klifra fossinn.

Daginn eftir vorum við komnir undir fossinn snemma morguns og það var aftur komið að mér að leiða. Ég lagði af stað og framundan voru

skemmtilegir 50m af WI4 - WI4+ klifri sem endaði á góðum stalli undir þaki og náði ég að koma mér fyrir í einskonar helli þar sem ég tryggði, eða ekki, Jón upp. Jón hljóp upp á eftir mér, farið að hlakka í honum að taka næstu spönn. Hann byrjaði á því að hliðra nokkra metra úr hellinum þar sem hann þurfti að klifra 30-35m af 90° bröttum ís áður en hann fann stall til að tryggja mig uppá. Þetta var magnað klifur, þar sem maður fann bakpokann taka vel í og ekki skemmdi fyrir að hliðra út þar sem maður slútti yfir fyrstu spönninni og sá bara beint niður. Þegar ég kom upp til Jóns, sá ég að tæknilega erfiðustu hlutar leiðarinnar voru búin og hljóp ég því upp síðustu metrana áður en við klipptum okkur úr línunni. Við vorum búin með leiðina fyrr en við áttum von á og þegar við löbbuðum upp eftir frosinni lækjarsprænunni sáum við hvar þar eru göng. Forvitnin dró okkur áfram og inní þau allt þar til við sáum ekki meira, og þar sem ekkert höfuðljós var með urðum við að lata þar við sitja. Það var nokkuð magnað að labba inni í þessum helli, þar sem allt var frosið og flott á að líta. Kláfurinn skilaði okkur síðan niður í Argentiere, og við hoppuðum úr rúturnni fyrir framan Chambre Neuf að vanda þar sem við hittum á nokkra kunningja okkar til að fara yfir afrek dagsins og skála í nokkrum krúsum.

“Við spurðum Jölla hvað þetta þýddi;  
„DANGER DU MORT, EDF“


Pældum við ekkert meira í þessari leið, klifruðum fleiri leiðir í Argentiere og Tacul þar til leið á desember. Kytran sem við leigðum fór að fyllast af gestum yfir jólín og skíðin dregin fram. Þegar líða tók á janúar fór að bætast í hóp þeirra Íslendinga sem ætluðu að spreytta sig á því sem Chamonix hafði uppá að bjóða. Fyrstur kom Gummi Tómasar og síðan Jökull Bergmann. Eitt kvöldið þegar við vorum að glugga í tópóinn fyrir Argentiere saman og velja næsta takmark rifjuðum við upp leiðina sem við Jón fórum fyrr um veturninn. Við spurðum Jölla hvað þetta þýddi; „DANGER DU MORT, EDF“, þar sem hann hafði lært frönsku. Gat verið að enginn hafi klifrað þessa leið, þar sem hún hafði hvorki gráðu, nafn eða neitt annað? Eftir að hafa lesið hvað stóð í bókinni, rak Jölli upp skellihlátur og spurði hvort við værum algjör fífl. Fífl að klifra



Jón Heiðar sólóar upp ónefnda leið eftir að hafa hætt við Danger de Mort í fyrstu tilraun


© Hilmar Ingimundarson

pessa leið án þess að athuga hvort hleypa ætti vatni úr þennan daginn? Við bárum okkur heldur aumlega og sögðumst ekki hafa vitað hvað þarna stóð. Vissulega hefði þetta „EDF“ og „Danger de Mort“ hefði sett upp ákvæðin spuringarmerki, en við héldum að fransmennirnir hefðu verið að meina að fossin gæti hrunið (WATERFALLING), sem við töldum alveg fráleitt. Þá útskýrði hann fyrir okkur að þetta sé affallið úr virkjun sem er þarna fyrir ofan og að EDF standi fyrir „Electric de France“. Þessi leið hefur verið klifin en sé þó nánast aldrei endurtekin, sér í lagi ekki án þess að athuga hvort að von sé á 10.000 lítrum af vatni á sekúndu niður hana. Þetta fór allt að smella hjá



Ungur og spengilegur Jón Heiðar, sáttur eftir góðan dag á fjöllum

© Hilmar Ingimundarson



Greinanhöfundur á leið niður í Argentiere dalinn. Takið eftir frollunni!

© Jón Heiðar Andrésson


okkur. Göngin sem við röltum inní voru þá affallið fyrir eitthvað uppítstöðulón þarna, ekki námugöng eða eitthvað annað.

Nokkrum vikum seinna sáum fossinn í allt öðrum aðstæðum, allur gulur á litinn og klárlega búið að hleypa vatni á hann síðan við klifruðum hann. Við vorum fegnir að hafa sloppið heilir á húfi.


Eftir þetta byrjaði að snjóa sem aldrei fyrr og fljóttlega höfðum við gefið meira klifur uppá bátinn þennan veturninn. Hálfur meter af nýjum snjó daglega breytti klifurdraumum í skíðun í mittisdjúpri mjöllinni langt fram undir mars. Loka þurfti skíðasvæðinu í 10 daga vegna of mikillar snjókomu. Það hlýtur bara að vera einsdæmi að loka þurfi skíðasvæði vegna of mikils snjós enda tók við snjóþyngsti veturn í yfir 100 ár í Ölpunum. Bærinn Le Tour grófst eina nóttina undir snjóflóð sem tók þar með sér 18 af íbúum þess. Nokkrir fleiri félru í snjóflóðum þennan veturn og er okkur

sérstaklega minnistætt þegar við horfðum upp á two skíðaeftirlistmenn, sem láttist höfðu í snjóflóði, flutta á brott. Þeir höfðu farið upp með fyrsta kláf í Grand Montets til að kanna aðstæður eftir ofankomu næturinnar og sprengja þar sem þess þurfti. Þeir höfðu farið of langt og sett af stað lítið flóð sem hreif þá með sér.


Það sem eftir lifði vetrar var lítið klifrað en ævintýri af öðrum toga drifu okkur áfram og draga ennþá fram bros og endalaust af góðum minningum. Með komu Styrmis og frúar bættist enn í þá flóru furðuvera sem deildu þéttsetnum 20 fermetrunum. Svo þéttsetið var í kotinu að snjóbrettahálmur týndist í 2 vikur þarna inni, og þegar allir höfðu lagst til hvílu var ekki auðan blett að finna, nema jú á klósettinu sem í þó nokkrum tilfellum fylltist af gjörsigrudum næturgestum. Pálmi og Nína fylltu svo það tómarúm sem varð er við Jón kvöddum Chamonix eftir frábæran veturn, stúfullir af ævintýrum sem fyllt gætu heila bók. — ■ —



© Björgvin Hilmarsson




© Berglind Ádalsteinsdóttir



© Freyr Ingí Björnsson

1. Ísklifurhobbitarnir Marianne og Robbi, Káfir undir ísleiðunum í Múlfjalli
2. Arnar breiðir út faðminn í Cosmiques, Chamonix
3. Stina Bang og Sveinborg á leið upp snarbrattar hliðar Lónafjardar



4. Arnarfjörður i morgunskimunni á ísklifurfestivali 2009

5.



5. Björgvin Hilmarsson



6. Guðlaugur Þór Guðlaugsson

4. Arnarfjörður i morgunskimunni á ísklifurfestivali 2009
5. Formaðurinn felur sig bakvið brotið kerti í „Super DuPont“ WI5, Stólnum, Skíðadal
6. Rólegur dagur á skrifstofunni. Ívar í Tvburagilí
7. Hver þarf tjald þegar hann á búlderdýnu? Kristó, Eyþór og Örvar, pollrólegir á kantinum



# EILÍFSDALUR LEIÐARVÍSIR FYRIR ÍSKLIFUR

Sigurður Tómas Þórísson

© Guðmundur Freyr Jónsson

## Almennt

Eilifsdalur gengur inn í norðanverða Esjuna úr Miðdal í Kjós. Dalurinn er um 6km langur og eru helstu ísklifurleiðirnar á tveimur aðal svæðum.

**Svæði A** (Þilið og Einfarinn) er í efstu klettabeltunum á áberandi norðurvísandi vegg langleiðina inn dalinn. Blasir íspílið við alla leið úr Valshamri og viðar.

**Svæði B** (Tríó) er í áberandi hliðargili Eilifsdals, í hliðum Þórnyjartinds, u.þ.b. miðja leið inn dalinn.

Stakar leiðir (snjó- og ísleiðir) eru á víð og dreif, s.s. í stórum fossi í botni dalsins, í hliðum Þórnyjartinds, í klettavegg í austurhlíð dalsins og viðar. Hér verður þó látið staðar numið við ofannefnd aðal svæði og vísað til eldri leiðarvísa (ársrit 1985 t.d.) með aðrar leiðir.

Heilt yfir má segja að Eilifsdalur sé svæði sem býður upp á heimsklassa ísklifur af flestum erfiðleikastigum með einna tryggustu aðstæður sem um getur hér lendis. Helstu lestir svæðisins eru löng aðkoma og hættulegar snjóflóðabrekkur í

aðkomu og á niðurleiðinni, einkum á svæði A.

**Eilifsdalur er alræmt snjóflóðasvæði!** Ísklifrarar ættu ætið að hafa með sér viðeigandi snjóflóðabúnað, s.s. ýli, stöng og skóflu, fara með ítrустu gát um dalinn og láta vita af ferðum sínum.

Fyrir ofan sumar leiðirnar, s.s. Einfarann, Þilið og fleiri, myndast oft griðarstór hengja þegar líður á veturinn. Hún er varasöm að tvennu leyti; litlar snjóflóðaspýjur geta brotnað úr henni og svo getur verið bæði erfitt og mjög varasamt að klifra upp úr henni. Óvitlaust er því að hafa með sér snjótryggingar fyrir snjóklifrið í lokin.

## Aðkoma


Frá Reykjavík er um 40km akstur inn að mynni Eilifsdal. Ef frost er í jörðu og snjólétt er hægt að keyra langleiðina inn dalinn á óbreyttum jeppa og spara sér þannig um 45 mín göngu. Þegar líða fer á veturinn verða ísskarir á bökkum árinnar þó stundum farartálfni og dalurinn er stundum mjög snjóþungur. Stærri jeppar komast þó oftast langleiðina inn dalinn.

Jeppaslopín innefnir er nokkuð torrótuð, einkum í snjó og myrkri enda slóðin ógreinileg.

Þeirri ósk er beint til ísklifrara að reyna ekki að keyra inn dalinn ef frost er ekki í jörðu og eftir hlákutíð því keyrt er á grasi og mosa hluta leiðarinnar og getur gróðurinn farið illa af jeepaleikfimi við slikar aðstæður.

Ef ekki er aksfært inn dalinn er um 45-60 mín hressandi ganga inn dalbotninn og svo annað eins upp bratta brekku að ísbiljunum (svæði A). Athugið að síðustu 100-200m upp að ísleiðunum er varasamt alpaklifur, sem krefst oft á tíðum brodda og jafnvel ísaxa.

Að svæði B er farið rúmlega hálfu leið inn dalinn og þaðan til vesturs upp í stórt gil í V-hlíð dalsins.



Örlygur Steinn í Einfaranum (A5)  
Tvifarinn (A6) gnæfir yfir

Sveinn Friðrik Eydal Sveinsson

## Um ísklifrið

I þessum leiðarvísí er fjallað um 18 ís- og snjóleiðir og spenna þær öll erfiðleikastig, allt frá þægilegum snjóleiðum upp í tvær af erfiðustu ísklifurleiðum landsins (Tjaldið og Ópið, WI6).

Algengustu niðurleiðirnar eru um Gunnlaugs-skarð niður í vestanverðan dalbotninn (rétt vestan við Pilið) og niður staerra gil norðan við Skálatind (öruggari leið en lengri). Einnig er hægt að fara niður gil beint sunnan við Eilifstindinn en hún er torfundnari en hinár tvær. Niðurleiðirnar eru merktar á yfirlitsmynd á næstu opnu.


## Tímabil


Hæstu ísklifurleiðirnar liggja í um 600-800m hæð yfir sjó (svæði A) og er svæðið því eitt það fyrsta til að detta í aðstæður á haustin (oft í lok október til byrjun nóvember) og ísinn helst í dalnum langt fram á vor og sumar þrátt fyrir hlákur og vosbúð. Eru dæmi um að menn hafi klifrað í Eilífsdal á sumardaginn fyrsta og 1. maí!

Vatnsrennslí er nokkuð jafnt í flestum leiðum og því góðar líkur á ís ef kalt (<3-4°C) hefur verið á láglendi í einhverjar vikur. Þó eru leiðir eins og Tjaldið og Ópið sem myndast hægar og eru að einhverju leyti háðar bráðnun á snjó uppi á brún og því meiri óvissa um aðstæður í þeim.

— ■ —

Dreifing erfiðleikagráða ísklifurleiða í Eilífsdal





Aðal ísklifursvæðið í Eilífsdal. Einfarinn, Þilið o.fl. (A4 – A10)

Sigurður Þómas Þórisson

#### A1. Eilífstindur

Jan '78: Félagar í HSSR

Skemmtilegt snjógil án teljandi erfiðleika. Eilífstindur sjálfur er lítill klettur, 6-7m hárr. Frá honum er um 100m hækkan upp á brún, um gilið til vinstri. Þar er oft hengja en yfirleitt hægt að sneiða framhjá henni hægra megin í gilinu.

snjór 600m

#### A2. Ónefnd

snjór/ís 600m

Okt '89: Guðmundur H Christensen

Falleg snjóleið hægra megin við leið A1 (Eilífstind). Farið er upp gil hægra megin við leið A1, fylgt upp að Eilífstindi og þaðan út í leið A1. Ís er í neðri hluta leiðarinnar en berg og mosi ofar.

#### A3. Stefnid

WI5 80m

Páskar '91: Páll Sveinsson, Guðmundur H

Christensen, Hallgrímur Magnússon

Blönduð mosa-, kletta- og ísleið af Eilífstindi og áfram upp hrygginn og síðan upp á steftnið á brún Esjunnar. Aðal erfiðleikarnir eru síðustu 30m.

#### A4. Þursinn \*

WI3 150m

Des '94: Guðmundur H Christensen

Áberandi ís/snjóleið austan (v. megin) við Einfarann. Nokkur brött íshöft með léttara snjóklifri á milli.

#### A5. Einfarinn \*\*

WI3-4 150m

22. nóv '81: Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson

a) Falleg leið upp gilskorning. Nokkur brött íshöft. Aðal erfiðleikarnir felast í síðustu spönninni, sem er íslitill strompur, sem endar í bröttu snjóklifri upp

á brún. Þægilegast er að fara annað hvort lengst til hægri eða vinstri þegar komið er upp úr leiðinni til að losna við stærstu hengjuna sem gnæfir gjarnan yfir miðri leiðinni (WI3).

b) Annað afbrigði af Einfaranum er upp áberandi íspil á höfuðveggnum vinstra megin við strompinn í orginalinum (WI4 oftast)

Sjá nánar í grein um Klassískar ísklifurleiðir framar í blaðinu.

#### A6. Tvífarinn

WI5 60m

15. apr '93: Þorvaldur V Þórsson, Magnús Gunnarsson Ýmist farin sem afbrigði við Einfarann eða sem framhald af vinstri Tjaldsúlunni (eftir hliðrun til vinstri á stórra snjósyllu). Byrjar á 20m lóðréttu íshafti og endar á heilli spönn af brattri snjóbrekku. Myndast seint á tímabilinu, einkum við bráðnum á snjó frá brún.

#### A7. Tjaldsúlurnar \*\*

WI4-5 50-60m

a) Vinstri súlan byrjar í um 20m slabbi með smá hliðrun til hægri. Þá tekur við 5-10m lóðrétt íshaft og síðan 10-15m af léttara klifri upp í efstu ísbunkana.

b) Miðsúlan býður upp á nokkur afbrigði, flest kringum WI4+/5-, erfiðast um 20m bratt þil fyrir miðri leið.

c) Hægri súlan er jafnan erfiðust Súlnanna og lengst (60m), oftast WI5- eða erfiðara. Byrjar í WI4 slabbi en síðan taka við 20-30m af lóðréttu klifri og síðan 10m slabb upp í efstu ísbunkana.

**A3****A4****A5****A7****A9****A1****N**

Aðal íspilið í Eilífsdal, Eilifstindur (A1), Stefnis (A3) og helstu niðurleiðirnar (N)

© Páll Sveinsson

**A8. Tjaldið****WI6, M6 50m**

Mar '91: Páll Sveinsson, Guðmundur H Christensen  
 Leiðin liggur upp hvelfinguna ofan Tjaldsúlnanna,  
 beint ofan við mið-Súluna. Eftir að Tjaldsúlnunni  
 lýkur tekur við erfiður íslaus kafla (tortryggður) inn í  
 hvelfinguna. Þaðan eru svo brött kerti eða tjöld til að  
 komast út úr slúttinu og endað í bröttu snjóklifri upp  
 á brún.

**A9. Þilið \*\*\*****WI5 100m**

Feb '91: Páll Sveinsson, Guðmundur H Christensen  
 Überklassík. Leið sem allir málsmetandi ísklifrarar  
 verða að fara. Yfirleitt farin í þemur spönum, 40m  
 WI4 fyrsta spönn, svo 30m WI4-5 önnur spönn og svo  
 30m WI5 lokaspönn sem endar í bröttu snjóklifri upp  
 á brún.

NB oft er stór hellir í lok 2. spannar, þar sem þægilegt  
 er að gera stans.

Sjá nánar í grein um Klassískar ísklifurleiðir framar í  
 blaðinu.

**A10. Ópið****WI6, M5 100m**

8. mar '09: Róbert Halldórrsson, Sigurður T Þórisson,  
 Guðjón S Steindórsson

Leiðin liggur hægra megin í hvelfungunni hjá Þilinu.  
 Fyrri spönnin er 50-60m upp allt slabbið undir stóra  
 slúttinu (WI4+). Seinni spönnin þræðir klakabunka  
 ofan slabbsins (15m), þaðan í um 5m (tortryggða)  
 mixklifurhlíðrun (M5) og út á dinglandi kertið.

Kertinu er fylgt upp fyrir slúttið um 5m í ágætis hvíld  
 bakvið kertið. Síðustu 10-15m eru svo klifraðir utan á  
 lóðréttu kertinu og í bröttu frauði/snís upp á brún.

Sjá nánar í grein framar í blaðinu.



Tríó í Eilífsdal (leið B1)

© Páll Sveinsson

**B1. Tríó \*\*****WI4-5 60m**

Jan. '88: Guðmundur H Christensen, Snævarr  
 Guðmundss., Páll Sveinsson

Í áberandi gili norðan við snjóleið á Þórnýjartind,  
 miðja leið inn dalinn. Fossinn skiptist í tvö íspil og  
 er það efta hærra og erfiðara. Fossinn klofnar í þrjár  
 greinilega súlur.

a) vinstra kertið er venjulega erfiðast, WI5 í  
 venjulegu árferði og vantar oft í efsta partinn.

FF: Einar Stefánsson og Kristján Maack

b) orginallinn (miðjukertið) er WI4+/5

c) hægra kertið er svipað erfitt og b).

FF: PS og GHC

NB varasamur snjóflóðafarvegur liggur niður  
 afbrigði c) og ber því að varast hana ef snjóálog eru  
 ótraust.

**B2. Uno****WI4 20m**

Þægileg stutt leið hægra megin við Tríó.


**B3. Ónefnd****WI4 25m**

Jan. '90: Jón Þorgrímsson, Stefán S Smáráson  
 Hæsti fossinn í austurhlíðum Þórnýjartinds. Fjöldi  
 styttri fossa í léttari kantinum er á þessu svæði og  
 henta vel fyrir þá sem eru að byrja að spreyma sig í  
 sportinu.

# KERLINGARELDUR

leiðarvísir

Sigurður Tómas Pórísson



© Sigurður Tómas Pórísson

*Klifurleiðin Kerlingareldur er í fjallinu Kerlingu (1.114m) sem skilur að Svarfaðardal og Skíðadal á Tröllaskaga við Eyjafjörð. Hún er framan á berggangi sem gengur fram í dalhvilst eða skál, sem er á milli fjallsins Stóls og Kerlingar og sést greinilega alla leið frá Dalvík og þegar keyrt er fram Svarfaðardal að vestan.*

Leiðin var fyrst klifin af Jökli Bergmann og Stefáni Smárasyni sumarið 1997. Hafði heimamaðurinn Jökull rennt hýru auga til berggangsins í nokkur ár. Var fyrirfram búist við að berggangurinn yrði óþægur ljár í þúfu og töku þeir kumpánar með sér stigaklifurrakkinn og brýndu vopnin fyrir eitt rosalegasta alpamission íslenskrar klifursögu. Kom það því á óvart að klifrið var ekki eins hrikalega erfitt og til stóð og einkum að leiðin skyldi vera frikliffranleg. Má því segja að Kerlingareldurinn hafi hafi slegið ryki í augu þeirra félaga hvað þetta varðar, en það er einmitt það sem kerlingareldar (físiveppir) gera þegar á þá er gengið.

Leiðin var ekki endurtekin fyrr en árið 2003 en þá voru á ferðinni þeir Andri Bjarnason, Ólafur Ragnar Helgason og Eyþór Örn Jónsson. Næsta uppáferð var árið eftir þegar Jökull fór með Sunnu Björk Bragadóttur spúsu sinni, Friðjóni Þorleifssyni og Fransmanninum Gregory Facon. Sigurður Tómas, Björgvin Hilmarsson og Skarphéðinn Halldórsson voru fjórði hópur upp í

júlí 2006. Fimmta ferðin var farin þegar Jökull fór sína þriðju ferð í leiðina í águst sama sumar ásamt Sigurði B. Sigurðssyni Svarfdælingi. Ekki leiðist Bergmanninum þarna uppi því hann líka heiðurinn af sjóttu ferðinni, þá með Arnari Emilssyni og Frey Inga Björnssyni árið 2007 og þeirri sjóundu með Hans Peter Stettler og Patrick Stettler sama sumar. Hann var svo enn á ný á ferðinni sumarið 2009 með Frey Inga og var þá Guðmundur Tómasson með myndavélina og ljósmyndaði ævintýrið. Afrakstur þeirrar ferðar má sjá á myndum með þessum leiðarvísni. Vitað er af a.m.k. tveimur öðrum hópum sem hafa reynt við leiðina en orðið frá að hverfa vegna votviðris eða annarra orsaka.

## Af Vísindavefnum

Orðið kerlingareldur er annað heiti á físisvepp. Þegar físisveppur er ungrur er hann hvítur og mjúkur og kallaður merarostur, sjaldnar merareldur. Ekki hefur hann fengið nafn af ásókn mera í hann því að hross sniðganga hann í túni. Með aldrinum dökknar físisveppurinn og þornar og sé komið við hann dreifist frá honum gráleitt ryk. Á þessu stigi nefnist hann kerlingareldur og „rykið“ er fræ hans. Kerlingareldurinn er því fullproskáð aldin físisveppsins. Áður fyrr, og reyndar eitthvað enn, var varað við að fá þetta ryki í augun. Það gæti valdið blindi.

Hiklaust er hægt að mæla með þessari leið fyrir sæmilega vana dóttaklifrara, enda er þetta ein glæsilegasta klettaklifurleið á landinu. Hafa ber

Hæð: 1.114m  
Hækjun: 800 - 1.000m

### Göngu/klifurtími upp og niður:

8-10 tímar, 10-12 tímar ef farið á topp Kerlingar

### Lagt af stað frá:

Melum í Svarfaðardal

### Ráðlagður búnaður:

Hjálmur, klifurbelti, tvær 60-70m línur, hnetur og vinir, tvistar og slingar, sigtöl

### Stutt lýsing:

Ævintýralegt klifur fyrir harðakjarna klifrarann upp einn tilkomumesta berggang landsins. Tæknilegt klifur í þokkalegu- en á köflum varasömu bergi


í huga að leiðin er mjög alvarleg, klifrið er oft á tiðum tæpt og langt er að fara að sækja aðstoð ef eitthvað kemur upp á! Tryggingar eru oft síðri en best verður á kosið og stundum langt á milli þeirra. Töluvert hefur verið hreinsað af lausu grjóti úr leiðinni en enn finnast lausir steinar hér og þar og geta þeir farið af stað ef harkalega er tekið á þeim. Ekki láta blekkjast af 5.8-5.9 gráðunni því hún segir minnst um klifrið sjálft. Það er tvennt ólíkt að klifra t.d. 5.8 í Stardal á góðum tryggingum og að príla 5.8, nokkrum metrum ofan við taepa tryggingu, 100m uppi í Kerlingareldinum.

Sumarið 2009 voru boruð þrjú vegleg sigakkeri ásamt því að millistansinn fyrir ofan rennuna/ svalirnar (eftir 3. spönn) var lagaður og skartar nú tveimur 10mm műrboltum í stað eins 8mm, handboraðs hulsubolta. Þar að auki var settur einn bolti í krúhxreyfingunni í 3. spönn sem var illtryggjanleg.

### Leiðarlýsing


Gengið er upp frá bænum Melum í Svarfaðardal, en þangað er 10-15 mín akstur frá Dalvík, inn Svarfaðardalsveginn ýmist austan eða vestan við ána.

Gangan upp í skálina tekur rúma klukkustund og rúma klukkustund í viðbót inn skálina, upp snjóbrekkuna og að bergganginum. Ekki er úr veki að hafa með sér ísöxi, vera með hjálm og hlusta vel eftir hruni úr klettaveggjunum sem



er mjög mismikið eftir aðstæðum og árstíma. Einnig er vert að athuga að snjóflóðahætta getur verið í skálanni ef farið er snemmsumars.

Best er að bera með sér a.m.k. tvö half-rope og hefðbundinn dótaklifurrakk. Litlir vinir koma oft að góðum notum. Sumar spannir eru talsvert langar svo það borgar sig að hafa nóg af tvistum og slingum. Einnig er gott að vera með nokkra fleyga til að gera bráðabirgðastans undir leiðinni. Litið er um staði fyrir annað dót fyrir ofan snjóbrekkuna.



Leiðin upp bergganginn. Hvítan línan táknað upprunalegu leiðina, rauða línan afbrigði af 5. spönn og [00] staðsettningu akkera

### 1. spönn. 5.5, 35m

Byrjar framan á bergganginum á sæmilegum tökum og þokkalegum tryggingum, upp á slabbi með smá hliðrun til hægri í lokin. Hér verður að setja upp stans með eigin tryggingum.

### 2. spönn. 5.7, 25m

Ofan slabbsins verður klifrið brattara. Þá taka við tvær rennur hlið við hlið. Varúð, nokkrar lausar flögur í rennunni! Endar á smá sikk-sakki ofan við rennurnar upp á augljósá góða syllu með tveggja bolta stans.

### 3. spönn. 5.6, 30m

Farið er u.p.b. 5m beint upp frá stansinum, upp lausar flögur inn í stóra rennu og áfram u.p.b. 10m upp hana til vinstri að jaðri berggangsins. Handan við hornið taka við 15m langar, 1-2m breiðar en brattar svalir, með þokkalegum tökum upp í tveggja bolta stans.

### 4. spönn. 5.9, 20m

Beint upp bratt haft hægra megin við stansinn á mjög tæpum tök næstu 5-6m (hér er kominn bolti á tortryggðasta og erfiðasta kaflann). Ofan haftsins tekur við lettara klifur á slabbi upp að tveggja bolta stansi.

### 5. spönn. 5.8, 35m

Þessi spönn er sú alvarlegasta íleiðinni og liggur upp síðasta haftið upp á brún í heldur lakara bergi en víða annars staðar í leiðinni. Spönnin byrjar á nokkuð vafasönum en skemmtilegum flögum upp á hallandi syllu á miðri leið. Hér eru tryggingar vandasamar og verður að passa að taka ekki of hraustlega á flögunum, því sumar eru mjög lausar.

# HRAUNDRANGI

leiðarvísir  
Ágúst Kristján Steinarsson

Sigurður Þómas Þórisson

Hraundrangi er eflaust með þekktari tindum landsins þar sem hann gnæfir yfir þjóðveginum í Öxnadal auk þess sem hann er hluti af einkennismerkni Arnar og Örlygs, bókaforlagsins gamla. Þessi vígalegi tindur var talinn ókleifur þangað til árið 1956 að Finni Eyjólfssyni, Sigurði Waage og Bandaríkjamanninum Nicholas Clinch tókst að sigra hann. Fjölmíðlar hafa sagt að síðan þá hafi eingöngu um 100 manns klifið tindinn, en þær tölur eru eflaust ekki réttar.

## Leiðarlýsing

Lagt er af stað frá bænum Staðarbakka í Hörgárdal, sem er norðanmegin við Hraundranga. Gengið er yfir brú rétt austan við bæinn og arkað upp hlíðina. Eftir um 2-3 tíma göngu upp mosá, berjalyng og lausgrýti er komið upp á brún austan við Drangann þar er ráðlegt að setja á sig allan klifurbúnað og gera línum tilbúnar. Stuttu áður en komið er að dranganum má finna fleyga sem hægt er að tryggja í og þannig leiða í átt að fyrsta akkeri, sem er staðsett í söðli ofan við mjótt gil, alveg upp við Drangann.

Þegar búið er að festa sig í akkerið og gera allan búnað kláran er lagt af stað en klifrið er um 70m. Sumsstaðar í leiðinni má finna gamla fleyga en þess á milli er hægt að koma fyrir tryggingum með hnetum eða vinum. Taka ber gömlum fleygum sem þessum með fyllstu varúð enda getur tölverð hreyfing verið á bergenu við endurtekna hringrás frosts og þíðu.

Framan af er klifrið frekar létt upp stóra gras- og mosastalla en eftir um 25m klifur er komið að fyrri lykilkafla leiðarinnar, þar sem vanda þarf hand- og

## Af Vísindavefnum:

Hraundrangi hefur hlotið frægð sína aðallega af lögun sinni þar sem hann er gífurlega oddhvass, en uppi á blátoppnum er innan við hálf fermetra flótur og því tæplega pláss nema fyrir einn mann að standa. Hraundrangi myndaðist skömmu eftir ísöld í miklu berghlaupi, en í berghlaupi hrynnur hlíðin bökstaflega utan af fjalli og eftir stendur hardara berg, sem í þessu tilfelli er Hraundrangi.

fótfestur. Á stallinum ofan við þennan kafla var millistans en hann var færður ofar þar sem hann hélt ekki lengur fleygum. Rúmum 10m hærra er komið að sæmilega traustu akkeri þar sem hægt er að gera millistans og tryggja hina upp. Einig er mögulegt að klifra alla leið upp á topp í einni spönn (krefst 70m línu) en við það verður línutog leiðinlega mikil í lokin og því ekki sérlega fýsilegt. Rétt áður en komið er upp á toppinn er komið að síðari lykilhreyfingu klifursins. Hér er bergið orðið nokkuð gott og þægilegt að koma fyrir tryggingu áður en lagt er þar upp.

Toppakkerið er traust, sigkarabínur, slingar og vírar utan um stóra grjótblokk og þaðan er 2-3m smáskrölt upp á blátoppinn. Best er að senda einn í einu upp seinstu metrana því það er þróngt og einmanalegt á toppnum. Eftir að hafa öskrað duglega, kvittað í gestabók og gónt í allar áttir er dreypt á einmörtungnum í Ísalp-fleygnum. Peir sem kunna sig bera með sér viský af hæsta gæðaflokki til að fylla á pelann aftur. Síðan er lagt af stað niður, sömu leið og komið var upp. Fljóttlegast er að nota tvær 70m línum til að komast

niður að akkerinu í söðlinum í einni atrennu. Styttri línur ná niður að litlum stansi nokkrum metrum ofan við söðulinn en einnig er hægt að taka þetta í tveimur styttri sigum, af topp og úr neðri millistansinum. Frá millistansinum er jafnvel hægt að síga niður fyrir gilið og sleppa þá við versta bröltið frá Dranganum. Loks er haldið niður hlíðina heim að Staðarbakka.

Áriðandi er að hafa í huga Hraundranginn er að mestu gerður úr íslensku móbergi sem getur verið mjög laust í sér. Mold og mosi eru ósjaldan það eina sem hægt er að grípa í og erfitt getur verið að koma fyrir öruggum tryggingum. Því skal í öllum tilfellum gaett fyllstu varúðar og öllum tryggingum tekið með fyrirvara, hvort sem um föstu fleygana eða eigin tryggingar er að ræða. Á heildina litið má þó segja að mestu máli skipti að í ferðinni sé hæfur og reyndur klifrarri sem kann vel á allan klifurbúnað og best ef allir í hópnum eru það.


### NV-hryggur Hraundranga

Fyrsta ferð upp NV-hrygg Hraundranga á það sameiginlegt með fyrsta klifrinu árið 1956 að aftur var Bandaríkjamaður með í för. Í þetta sinn var það Steve House, heimsþekktur fjallamaður,

i góðum félagsskap með Jöklí Bergmann, Frey Inga Björnssyni og Jóni Heiðari Andréssyni en þeir fóru leiðina í mars 2007. Ákveðinn ávinnungur er af því að fara á Drangann þegar frost er í jörðu þar sem hann verður þá mun fastari í sér og auðveldar það klifur og gerð trygginga.

Gengið er upp frá Staðarbakka eins og venjulega en stefnt að neðsta klettabeltinu í norðvesturhlíð Hraundranga. Fyrstu þrjár spannirnar liggja upp miðjuna á 150m háu klettabelti, M3-M4. Því næst tekur við um 100m brölt upp fallegan hrygg þar til komið er að 60m léttu mosaklifri sem endar í klauf á hryggnum fyrir neðan sjálfan Drangann. Fyrri spönn á Dranganum er 50m, 70-80° mosaspönn sem endar á syllu fyrir neðan erfiðasta hlutann. Sjötta og síðasta spönnin er sú erfiðasta en þó tvískipt þar sem fyrri hlutinn, 25m, er krefjandi M5 klifur en seinni hlutinn, 20m, er léttara klifur. Í síðustu spönninni hefur verið komið fyrir tveimur fleygum.

Enn sem komið er hefur NV-hryggurinn eingöngu verið farinn að vetri til. Ólíklegt verður að teljast að leiðin sé fýsileg á sumrin.



# VALSHAMAR Í EILÍFSDAL

Leiðarvísir

© Björgvin Hilmarsson

Sigurður Tómas Þórisson  
Skarphéðinn Halldórsson  
Björgvin Hilmarsson

## Um Valshamar

Í leiðarvísi Ísalp #24 frá 1994 segir:

Valshamar í Eilífsdal er lítt klettastapi í vesturhliðum Þórnyjartinds. Þar hefur verið klifrað síðan 1978 en árið 1987 litu fyrstu boltuðu leiðirnar dagsins ljós. Eru það fyrstu klifurleiðirnar á Íslandi sem voru boltuðar.

Valshamar er trúlega mest nýttur allra klifursveða landsins og þar er hægt að klifra bæði tæknilega erfíðar vel boltuðar leiðir og svo auðveldari leiðir tryggðar með hefðbundnum aðferðum. Bergið er 15-20m hátt en nær sjaldnast lóðréttu. Og eitt sem ekki má gleyma. Sökum þess hve hamarinn er lítt liggja klifurleiðirnar mjög þétt. Nýtast sumir boltanna undir fleiri en eina leið, t.d. geta tvær klifurleiðir byrjað í sömu boltaröð en skiljast svo að eftir annan eða þriðja bolta. Einnig getur leið verið klifruð vinstra megin við boltaröð og önnur hægra megin.

## Leiðarlýsing

Valshamar er í rúmlega 40km fjarlægð frá Reykjavík. Frá Reykjavík er keyrt eftir þjóðvegi 1, Vesturlandsvegi, í átt að Hvalfjarðargöngum. Í stað þess að fara í göngin er haldið til austurs inn gamla Hvalfjarðarveginn inn í Kjósina. Þegar í Kjósina er komið er annað hvort hægt að fara inn Miðdal að norðan á þokkalegum malarvegi eða fara lengra inn fjörðinn og inn styttri malarveg inn Eilífsdal/Miðdal að austan. Á móta tímafrekt er að fara þessar tvær leiðir en sú fyrri er eilitið styrtti í km talið.


Þegar í Eilífsdalinn er komið er beygt til austurs gegnum hlið og er þar skilti sem bendir að sumarhúsabyggðinni Valshamri. Keyrt er niður bratta brekku og yfir ræsi á Eilífsdalsánni. Fljóttlega eftir að komið er yfir ána er beygt til

vinstri yfir malarplan (merkt með skilti) og keyrt eftir grófum malarvegi inn í móann neðan sumarhúsabyggðarinnar. Til móts við síðustu sumarhús er tilvalið að leggja og þaðan er um 15 mín gangur meðfram girðingunum og upp að hamrinum (stikuð leið eftir að girðingunni sleppir). Ekki er mælt með gömlu aðkomunni ofan sumarhúsabyggðarinnar, því búið er að reisa hús þar sem gamla gönguleiðin lá og hliðinu inn á svæðið er iðulega læst og hafa fjölmargir lent í að læsast inni á svæðinu. Nýja leiðin var valið í samráði við sumarhúsaeigendur á svæðinu og er almenn sátt um hana bæði hjá þeim og klifursamfélaginu.

## Hvernig klifur

Klifurleiðirnar í Valshamri eru af ýmsum gerðum og gráðum, en flestar einkennast þær af tæknilegu klifri á köntum og í grunnum sprungum á veðruðum stuðlunum.

Nokkrar leiðir fylgja að mestu sprungukerfum og eru sumar þeirra tryggðar á hefðbundinn hátt (dótaklifur) en síðustu ár hafa flestar leiðirnar verið boltuðar.



Fjölmargar leiðir í Valshamri eru klassískar og er hægt að mæla með eftirfarandi leiðum:

- Eilifur er ekki hér
- Sumardraumur
- Gollum
- Stallarnir

### Fjöldi leiða

Klifurleiðir í Valshamri er 25 talsins og eru flestar þeirra nú boltaðar.

Fjölmargar nýjar leiðir hafa bæst við flóruna síðustu ár, s.s. Glóinn, Kristján X, Tjakkurinn, Grettistak o.fl. og hafa þær gefið svæðinu meiri breidd.

Léttasta leiðin í Valshamri er gráðuð 5.4 (Kristján X og Stróplægt) en þær erfiðustu 5.11+ (Supermax og Augnablik). Flestar eru leiðirnar á bilinu 5.6 – 5.10.

### Jarðfræði

I grein Hallgríms Arngrímssonar um jarðfræði klifursvæða á Íslandi (ársrit 2003-2006) segir:

*Saga Valshamars tengist að miklu leyti jarðsögu Esjunnar vegna nálægðar hamarsins við hana. Ef Valshamar er skoðaður út frá því nágrenni sem hann er í þá er hann eins og lítl bólá í landslaginu sem stingur mjög í stúf við allt annað í kring. Hann minnir um margt á Stardalshnjúk þó hann sé mun minni í sniðum. Bergið er þétt og lóðrétt stuðlað en stuðlarnir virðast þó vera örлltið breiðari og ávalari. Stuðlarnir eru ekki eins sprungnir og í Stardalshnjúk og hafa aðeins rauðleitari blæ. Þversprungur í stuðlunum eru ekki algengar. Jökulrof hefur verið á svæðinu á ísöld með jökulskriði frá Eilifsdal út í Hvalfjörð sem hefur hreinsað allt laust grjót á svæðinu.*

Bergtegundin er fínkornótt ólivín þóleit. Bergið inniheldur nokkuð mikið af járni sem gefur berginu bennan rauða lit sem er járnoxíð eða ryð. Viðnámið við bergið er mikið, þó ekki eins mikið og í Stardal. Af útlitinu að dæma virðist Valshamar vera litill bergeitill því lítið er um þessa jarðmyndun á svæðinu í kring.

### Almennt

Allar leiðirnar í Valshamri eru búnar prýðilegu toppakkeri. Einstaka karabína er orðin stífl en búið er að endurnýja þær flestar á síðustu árum.

Einhverjur sigboltar eru á klöppinni fyrir ofan hamarinn og er hægt að brölda eða síga niður í flest akkerin til að koma fyrir ofanvaðslínu ef áhugi er á því.

Meðal helstu kosta Valshamars sem klifursvæðis er að þar er þó nokkur fjöldi góðra leiða við flestra hæfi, þar af nokkrar hentugar fyrir byrjendur í sportinu, því þær eru þétt boltaðar (t.d. Kristján X, Skoran). Aðkoman er stutt og keyrslan frá Reykjavík með minnsta móti og er því tilvalið að skella sér þangað í klifur eftir vinnu eða skóla. Þegar nálgast sólstöður nýtur sólar við í hamrinum fram undir miðnætti og jafnast fátt á við kyrrlatt sumarkvöld í Valshamri.


Hafa ber í huga að Valshamar stendur á eignarlandi nälægt þéttri sumarhúsabyggð. Hljóðbært er við klettinn á lynum sumarkvöldum og eru klifrarar hvattir til að sýna tillitsemi og vera ekki með háreysti fram eftir kvöldi. Einnig er vert að benda á að moldin undir hamrinum getur verið leiðinleg eftir rigningar. Að sjálfsögðu er góð umgengni grunnforsenda þess að aðgangur um svæðið verði áfram óhindraður.



© Björgvin Hilmarsson



Sumar og vetur mælast í Eilifsdal  
Sædis Ólafsdóttir klifrar



© Björgvin Hilmarsson

**1 Kristján X \***      5.4 7m  
Þægileg byrjendaleið, stutt á góðum tökum. Þétt boltuð sem hæfir vel sem fyrsta leiðsla.

**2 17. júní**      5.7 7m  
Lítíð annað en ein hreyfing í byrjun sem er einna helst leyst með hnafalás. Þægileg eftir það.

**3 Stóplægt \***      5.4 7m  
Stutt og þægileg leið upp víða sprungu sem geymir gnægð góðra taka.

**4 Grettistak**      5.6 9m  
Leiðin fylgir vinstra horninu á stuðlinum. Erfiðust í byrjun en léttist þegar ofar dregur.

**5 Tjakkurinn \***      5.7 9m  
Leiðin liggur á köntum og brúnum hægra megin á stuðlinum. Endar í sama akkeri og Grettistak.

**6 Ein síðbúin**      5.9 11m  
Leiðin liggur upp fésið vinstra megin við áberandi sprungu (leið 7) á litlum tökum og jafnvægishreyfingum. Hliðrar til hægri yfir tæpt fés (ek) eftir að komið er yfir áberandi þversprungu, sameinast leið 7 fyrir ofan þakið.

**7 Náttgagnið \***      5.8 11m  
Leiðin liggur upp augljósa sprungu yfir tvö litil þök. Eftir fyrra þakið hliðrar hún lítið eitt til vinstri og fer þaðan yfir seinna þakið (ek).

**8 Augnablik**      5.11d 11m  
Beint upp miðjuna á fésinu hjá Slabbinu.


**9 Slabbið \*\***      5.9 12m  
Algengast er að hefja leiðina vinsta megin á stuðlinum en hliðra strax yfir til hægri. Þaðan er hægri kantinum fylgt á litlum tökum og tæpum smurningum upp í miðja leið (ek). Endar á smá krúxi undir akkerinu (ek). Hér verður að treysta viðnáminu...

**10 Haustkul**      5.11 8m  
Leiðin liggur upp stuðlinn sjálfan og má hvorki nota sprunguna vinstra né hægra megin. Varúð – langt á milli bolta...

**11 Vetrardraumur \***      5.9 11m  
Kverkinni fylgt upp á viðnámshreyfingum. Hliðrað til vinstri undir þakinu, síðan upp og yfir þakið (ek). Fjölbreytt leið sem hýsir nokkrar af örfáum bakhreyfingum í Valshamri.

**12 Vaknað upp við vondan draum**      5.10d 11m  
Leiðin liggur á sama vegg og Sumardraumur en þræðir upp miðjuna á tæpa fésinu í stað þess að fara út á hornið eins og Sumardraumur gerir.

**13 Sumardraumur \*\*\***      5.10c 11m  
Leiðin hefst framan á stuðlinum en hliðrar svo út á slabbið til vinstri við annan bolta. Brúninni er fylgt upp á litlum köntum en hliðrað út fyrir hana aftur í lokin (ek). Klassísk leið!



© Björgvin Hilmarsson

**14 Gollum \*\***

5.11a 11m  
Þessi fyrrum erfiðasta leið landsins er enn í dag talsverð manndómsraun. Hefst á ágætum gripum sem hverfa fljóttlega og við taka fá og smá grip og næpir fætur. Tæknilega snúin alla leið upp en þó afar gefandi leið. Endar í sama akkeri og Sumardraumur.

**15 Blómálfar**

5.7 10m  
Leiðin byrjar á auðveldu klifri upp á syllu. Af syllunni er klifrað ská til hægri yfir tæpt fés (ek) og síðan upp í akkeri á góðum tökum. Að mestu sama og leið. 16)

**16 Stallarnir \***

5.5 10m  
Leiðin byrjar á auðveldu klifri upp á syllu. Af syllunni er tæp hliðrun beint til hægri (ek) og síðan upp í akkeri á góðum tökum.

**17 Glóinn**

5.8 10m  
Fingrasprungu er fylgt upp fyristu metrana (ek). Um miðbik leiðarinnar gefur sprungan eftir og við taka stór grip og þægilegt klifur.

**18 Eilífur er ekki hér \*\*\***

5.8 13m  
Leiðin hefst á gleiðri kverk en hliðrar fljóttlega út á stóra flögú. Þaðan hliðar leiðin aftur til vinstri og síðan upp brattasta hluta leiðarinnar (ek). Fylgir svo vinstri kantinum upp í akkerið. Frábær leið, fjölbreytt klifur með skemmtilegum karakter. Klassísk leið!

**19 Supermax**

5.11+ 13m  
Tæpt viðnámsklifur upp sléttan vegg hægra megin við Eilíf.

**20 Hrúðurkarlar**

5.10c 13m  
Fylgir „Eilífi“ fyrrí helming leiðarinnar en í stað þess að hliðra til vinstri af stóru flögunni fer leiðin til hægri upp brattasta vegginn á lítlum tökum og tæknilegum jafnvægishreyfingum (ek).

**21 Hælkrokur**

5.9 13m  
Byrjar á sprungu hægra megin við Eilíf en liggur samsíða Hrúðurkörlum í efri helmingnum. Óboltuð.

**22 Skoran \*\***

5.5 11m  
Þægileg leið á stórum gripum upp áberandi skoru.

**23 Skóreimar, afbrigði**

5.10b 10m  
Leiðin hefst á jafnvægishreyfingum á sléttum vegg við fyrsta bolta (ek). Þaðan er komið á litla syllu og er leiðin tæp eftir hana og alveg upp í topp (ek). Þetta afbrigði liggur vinstra megin við boltalínuna í efti partinum.

**24 Skóreimar \***

5.9 8m  
Leiðin byrjar á stalli og verður strax brött og tæknileg (ek). Hliðar lítið eitt til vinstri í akkerið undir lokin. Tæknilegar krúhxreyfingar gera þessa að klassískri leið.

**25 Rennilás**

5.7 8m  
Akkerislaus dótaleið.

# ANNÁLT 2008-2009

## ÍSALP

Hér gefur að líta annál íslenskrar fjallamennsku fyrir árin 2008-2009. Enn á ný gerir ritnefnd breytingar á því tímabili sem annállinn nær yfir. Annáll þessi nær frá vori 2008 til hausts 2009 þannig að hér er að finna brakandi ferskar fréttir af fjallamennsku og klifurafrekum Íslendinga bæði heima og erlendis.

Af því sem hæst ber í fréttum er leiðangur sem farinn var til Himalaya haustið 2008 með það að augnamiði að klifra fjallið Shivling. Fjölmargir klettaklifrara héldu utan til Evrópu í klettaklifur og Alparnir fengu nokkrar heimsóknir sumrin 2008 og 2009. Segja má að sprenging hafi verið í áhuga á mixklifri veturinn 2008-'09 og í Búahömrum voru settar upp margar nýjar mixklifurleiðir. Ísklifurfestival var haldið í Arnarfirði og upp-götvaðist þar gósenland fyrir ísklifrara. Fjölmargar nýjar klettaklifurleiðir bættust við bæði á Hnappa-völlum sem annars staðar.

Sem fyrr biðjum við félaga klúbbsins að senda ritnefnd stutt skeytí ef farið er út fyrir landsteinana að klifra eða ef ný leið er sett upp.

### ÚTLOND

Haustið 2008 hélt fríður hópur til Indverska hluta Himalaya til að klifa hið glæsilega fjall Shivling (6543m). Þar voru á ferð Arnar Þór Emilsson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Kári Erlingsson, Eiríkur Geir Ragnars og Gunnar Sverrir Ragnars. Snjóflóðahætta og slæm veður komu m.a. í veg fyrir að hópurinn næði á toppinn. Nánar er fjallað um þennan leiðangur í grein framar í ritinu.

Arnar, Berglind og Eiríkur höfðu ekki fengið nóg af fjallabrétti og eftir Shivling ferðina héldu þau beint til Nepal til að reyna við fjallið

Kyajo Ri (6186m). Þurftu þau að snúa við í 5800m hæð vegna mikils winds. Grein um þá ferð er einnig að finna framar í blaðinu.

Sædís Ólafsdóttir hefur dvalið langdvölum í Boulder, Colorado fylki í USA. Þar hefur hún verið iðin við klifrið og skíðamennsku. Fékk hún heimsókn frá Kristáni Þór Björnssyni (Kristó) og Kristínu Mörthu vorið 2008. Kristó klifraði erfiðast boulderleiðina Whispers of Wisdom, V10, og Birstadt, V9/10. Kristín Martha klifraði The Kind, V5/6.

I ágúst 2008 fóru þau Valdimar Björnsson, Marianne van der Steen og Eyþór Konráðsson til Ceuse í Frakklandi. Þar bar hæst að Valdi náði að klifra 8a+ (5.13c) og þrjár 8a (5.13b). Marianne klifraði 7c (5.12d) og Eyþór fór hæst 7b+ (5.12c).

Hjalti Andrés og Bernd Kolb fóru mikinn Evróputúr haustið 2008. Klifruðu þeir m.a. í Frankenjura og El Chorro. Hjalti fór Trainspotting Extension (8a) og Bernd klifraði leiðina Hakuna Matata (7a+).

Kristó og Eyþór Konráðsson héldu einnig til El Chorro um jól og áramót 2008/9. Kristó rauðpunktaði Oraculo, 8b (5.13d) og eina 8a+, Eyþór rauðpunktaði 7b+ (5.12c) leiðirnar Pane pane supermercado og Trainspotting.

Valdimar Björnsson, Marianne van der Steen og Gunnar Magnússon jóðluðu sér í kreppuklifur til Siurana um pásku 2009. Blarott veður hélt fjölda klifurdaga í lágmarki en þó rauðpunktaði Valdimar leiðina Anabolica (8a, 5.13b) í annarri tilraun, Marianne fór 7c (5.12d) og Gunnar 6c (5.11a).

Anna Guðbjört Sveinsdóttir var við nám í lýðháskóla á Lofoten í Noregi veturinn 2008-9.

Auk þess að skíða og klifra í Noregi fór hún til La Sella á Spáni í tveggja vikna klettaklifurferð og til Whitewater í Kanada til að brúka skíði af miklum móð.

Alparnir fengu tóluverða athygli haustið 2008. Um miðjan ágúst fór hópur frá HSSR í Alpana. Þar voru á ferð Trausti Ingvarsson, Ásbjörn Pétursson, Daníel Guðmundsson, Árni Þór Lárusson og Arnar Ingi Guðmundsson. Reyndi hópurinn við Matterhorn og komust Árni og Arnar á toppinn. Einnig reyndi hópurinn að fara þriggja tinda leiðina á Mt. Blanc en varð að snúa við vegna aðstæðna. Síðar komst allur hópurinn á toppinn eftir Gouter leiðinni.

Sumarið 2008 hélt Þórður Bergsson til kanadísku klettafjallana þar sem hann klifraði mikið með Friðjóni Þorleifssyni sem býr í Canmore. Klifruðu þeir mikið af sportklifurleiðum í kringum Canmore auk þess að fara nokkrar lengri leiðir. Af þeim má nefna Kane route á Mt. Louie, norðausturhlíð Ha Ling Peak og AA col á Mt. Athabaska.

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson og Ólafur Hrafn Nielsen brugðu undir sig betri fætinum sumarið 2008 og héldu í Kákasusfjöllin. Þar gengu þeir við fimmtra mann á hæsta fjall Evrópu, Elbrus (5642m). Náðu þeir félagar toppnum á sjálfan þjóðhátiðardaginn, 17. júní.

Águst Þór Gunnlaugsson og Atli Pálsson skruppu til Chamonix í lok ágúst 2008. Klifruðu

þeir Cosmiques hrygginn (AD) á Aiguille du Midi. Eftir klettaklifur og rólegheit klifruðu þeir norðurvegg Tour Ronde sem er um 400m gráðuð D.

Arnar Emils og Berglind Aðalsteins bættust í hóp Alpafara undir lok ágúst 2008 og undu sér við klettaklifur og fjallabrólt. Klifruðu þau líkt og Ágúst og Atli Cosmiques hrygginn á Midi. Einnig fórú þau L'an d'Emile gráðuð TD 250m 6a, Le piége TD 200m 6a+ við Envers skálann og svo á nálina flottu Aiguillette D'Argentiere.


Haraldur Guðmundsson hefur verið búsettur í Skotlandi og Bretlandi undanfarin ár og klifrað viða um Bretlandseyjar. Sem dæmi um svæði eru Gilwern Hill í Wales og granít svæðinu Sheeps Tor í suður Devon sýslu. Einnig skrapp hann í sportklifurferð til Monakó þar sem hann klifraði mest 6a á svæði sem heitir La Turbie.

Róbert Þór Haraldsson, Skúli Magnússon og Atli Þór Þorgeirsson héldu til Chamonix í júní 2009. Þar klifruðu þeir eins og margir aðrir Cosmiques hrygginn á Aiguille du Midi. Síðan fórú þeir þriggja tinda leiðina á Mt. Blanc og niður Gouter leiðina. Að lokum fórú þeir Atli og Róbert hrygginn milli Aiguille du Midi og Aiguille du Plan sem gráðaður er PD+.

Í lok sumars 2009 klifur þeir Skúli Magnússon og Hallgrímur Kristinsson fjöllin Jungfrau og Mönch í Svissnesku Ölpunum.



Hópurinn sem gekk þvert fyrir landið sumarið 2009. Fararstjórin Róbert fyrir miðju.



Úr gönguskiðaferð á Kili um pásku 2009. Kerlingafjöll í baksýn

© Gisli Simonarson

## FERDAMENNSKA

EKKI ER VENJAN að tiltaka einstaka gönguferðir um Ísland en þó er vert að minnast á ferð sem Róbert Þór Haraldsson leiddi yfir þvert landið fyrir Íslenska Fjallaleiðsögumenn. Gangan hófst í Ásbyrgi og lá yfir hálendið alla leið til Víkur í Mýrdal. Á leiðinni þurfti að vaða jökulár, þramma yfir sanda og þræða yfir skriðjöklar. Sjö manns eltu Róbert alla þá 450km sem gangan náði yfir en einnig bættust fleiri við á einstaka ferðaleggjum.

### SV-LAND

Órion í Flugugili var farinn við fimmta mann í tveimur teymum 7. desember 2008. Allir tosuðust upp í löðrandi aðstæðum.

Góðan frostakafla gerði í febrúar á suð-vesturhorninu. Komust þá margar leiðir í prýðilegar aðstæður, þeirra á meðal leiðir í innanverðum Brynjadal sem ekkert hafði spurst til lengi.

Mikil vakning hefur verið í mixklifri undanfarin ár en segja má með sanni að algjör sprenging hafi verið í því sporti veturninn 2008-9. Stofnaður var mix-boltasjóður og var Tvíburagil í Búahömrum Esjunnar aðal svið nýrra leiða sem sjóðurinn styrkti.

### Ísklifur og fjallamennska

Eftirtaldar leiðir voru farnar í Tvíburagili þennan vetur:

#### Síamstvíburinn

Ivar Finnborgason, Haukur Elvar Hafsteinsson og Viðar Helgason, desember 2009.

Leiðin var upprunalega farin með hefðbundum tryggingum en var boltuð síðar um veturninn.

#### Ólympíská félagið

Andri Bjarnason og Freyr Ingí Björnsson, desember 2009.

Leiðin var upprunalega farin með hefðbundum tryggingum en var boltuð síðar um veturninn.

#### Helvítis fokkings fokk

Andri Bjarna og Sveinn Fr. Sveinsson, desember 2009.

Líkt og Ólympíská félagið var leiðin upprunalega farin með hefðbundum tryggingum en var boltuð síðar um veturninn.

#### Himinn og haf

Róbert Halldórsson, febrúar 2009.

#### Hagsmunagæslan

Andri Bjarna og Freyr Ingí.  
Afbrigði af Helvítis fokking fokk með því að fara beint upp þakið sem er í HFF.

#### Verkalýðsfélagið

Andri Bjarnason.

Ný leið bættist við í Eilífsdal og þótti nokkrum tiðindum sæta enda ár og dagur síðan nýtt kjöt var etið á þeim slóðum. Leiðin sem var farin 8. mars 2009 liggur upp glæsilegt, mjótt kerti í sluttini hægra megin við Bilið. Leiðin ber nafnið Ópið, WI6. Frumfarendur voru Róbert Halldórsson,

M7

M7

M4

M8

M5/6

M8

Sigurður Tómas og Guðjón Snær. Nánar er fjallað um leiðina í grein framar í blaðinu.

## VESTFIREDIR

### Ísklifur og fjallamennska

Ísklifurfestival Ísalp var haldið á Bíldudal i febrúar 2009. Góður fjöldi létt sig hafa það að keyra vestur á Bíldudal til að klifra ís og urðu menn alls ekki fyrir vonbrigðum. Nánar er fjallað um festivalið í grein framar í ritinu.

Eftirtaldar leiðir voru klifraðar á festivalinu 2009.

### -Hvestudalur austurhamrar

#### Fjandafæla

Sigurður Tómas og Róbert Halldórsson.

Rigor mortis, WI5+, 140m

Róbert og Sigurður.

WI5, 140m

### -Hvestudalur vesturhlíðar

#### Skepanan deyr

Eiríkur Gíslason, Björk Hauksdóttir.

Hrafnninn flýgur

Ragnar Heiðar Þrastarson, Örvar Dóri Rögnvaldsson.

WI4, 400m

### -Innrihvilt

#### Musculus

Daði Snær Skúlason, Águst Þór Gunnlaugsson.

Skotfélagið

Daði og Águst.

Ragnarök

Arnar Emilsson, Berglind Aðalsteinsdóttir og

Heiða Jónsdóttir.

Bergmálið

Guðmundur Freyr Jónsson, Arnar Jónsson

og Óðinn Árnason.

WI4+, 30m

WI3, 120m

200m, WI5

### -Svarthamrar utan við Bíldudal

#### Skotlínan

Daniel Guðmundsson, Ásbjörn Pétursson og Smári Stefánsson.

Pirraði fyllinn

Daníel og Smári.

12" mottó

Andri Bjarnason, Freyr Ingi Björnsson og Tryggi Þórðarson.

Vatnsberinn

Róbert, Sigurður Tómas, Viðar Helgason og Guðjón Snær Steindórsson.

Firring.

Sigurður Tómas og Róbert.

Bíldudals grænar baunir

Skarphéðinn Halldórsson og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson.

Kertasmíðjan

Björgvin Hilmarsson og Sveinn Friðrik Sveinsson.

Í Bíldudalsfjalli klifruðu Guðjón Snær Steindórsson og Viðar Helgason tvær leiðir.

Skolli,

Skuggabaldur,

WI4+, 35m

WI5, 30m

### -Við Grænuhlíð

Lítill hjortu

Águst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða.

Feelgood

Águst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða.

### -Sandvíkurhyrna

Ælan

Halldór Albertsson, Ásgeir Arnór Stefánsson og Sigurður Kristjánsson.

WI4, 200m



Bolabotnar í Berufirði. Frá vinstru eru leiðirnar Superbelly (WI5), Epinephrine (WI4), Endorphine (WI4+), Dopamine (WI4+), Atropine (WI4) og Fjögur spor (WI4)

**-Hringdalsnúpur, framanverður****Glyðran**

Guðmundur Freyr, Arnar Jóns, Óðinn og Davíð. Miðjuleiðin í gilinu.

**WI4, 40m**

Nánar er fjallað um festivalið í grein framar í ritinu.

**NORÐURLAND****Ísklifur og fjallamennska**

Töluvert var klifrað í Svarfaðardal og nágrenni um jólaleytíð 2008 þó lofthitinn væri ekki í réttu samræmi við árstímann.

Ein ný leið bættist við í Ólafsfjarðarmúla. Nefndist hún Hart í bak, WI4 og var klifruð af Sigurði Tómasi og Jökli Bergmann um jólín 2008.

Jökull, Sigurður og Freyr Ingi endurtóku Super-Dupont (WI5, 60m) í Stólnum í Skíðadal á gamlársdag 2008. Einnig klifruðu þeir nýja leið um 1-2km innar í Stólnum, hlaut hún nafnið Gamlársþártíð, WI4+/5-, 30m.

Freyr klifraði íshaftið í Ormapartí í Búrfellshyrnu ásamt Tryggva Þórðar í sumarhitum kringum áramótin og var það önnur uppferð upp þá línu. Sigurður Tómas og Róbert H fóru Ormapartí einnig um páskana 2009.

**Kaldakinn**

Þeir Sveinn Fr. Sveinsson, Skarphéðinn Halldórsson, Björgvin Hilmarsson og Haraldur Guðmundsson skelltu sér í hringerð í lok febrúar 2009 til að klifra ís fossa og kanna ný svæði. Ferðin hjá þeim félögum byrjaði í Kaldakinn við Skjálfsanda þar sem þeir klifruðu nokkrar leiðir. Eitthvað var veðrið og faraskjótinn að stríða köppunum en þeir náðu að klifra fjórar nýjar leiðir í klettunum næst Björgum.

Að Björgum, WI3, Halli og Sissi

Hlöðver, WI4+/5, Skabbi og Björggi. Leiðin er nefnd eftir Hlöðveri bónda á Björgum sem var einkar liðlegur meðan á dvölinni stóð.

Konný, WI4, Skabbi og Björggi. Leiðin er nefnd í höfuðið á konu Hlöðvers, Kornínu.

Heimasætan, WI3. Skabbi og Björggi.

sneru þeir því til baka með skottið á milli lappana. Því næst þræddu þeir félagar firðina til suðurs og komu við í Breiðdal þar sem þeir klifruðu tvær leiðir í Flögugili í afar slæmu veðri.

Nú var komið að Berufirði og þar fóru hlutirnir að gerast. Í Fjalllinu Dys klifruðu Skabbi og Björggi eina rosaleið sem fékk nafnið Adrenalin, stíf WI5, 45m.

Daginn eftir klifruðu þeir félagar í Bolabotnum. Þar klifurðu Sissi og Halli leiðina 4 spor, WI4 áður þeir leituðu sér aðhlynningar.

Skabbi og Björggi klifruðu 4 leiðir:

**Epinephrine,****WI 4****Endorphine,****WI 4+****Dopamine,****WI 4+****Atropine,****WI 4**

Að lokum endurtóku þeir leiðina Superbelly (WI5) sem Albert Leichtfried og Markus Bendler klifruðu árið 2007.

Ekki höfðu þeir Björggi og Skabbi fengið að klifra nóg því á laugardeginum reyndu þeir við hinn óklifna norð-austurvegg Búlandstinds (1.069m). Urðu þeir frá að hverfa í miðri hamingjunni vegna gríðarlegrar snjókomu. Líklega er þetta fyrsta tilraun klifrara við þessa stóru og mikilfenglegu fallshlíð.

**AUSTURLAND****Ísklifur og fjallamennska**

Úr Skjálfsandaflóa lá leiðin austur á firði þar sem þeir kumpánar enduðu á Eskifirði. Þar reyndu þeir við Hólmatind sem tók þeim heldur betur illa. Á meðan strákarnir gengu upp að leiðinni rann stórt snjóflóð niður leiðina sem þeir höfðu haft í huga og



Róbert Halldórsson berst við þrána (WI5+) í Þjórsárdal

© Sigurður Tómas Þórisson

## SA-LAND

### Ísklifur og fjallamennska

Stigárdalur hefur ekki fengið margar heimsóknir undanfarin ár. Páll Sveinsson og Guðjón Snær brugðu sér þó austur í febrúar 2009 og klifruðu þeir félagar Sléttubjargarfoss (WI5) í góðum aðstæðum.

## SUDURLAND

### Ísklifur og fjallamennska

Práin (WI5+) í Þjórsárdal fékk sína aðra uppáferð þann 16. desember 2008. Þar voru á ferðinni þeir Róbert og Sigurður Tómas. Þeir félagar gerðu sér reyndar lítið fyrir og klifruðu allar þrjár leiðirnar í hvelfingunni (Þrána, Botnýju [WI3] og Granna [WI4/5]) þann stutta tíma sem sólar naut við, samtals um 370m af klifri. Marianne van der Steen og Gunnar Magnús Ballzus klifruðu í Granna og Botnýju sama dag.

1. desember fóru Freyr Ingi, Ívar F og Viðar Helgason nýja leið, Giljagaur, WI4, 80m, í Merkurhlíð í einu af fyrstu klettabeltunum sem komið er að eftir að ekið er framhjá innsta bæ. Leiðin er auðséð frá veginum og tekur um 10 mín að ganga að henni. Leiðin byrjar í 25m formfögrum fossi. Eftir það tekur við þróngt gil með nokkrum höftum. Gilið breikkar þegar ofar dregur og leiðin endar undir stóru þaki. Það hanga kerti niður úr þakinu sem gætu orðið að 10 - 15 metra frístandandi kerti á góðum vetri en var langt frá því að vera í aðstæðum þennan daginn.

## SV-LAND

### Klettaklifur

Andri Bjarnason, Freyr Ingi Björnsson og Sveinn Friðrik Sveinsson (Sissi) smiðuðu nýja leið í Búahömrum og nefnist hún Svarti turninn, FF 6. júlí 2009. Kostaði leiðin 9 vinnuferðir við að kynda mikinn hreinsunareld sökum hins morkna bergs á svæðinu. Leiðin er prýðileg, boltuð frá upphafi til enda, er staðsett um 100m vestan við Rauða turninn og er um 100m að lengd, þar af rúmir 50m af bröttu klifri. 1. spönn: 5.7 - 30m; 2. spönn: 5.8 - 15m; 3. spönn: 5.3 - 50m (tengispönn, brekka með stuttu hafti); 4. spönn: 5.8 - 10m. Leiðin naut tölubarverðra vinsælda sumarið 2009. Grein um stykkið er að finna framar í þessu riti.

Skarphéðinn og Sigurður Tómas kláruðu að endurbolta Rauða turninn í júlí 2009. Voru tveir boltar endurnýjaðir í fyrri spönn auk þess sem sigakkeri var lagað. Í seinni spönn var öllu skipt út, fjórum boltum og sigakkeri uppi á toppi auk þess sem bolta var bætt við í langa slabbkaflann í lokin.

Kristó tosaðist upp Helgrímu (5.13b) í Búahömrum.

Í Jósepsdal hefur mikið verið klifrað af nýjum grjótglímuþrautum af ýmsum stærðum og gerðum. Jafet Bjarkar Björnsson hefur gefið út leiðarvísir fyrir svæðið en nú er klifrað á um 30 steinum í dalnum, samtals yfir 70 probbar. Leiðarvísirinn fæst í Klifurhúsinu.

Augu grjótglímukappa hafa einnig beinst að klettum í Sýrfelshrauni á Reykjanesi. Þar hafa verið klifraðar 25 leiðir og klettarnir eru í lægð þannig að þar reynist oft vera skjólsælt.

Glímt var við grjót á Geldinganesi utan við Grafarvog i Reykjavík.

## VESTURLAND

### Klettaklifur

Grjótglímukempurnar fóru í fjölmargar ferðir í Vaðalfjöll ofan Bjarkalundar í Þorskafirði og glímdu þar við slúttið fræga. Fjöldi probba af ýmsum kalíber leit dagsins ljós við þessar heimsóknir.

## NORÐURLAND

### Klettaklifur

Í júlí 2009 fóru Jökull Bergmann og Freyr Ingi leiðina Kerlingareld í fjallinu Kerlingu í Svarfaðardal. Betrumbættu þeir félagar þrjú sigakkeri og skelltu tveimur boltum í lykilspönnina sem var illtryggjanleg fyrir. Er þetta í 8. skiptið sem leiðin er klifruð sem verður að teljast gott miðað við lengd aðkomu. Sjá nánar leiðarvísi um leiðina framar í blaðinu.

Kristó skelitti sér norður og klifraði You can do it baby (5.13a) í Vatnsdal í júlí 2009.

Sigurður Tómas og Eiríkur Geir Ragnars boltuðu nýja leið að Munkaþverá í júlí 2009. Ber leiðin heitið Englaryk, 5.9 og er um 10m á lengd. Leiðin er staðsett lengst til vinstri í aðalveggnum, um 20m vestan við Talíu og co.

Leiðin Bláa ullin (5.9) í Munkanum var boltuð sumarið 2008 og bættist þar við prýðilega flóru boltádra leiða á staðnum Einnig voru nokkur akkeri endurnýjuð.



Kristján Þór Björnsson (Kristó) glímir við grjót í Öldubóli á Hnappavöllum. Valdi spottar

Sigurður Tómas Þórisson

## SUÐURLAND

### Klettaklifur

Pastirnar undir Eyjafjöllum fengu andlitslyftingu í júlí 2009. Hjalti Rafn, Stefán Steinar og Kristín Martha endurboltuðu gömlu boltaleiðirnar þar (Perestrojka, Geirvartan og Langiseli) og bættu við nokkrum nýjum línum. Samtals eru því núna 8 boltaðar leiðir, allt frá 5.6 upp í erfiðar 5.10.

Pastirnar eru klettur norðan megin við þjóðveginn í landi Hvamms undir Eyjafjöllum. Þar hefur verið klifrað frá því kringum 1989 og voru þar þrjár boltaðar leiðir sem Stebbi Steinar, Bjössi og Árni Gunnar gerðu 1990 og 1991. Leiðirnar voru Perestrojka, Geirvartan og Langiseli, allar 5.10. Boltunin var í anda þess tíma þegar þær voru gerðar. Þá var farið sparlega með bolta því þeir voru handboraðir og sumarhýran rétt dugði fyrir tíu-fimmtán augum og boltum. Því var oft á tíðum langt á milli bolta og þar sem var möguleiki að berja inn fleyg eða setja hnetu í skorning var það gert. Því voru bara þrír boltar í Geirvörtunni, 20m leið og fyrsti bolti í 8m hæð. Langi seli var lengi vel bara boltaður fyrstu 10m og lína með lykkjum fyrir tvista látin hanga úr akkerinu. Perestrojka þótti ansi rönni. Þangað til núna.

Núna eru komnar átta boltaðar leiðir í klettinn og von á fleirum. Bæði hafa upprunalegu þrjár boltuðu leiðirnar verið endurboltaðar með nútíma búnaði og góðum akkerum. Og nýjum hefur verið bætt við þar sem hafði áður verið tryggt með fleygum og dóti eða klifrað hafði verið í ofanvað.

Leiðirnar eru allt að 25m langar og í mjög skemmtilegu bergi. Það tekur um einn og hálfan tíma að komast í Pastirnar frá Reykjavík og því alveg hægt að bruna eftir vinnu. Klettarnir eru rétt austan við bæinn Hvamm (bæinn með bröttu grasbrekkunni og furutrjánum fyrir ofan bæjarhúsin). Beygt er inn afleggjarann að Hvammi og svo lagt á slóða sem liggar nær alveg að leiðunum.

Bóndinn á Hvammi hefur gefið klifurum góðfúslegt leyfi til þess að klifra í klettunum að því gefnu að umgengni verði góð.

## SA-LAND

### Klettaklifur

#### Hnappavellir

Í júní 2008 klifraði Valdimar Björnsson leiðina Ópus á (5.13d eða 8a). Björn Baldursson fór leiðina fyrstur 1996. Og var hún á tímabili erfðasta leið á Norðurlöndunum.

Kristó hefur verið iðinn við klifrið á Hnappavöllum en hann rauðpunktaði bæði



## PASTIRNAR

Leiðirnar eru frá vestri til austurs (sjá mynd):

- 1) Svarta leiðin 5.10 ca. 18m
  - 2) Perestrojka 5.10a ca. 18m
  - 3) Prins póló 5.10 ca. 20m Fyrstu tveir boltar sameiginlegir næstu leið til hægri.
  - 4) Geirvartan 5.10b ca. 25m
  - 5) Sóley 5.8 ca. 25m
  - 6) Gleym-mér-ei 5.6 ca. 20m
  - 7) Langi seli 5.10d ca. 25m
- Ein stök leið er í klettinum beint á móti stóra veggnum (ekki á mynd):  
Heyvagninn á horninu 5.6 ca 10m

Pastirnar undir Eyjafjöllum

© Sigurður Þómas Þórisson

Sláturnhúsið og Ópus sumarið 2008. Klifraði hann einnig Fantasíu (5.13a) og Zeus er ekki til (5.13b).

Í maí/júní 2008 fór Marianne van der Steen Leikið á als oddi, afbrigði (5.12b) fyrst kvenna. Einnig fór hún Limbó (5.12c) síðar um sumarið. Í júní fór Kjartan Jónsson Als oddinn afbrigði og er þar með yngstur til að fara 5.12 hérlandis, aðeins 14 ára.

Klettaklifurfestival var haldið 18.-20. júlí 2008 á Hnappavöllum. Takmarkið var að klifra allar boltaðar leiðir á svæðinu. Allar nema Ópus (5.13d) og Zeus er ekki til (5.13b) voru klifraðar þessa helgi.

Kjartan Jónsson klifraði Fantasíu á Hnappavöllum, 5.13a, í maí 2009. Einnig fór hann Draumaland, 5.13a í júlí 2009.

Hnappavallaramaðhon var aftur haldið 11.-12. júlí 2009. Þá var markmiðið að klifra í heilan sólarhring. Klifrarar skiptu sér í hópa og kepptu í þemaklifri. 1993 hópurinn vann en þau klifruðu allar leiðir sem settar voru upp sumarið 1993. 5.10 hópurinn stóð sig vel og ætluðu allir liðsmenn hans að klifra allar boltuðu 5.10urnar á Hnappó. Kristó tókst það einum liðsmanna og það á 14 tínum en það voru hvorki fleiri né færri en 27 leiðir. Geri aðrir betur.

Nokkrar nýjar leiðir bættust við á Hnappavöllum. Einnig voru að venju nokkrar leiðir endurboltaðar og toppakkerum skipt út. Nýjar leiðir á Völlunum eru eftirfarandi:

Vatnsból:

Staupasteinn, 5.12d. Valdimar Björnsson og

Kristján Pór Björnsson. Milli Gullkorns og Eilífðardansins. Leiðin var hálfboltuð af Stefáni Steinari en Valdimar og Kristján kláruðu verkið



**Salthöfðanef:**

**15 menn á dauðs manns kistu** 5.11b  
 Hjalti Rafn og Kristín Martha. Vinstra megin við Eg tvista til að gleyma.

**Jóhó og flösku af romm** 5.12b  
 Hjalti Rafn og Kristín Martha. Við hliðina á 15 mönnum.

**Salthöfði:**

**Með nefið fullt af mold og augun af skít** 5.10a, 15m  
 Hægra megin við Myrkrahöfðingjann.  
 Kristín Martha og Hjalti Rafn.

**Skjöl:**

**Þar sem tæpt er tæpast** 5.12d  
 Valdimar Björnsson. Leiðin var boltuð af Hjalta Rafni fyrir nokkrum árum.

**Gimluklettur:**

**Djásn** 5.13a  
 Björn Baldursson, sept 2009. Valdimar klifraði hana einnig í kjölfarið.

**Fenjaskrímslið** 5.12d/13a  
 Róbert, Águst Þór og Sigurður Tómas boltuðu leiðina árið 2007 en Valdimar klifraði leiðina fyrstur í september 2009.

Slys og óhöpp hafa sem betur fer verið fátíð í klifri síðstu ár. Í september 2008 varð þó óhapp í Munkaþverárgili. Var þar á ferð 6 manna hópur frá Íþróttabraut Háskóla Íslands ásamt kennara sínum, Smára Stefánssyni, sem er reyndur klifrari. Byrjaði hópurinn að klífrá í ofanvæði í leiðinni Taliú en svo var ætlunin að koma fyrir toppakkeri í dótaleiðinni Hornið. Smári byrjaði að klífra leiðina og setti inn tryggingar sem síðan hrukku út þegar hann ætlaði að setjast í tryggingu og útskýra fyrir nemendum. Féll hann niður um 7m og lenti á steini. Mildi þykir að hann hlaut aðeins slæma tognun á ökkla. Er þetta áminning um að athuga þarf vel innsetningu hefðbundinna trygginga eins og hneta og vina.

**KEPPNIR**

Klettaklifur

Hraðaklifurkeppni var haldin í 27 metra háum vegg við Höfðatorg í Reykjavík á menningarnótt 2009. Keppt var í útsláttarkeppni og unnu þau Jafet Bjarkar Björnsson í karlaflokk og Lóa Björk Björnsdóttir í kvennaflokk.

— ■ —

**Íslandsmót í grjótg límu 2007-2008****Strákar 16 ára og eldri:**

- sæti: Kristján Þór Björnsson
- sæti: Valdimar Björnsson
- sæti: Kjartan Björn Björnsson

**Stelpur 16 ára og eldri**

- sæti: Katrín Hrund Eyþórsdóttir
  - sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
  - sæti: Hrefna Halldórsdóttir
- Flest stig: Marianne Van Der Sten

**Strákar 13-15 ára og yngri**

- sæti: Kjartan Jónsson
- sæti: Andri Már Ómarsson
- sæti: Helgi Ólafsson

**Stelpur 12 ára og yngri**

- sæti: Edda Björk Ágústsdóttir
- sæti: Arna Rún

**Strákar 12 ára og yngri**

- sæti: Guðmundur Hafsteinsson
- sæti: Þór Jensson
- sæti: Smári Steinar Stefánsson

**Íslandsmót í grjótg límu 2008-2009****Strákar 16 ára og eldri:**

- sæti: Kristján Þór Björnsson
- sæti: Valdimar Björnsson
- sæti: Kjartan Björn Björnsson

**Stelpur 16 ára og eldri**

- sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
- sæti: Ásta Heiðrún Pétursdóttir
- sæti: Hrefna Halldórsdóttir

**Strákar 13-15 ára og yngri**

- sæti: Kjartan Jónsson
- sæti: Andri Már Ómarsson
- sæti: Níls A. Nowenstein

**Stelpur 13-15 ára**

- sæti: Edda Björk Ágústsdóttir
- sæti: Rakel Mareinstdóttir
- sæti: Lóa Björk Björnsdóttir

**Stelpur 12 ára og yngri**

- sæti: Hildur Hauksdóttir
- sæti: Helena Hrund Jónsdóttir
- sæti: Hildur Sveinsdóttir

**Strákar 12 ára og yngri**

- sæti: Hilmar Ómarsson
- sæti: Guðmundur Hafsteinsson
- sæti: Grétar Smári

# Ferðafélag Íslands

## FJÖLBREYTT STARFSEMI Í YFIR 80 ÁR

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag sem hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast og fræðast um landið. Áhugi á gönguferðum, fjallgöngum og útiveru hefur aldrei verið meiri og er mikið líf og fjör í starfseminni.

Ferðafélagið leggur sig fram við að mæta þörfum breiðs hóps með miklu úrvali ferða. Í ferðaflóru félagsins er að finna allt frá söguferðum um grösugar sveitir til erfiðra jöklaverða. Í ferðaáætlun félagsins geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Á 82 árum hefur Ferðafélagið efnt til meira en 8.500 ferða með yfir 200.000 þáttakendum.

Það eru allir velkommir í Ferðafélagið og njóta félagsmenn sérkjara, bæði í ferðum, skálum og í fjölda verslana. Auk þess fá allir félagsmenn árbókinna senda heim á hverju ári og er það hluti af árgjaldinu. Árbókin er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Auk árbókanna hefur Ferðafélag Íslands staðið að útgáfu handhægra fræðslu- og upplýsingarita um ferðamál, þjóðfræði og sögu landshluta.

Félagsstarfið hefur í gegnum tíðina einkennst af miklu sjálfboðastarfi. Félagar hafa unnið að byggingaframkvæmdum, farið vinnuferðir í skála eða í frágangsferðir, stikað og unnið að uppbyggingu gönguleiða, unnið við brúargerð og margt fleira. Í staðinn hafa þeir fengið friar ferðir, fæði og félagsskap.

Félagið hefur unnið markvisst að samgöngubótum, lagt akvegi og brúað ár. Það hefur haft samstarf við sveitarfélög um landgræðslu, náttúruvernd og uppbyggingu svæða eins og t.d. í Landmannalaugum, á Þórsmörk og Emstrum.

Sæluhús Ferðafélags Íslands og deilda félagsins úti um land eru þægilegir áningarástaðir á ferðalagi um óbyggðir Íslands. Þau eru á 37 stöðum víðsvegar um landið og getur allur almenningur nýtt þau óháð aðild að féluginu.






Nýliðar í Súlum taka norðlenska kaffipásu

Jón Heiðar Rúnarsson



Skíðamenn leggja á brattann í Hlíðarfjalli





# skara framúr



[www.fjallakofinn.is](http://www.fjallakofinn.is)

# FJALLAKO FINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfjörður • sími 510 9505

Biksvæði: Kaldrakingsland

Petta er Flateyri.

Hér jafnast ekkert á við  
illminn af nýmokuðum snjó.

Íslensk útgáfusíða: www.66north.is | Myndir: 2. til 11. |



Hofufðborgarsvæðið: Bankastræti 5  
Fráxanen 12, Kringlan, Smáralind og Milhárun 11

Akureyri: Glerártorg

Keflavík: Leifsstöð og söluauðilar um allt land

[www.66north.is](http://www.66north.is)



Klaðdu þig vel